KOKKURINN Í KARÍBAHAFINU

Völundur Snær Völundarson og Þóra Sigurðardóttir taka á móti stórstjörnum á Bahamaeyjum.



ALLA SUNNUDAGA
www.remax.is
RE/MAX
Fasteignablað

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. apríl 2007 — 101. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Idolstjarna í djörfum leik

Myndband hinnar bandarísku Oliviu Mojica vekur undrun og hneykslan. FÓLK 25

Grafískar íþróttastjörnur

Siggi Eggertsson opnar fyrstu einkasýningu sína í Barcelona. FÓLK 34

Stórsókn í kiljunum

Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi hjá JPV lætur reyna á vorútgáfuna. MENNING 22

KR-ingar í lykilstöðu

KR-ingar unnu í Njarðvík og geta tryggt sér Íslandsmeistaratitil karla í körfubolta með sigri í fjórða leiknum á heimavelli á mánudag. ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA SKÚRIR - Í dag verður yfirleitt suðvestlæg átt. Hæg í fyrstu en 10-15 m/s með suður- og austurströndinni síðdegis. Víða rigning eða skúrir en léttir þó smám saman til fyrir austan. Hiti 3-12 stig, mildast eystra. VEÐUR 4

FIMMFALDIR MEISTARAR Haukastúlkurnar Pálína Gunnlaugsdóttir og Helena Sverrisdóttir lyfta hér Íslandsbikurunum eftir 88-77 sigur á Keflavík í fjórða leik úrslitaeinvígis Iceland Express deildar kvenna í gær. Haukaliðið vann alla fimm titlana í vetur og Íslandsbikarinn annað árið í röð. Sjá síðu 26
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vinstri græn missa fylgi

Rúm 43 prósent segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en tæp 17 prósent Vinstri græn. Samfylking mælist aftur sem næststærsti flokkurinn og hefur nú stuðning 22,3 prósenta. Hvorugt nýrra framboða kæmi manni á þing.

SKOÐANAKÖNNUN „Þessar sveiflur milli okkar og Sjálfstæðisflokksins eru athyglisverðar," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, en samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins dalar fylgi Vinstri grænna nokkuð og mælist flokkurinn með 16,7 prósenta fylgi og fengi samkvæmt því ellefu þingmenn, sjö fleiri en í síðustu kosningum. „Það sýnir að þessir tveir flokkar togast mest á um fylgið í landinu, aðrir eru á svipuðum nótum í könnunum."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, er að vonum ánægð með niðurstöðuna, en 43,4 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá 29 þingmenn og bæta við sig sjö frá síðustu kosningum. „Við höfum fundið fyrir meðbyr undanfarnar vikur og vonandi helst hann því enn er langt til kosninga. Af tölunum að dæma er það tveggja flokka stjórn sem fólk vill," segir Þorgerður Katrín.

Samfylking mælist aftur sem næststærsti stjórnmálaflokkurinn í þessari könnun Fréttablaðsins og segjast nú 22,3 prósent myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því fengi flokkurinn fimmtán þingmenn kjörna, fimm færri en eftir síðustu kosningar. „Þessar kannanir sýna að leið okkar upp á við er hafin," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Ég hef alla tíð verið sannfærð um að það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær okkur takist að brjótast í gegnum glerþakið sem við erum undir. Það er að gera mikinn byr í seglin þótt við höfum hingað til verið í andstreymi."

8,6 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn og fengi flokkurinn samkvæmt því fimm þingmenn, sjö færri en eftir síðustu kosningar. „Það er tæpur mánuður í kosningar og við munum reyna að kynna allan þann árangur sem við höfum náð í okkar starfi og kynna þau verkefni sem við viljum vinna að. Við treystum á skynsemi kjósenda og erum hvergi bangin," segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra.

„Sígandi lukka er best," segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokkins, en fylgi flokksins mælist nú 5,8 prósent. Samkvæmt því fengi flokkurinn þrjá þingmenn kjörna, einum færri en í síðustu kosningum. „Samkvæmt skoðanakönnunum erum við að hækka jafnt og þétt. Við teljum raunsætt að við náum tíu prósenta fylgi í kosningunum í vor," segir Magnús Þór.

Hvorugt tveggja nýrra framboða kæmi manni á þing samkvæmt könnuninni. Íslandshreyfingin mælist nú með 2,3 prósenta fylgi. „Öll hin liðin eru hlaupin inn á völlinn en við erum að fara að kynna framboðslista okkar á næstu dögum," eru viðbrögð Ómars Ragnarssonar, formanns Íslandshreyfingarinnar.

0,8 prósent segjast myndu kjósa Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja og segir Arndís H. Björnsdóttir að fólk virðist ekki gera sér grein fyrir að það þarf að skipta um ríkisstjórn. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið því vel að orði að ef hann sé ekki kosinn þá fari allt til fjandans. Ég held að það sé alveg öfugt." - ss / sjá síðu 4

FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



Þurfa sárlega á fé að halda:

Vítisenglar með góðgerðaveislu

HOLLAND Amsterdam-deild bifhjólasamtakanna Hells Angels, eða Vítisengla, hélt í gærkvöldi góðgerðaveislu til þess að safna fé fyrir lögfræðikostnaði.

Samtökin eiga í málaferlum um allt Holland þar sem saksóknarar vilja banna mismunandi deildir þeirra. „Við þurfum ykkar hjálp," sagði á boðskortinu sem birtist á vefsíðu samtakanna. Þetta kom fram á fréttavef Reuters.

Í upphafi árs 2002 voru tuttugu danskir meðlimir samtakanna stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli og þeim meinuð landganga, af ótta við ofbeldisverk.

Vítisenglar eru meðal alræmdustu glæpasamtaka í Norður-Evrópu, og hafa meðlimir þeirra meðal annars verið dæmdir fyrir eiturlyfjasölu og ofbeldisglæpi.

- sþs

Umboðsmaður barna:

Góðir foreldrar réttur barna

BÖRN Auka þarf stuðning við foreldra sem ekki ráða við foreldrahlutverkið. Börn sem eiga foreldra sem ráða ekki við hlutverk sitt eru sá hópur sem verst verður úti í samfélaginu. Þetta segir Lena Nyberg, umboðsmaður barna í Svíþjóð.

LENA NYBERG

„Samfélagið bregst aðeins við ef foreldrarnir eru til staðar og berjast fyrir börnin sín. Ef foreldrarnir gera það ekki standa börnin oft ein og án stuðnings," segir hún.

Nyberg var hér á landinu í vikunni til að taka þátt í ráðstefnu í Norræna húsinu í tilefni af hundrað ára afmæli sænska barnabókahöfundarins Astridar Lindgren.

- ghs / - sþs / sjá síðu 14

Hjólhýsa-sýning um helgina

Hymer Nova S
Ellingsen
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

KVÓTAKERFIÐ ER FJANDSAMLEGT
jafnt fólkinu í landinu sem fiskinum í sjónum
www.xf.is
Frjálslyndi flokkurinn

12. - 15. APRÍL
VORÚTSALA
Í SMÁRALIND
OPIÐ Í DAG 13–18
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS



Sólveig, finnst þér ekki fullmikið rætt um pólitík á fjölskyldufundunum?

„Ég held að það sé ekki hægt að tala of mikið um pólitík því hún snertir allt í lífinu á einhvern hátt."

Fjölskylda Sólveigar Arnarsdóttur, leikkonu og frambjóðanda, stýrir landsfundunum um helgina. Sjálf er Sólveig fjölmiðlafulltrúi landsfundar Samfylkingarinnar. Móðir hennar, Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri, vinnur að leikstjórn fundarins. Þorleifur Örn Arnarsson, sonur Þórhildar vinnur á meðan að leikstjórn landsfundar Sjálfstæðisflokksins.

Karlmaður rak höfuðið í botn sundlaugar og hlaut alvarlega áverka:

Slasaðist alvarlega í Laugardalslaug

SLYS Karlmaður á þrítugsaldri slasaðist alvarlega á hálsi og höfði í Laugardalslaug á föstudagskvöld.

Talið er að maðurinn hafi rekið höfuðið í botn laugarinnar þegar hann var að stinga sér til sunds við grynnri enda laugarinnar.

Læknir á gjörgæsludeild Landspítalans segir manninn í öndunarvél og haldið sofandi. Meiðsl hans séu aðallega á hálsi. Ekki sé hægt að segja meira til um líðan hans að svo stöddu.

Svo virðist sem maðurinn hafi ekki áttað sig á því hve grunnt vatnið var þar sem hann stakk sér. Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar, segir svæðið merkt samkvæmt reglugerðum. Í tengslum við slysið verði þó kannað hvort enn sé hægt að bæta merkingar.

„Þetta er hörmulegt slys og alltaf áhöld um hve mikið þarf að merkja svæði," segir Logi. Hann segir starfsmenn sundlaugarinnar hafa brugðist rétt við slysinu og að sjúkraflutningamenn hafi haft snör handtök. - kdk

GRUNNI ENDI LAUGARINNAR Forstöðumaður Laugardalslaugar segir svæðið merkt samkvæmt reglugerðum. Í tengslum við slysið verði þó kannað hvort hægt sé að gera enn betur. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Þriggja daga rigning í Taílandi:

Á þriðja tug látnir eftir flóð

TAÍLAND, AP Í það minnsta tuttugu og einn lést og fjölmargra er saknað eftir að flæddi yfir Sairung og Prai fossana í suðurhluta Taílands í gær. Talið er að um tvö hundruð manns hafi verið við fossana þegar flóðið gekk yfir og margir á sundi í ánni.

Þriggja daga samfelld rigning á svæðinu kom flóðunum af stað, samkvæmt fulltrúa neyðarvarnamiðstöðvar Taílands. Óttast er að tala látinna muni hækka þegar fram líður.

Óvenju margir voru á svæðinu í gær þar sem Taílendingar fagna nýju ári með ferðalögum út á land. - sþs

Hagrætt á Flateyri:

Níu verkakonum sagt upp

ATVINNUMÁL Níu konum í fiskvinnslunni Kambi á Flateyri hefur verið sagt upp störfum. Það var gert síðustu mánaðamót. Ástæðuna segir Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, vera hagræðingu. Á fréttavefnum bb.is kemur fram að forsvarsmenn fyrirtækisins segi framboð á þorski lítið og útlitið ekki gott. Kambur hafi einnig selt bátinn Egil Halldórsson til Grindavíkur en hann var keyptur í haust ásamt 220 tonna þorskkvóta.

Uppsagnirnar komu ekki inn á borð verkalýðsfélagsins, þar sem ekki er um hópuppsagnir að ræða en mörkin miðast við tíu manns. - kdk

MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Bretar hafa verið mjög hrifnir af Kate og Vilhjálmi.

Brestir í breskum aðalsástum:

Vilhjálmur prins á lausu

BRETLAND Vilhjálmur erfðaprins Bretlands er hættur með Kate Middleton, kærustu sinni til margra ára. Breska blaðið The Sun segir að vinir Vilhjálms hafi staðfest sambandsslitin. Talsmaður konungsfjölskyldunnar segir að ekki verði rætt um einkamál prinsins við fjölmiðla.

Þeir sem breska blaðið Sun ræddi við segja ástæðurnar fyrir sambandsslitunum vera mikið álag og herskyldu Vilhjálms.

Vilhjálmur og Kate kynntust þegar þau voru við nám í St. Andrews-háskólanum í Skotlandi. Hann er 24 ára gamall en hún 25. - kdk

Glerbrotum rigndi yfir sofandi öryrkja

Rúður hafa ítrekað verið brotnar í íbúð Inga Þórs Sigurjónssonar sem býr við Nönnugötu. Hann kveðst ítrekað verða fyrir ofsóknum og hefur kært nágranna sinn fyrir líkamsárás. Lögreglan vilji ekkert aðhafast í málinu.

LÖGREGLUMÁL „Ég lá sofandi uppi í rúmi þegar stærðar grjóthnullungur kom inn um gluggann. Glerbrotunum rigndi yfir mig. Þetta var samt bara byrjunin á því sem koma skyldi," segir Ingi Þór Sigurjónsson, einstæður öryrki búsettur á Nönnugötu í Reykjavík, sem ítrekað hefur orðið fyrir ofsóknum.

Ingi segir þrjá menn hafa í þrígang komið að húsi sínu og brotið þar rúður og fyrsta atvikið hafi átt sér stað 16. febrúar. Þó að hann hafi náð að bera kennsl á einn mannanna, sem hann segir fastagest nágranna síns, segir hann lögregluna ekkert hafa aðhafst í málinu.

„Þetta hófst með því að ég bað nágranna minn að færa ýmislegt dót sem hann hafði skilið eftir í garðinum mínum yfir á sinn hluta," segir Ingi. Hann segir nágrannann hafa brugðist ókvæða við og lagt á sig hendur. Stuttu eftir að nágrannanum var birt ákæra vegna árásarinnar komu félagar hans og brutu rúður á heimili Inga. Hann segist ekki hætta á að setja nýjar rúður í húsið þar sem fullvíst sé að mennirnir brjóti þær niður strax og þær verði komnar upp.

„Garðurinn minn er samliggjandi þeim sem nágranni minn á. Mennirnir sem brutu rúðurnar eru mikið þar og lemja boxpúða sem þar hangir auk þess sem þeir reyna að gægjast inn hjá mér. Lögreglan virðist ekki ætla að gera neitt en einn vinur minn reyndi að tala við hana eftir að ég bað hann um hjálp. Þá var annar þeirra sannfærður um að ég skuldaði pening, en sagan var mjög óljós enda skulda ég þeim ekki neitt," segir Ingi, sem segir mennina þekkta fyrir handrukkanir.

GLERBROTUM RIGNDI INN Í SVEFNHERBERGI Búið er að negla fyrir alla glugga á framhlið hússins og krota á það skammaryrði sem notað er yfir þá sem leita til lögreglu.

ÓTTASLEGINN Ingi segir mennina hanga í garði nágranna síns, kýla boxpúða og gægjast á gluggana. Hann hefur nú neglt fyrir þá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eigandi hússins ber Inga vel söguna. Segir hann úrvalsleigjanda sem aldrei hafi verið til vandræða í þau ár sem hann hafi leigt íbúðina.

Auk rúðubrotanna hefur verið krotað á húsið „löggusquealer" sem á íslensku myndi útleggjast upplýstrari eða kjaftaskjóða.

„Ég bý einn með þremur köttum og er farið að líða illa yfir þessu, ég vildi óska að lögreglan færi að taka á á þessu máli," segir Ingi. Hann segir eina nágrannakonu sína tilbúna að vitna um hver hafi verið að verki við rúðubrotin. Fleiri hljóti þó að hafa orðið vitni að atburðunum þar sem mennirnir hafi tvívegis komið og brotið rúður um miðjan dag.

„Þetta mál er í rannsókn. Hlutirnir gerast ekki samdægurs," segir Óskar Sigurðsson lögregluþjónn, sem fer með rannsókn málsins. karen@frettabladid.is

HUNDALÍF Þessum hvutta líkaði vel athyglin á sýningunni í Reiðhöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hundasýning í Reiðhöllinni:

Smáhundum fjölgar töluvert

GÆLUDÝR Aldrei hafa verið fleiri tegundir skráðar á hundasýningu félagsmanna Íshunda en nú um helgina.

Fjöldi smáhunda, á borð við chihuahua- og fiðrildahunda, vakti mikla athygli en þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Sýningin hófst í gær í Reiðhöllinni og lýkur í dag.

Um það bil 130 hundar af tuttugu ólíkum tegundum voru skráðir til leiks og látnir keppa innbyrðis og fór mótið vel fram.

Er þetta í annað sinn sem sýningin er haldin í Reiðhöllinni og jafnframt sú tuttugusta í röðinni. - rve

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þremur konum bjargað úr á

Þrjár konur festu bíl sinn í Hengladalsá á föstudag. Lögreglan á Selfossi kom á staðinn og kallaði einnig út björgunarsveit úr Hveragerði því vöxtur var í ánni og töluvert vatn komið í bifreiðina. Engan sakaði en aðstæður við björgun voru erfiðar því þykk þoka og myrkur voru á svæðinu.

Hugsanlega tilhæfulaus ábyrgðaryfirlýsing upp á milljarða króna hjá Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna:

Framkvæmdastjórinn rekinn

FJÁRMÁL Viggó Þ. Þórissyni, framkvæmdastjóra Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna (VSP) hefur verið vikið úr starfi. Í ljós kom að mistök áttu sér stað í störfum hans og ákvað stjórn VSP að hann hætti þegar í stað störfum, að því er segir í fréttatilkynningu.

Málið hefur verið tilkynnt til saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, sem rannsakar málið.

Fram kom í fréttatíma Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi hjá Helga Magnúsi Gunnarssyni, saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, að rannsókn málsins væri á frumstigi og að Viggó hefði verið yfirheyrður í gærdag. Málið snerist meðal annars um hugsanlega tilhæfulausa ábyrgðaryfirlýsingu upp á nokkra milljarða króna.

Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður VSP, vildi ekki segja neitt um málið, en tók fram að málið skaðaði ekki viðskiptavini VSP á nokkurn hátt.

SPARISJÓÐIRNIR Framkvæmdastjóranum var vikið úr starfi er upp komst um mistök hans. Málið hefur verið tilkynnt til Ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna er í eigu allra sparisjóðanna nema Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, og tók til starfa í janúar 2005. Framkvæmdastjórinn hafði gegnt stöðu sinni í rúmlega tvö ár. Ekki náðist í Viggó vegna málsins þegar leitað var eftir því. - sþs

Árangur áfram - ekkert stopp

Erindi okkar við íslenska þjóð er brýnna nú en nokkru sinni fyrr. Við viljum árangur áfram – ekkert stopp. Við viljum stuðla að áframhaldandi vexti og stöðugleika í efnahagslífinu. Einungis þannig stuðlum við að blómlegra mannlífi. Einungis þannig bætum við kjör þeirra sem minna mega sín. Einungis þannig hlúum við að menntun barna okkar. Einungis þannig rennum við styrkari stoðum undir byggðir landsins

framsokn.is

B 2007

Framsókn

GENGIÐ 13.04.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,57	65,89
Sterlingspund	130,25	130,89
Evra	88,77	89,27
Dönsk króna	11,905	11,975
Norsk króna	10,94	11,004
Sænsk króna	9,562	9,618
Japanskt jen	0,554	0,5572
SDR	99,75	100,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,4336
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um skattamál boðar lægri álögur:

Vilja lækka skatta bæði á fólk og fyrirtæki

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn ætlar á næstu misserum að lækka skatta einstaklinga og fyrirtækja, fella niður almenna tolla og lækka enn frekar vörugjöld á innflutning. Flokkurinn ætlar einnig að fella niður stimpilgjöld, lækka álögur á bifreiðaeigendur og afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga. Þá á að halda áfram að einfalda skattkerfið og leggja af skatta og gjöld sem skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Þessi stefna er mörkuð í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um efnahags- og skattamál.

Í henni segir einnig að áfram eigi að leggja áherslu á að flytja verkefni úr höndum ríkis og sveitarfélaga til einkaaðila og draga úr ríkisútgjöldum. Um tolla á landbúnaðarvörum segir að vinna beri að lækkun þeirra í samræmi við alþjóðasamþykktir.

Í ályktun um landbúnað segir að Sjálfstæðisflokkurinn vilji skapa greininni skilyrði til að mæta minnkandi tollavernd og lægri framleiðslustyrkjum til samræmis við alþjóðasamninga, auk þess sem skýrt er kveðið á um að flokkurinn vilji stefna að því að almenn markaðslögmál gildi í landbúnaði.

Í ályktun um sjávarútvegsmál segir að mikilvægur áfangi hafi náðst þegar hvalveiðar í atvinnuskyni hófust á ný á síðasta ári enda sé mikilvægt að Íslendingar nýti hvali eins og aðrar auðlindir sjávar á ábyrgan hátt þótt veiðarnar séu umdeildar. - bþs

MÁLIN RÆDD Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Árni Sigfússon og Katrín Fjeldsted á landsfundi. Þau sátu saman í borgarstjórn í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LÖGREGLUHUNDAR Með nef fyrir lögbrjótum.

Með hass hjá lögreglunni:

Hundur kemur upp um gest á lögreglustöð

LÖGREGLUMÁL Ólánið elti rúmlega þrítugan mann sem þurfti að heimsækja embætti lögreglunnar á Suðurnesjum í gær.

Hann var farþegi í bíl sem stöðvaður var vegna grunsemda lögreglu um að ökumaður æki undir áhrifum. Farþeginn fékk að bíða eftir að vera sóttur af allsgáðum bílstjóra inn á lögreglustöð. Þá vildi þannig til að inn kom vaskur lögregluhundur sem hafði verið fenginn til að leita fíkniefna í grunsamlegum bíl. Hundurinn sýndi gestinum svo mikinn áhuga að mennskum laganna vörðum þótti rétt að leita á honum. Í ljós kom að maðurinn geymdi lítinn hassmola í öðrum sokknum. Málið telst upplýst. - kdk

SKAGAFJÖRÐUR

Vonbrigði með skýrslu

Byggðaráð Skagafjarðar segir úttekt stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra á starfsemi samtakanna sjálfra ekki standa undir væntingum. Vinna þurfi ítarlegri athugun og fá til hennar utanaðkomandi aðila.

Fylgi Sjálfstæðisflokks eykst

Sjálfstæðisflokkur fengi 29 þingmenn, væri gengið til kosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi Vinstri grænna dalar verulega frá síðustu könnun og er nú tæp sautján prósent. Hvorki Íslandshreyfingin né Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja fengju mann kjörinn.

SKOÐANAKÖNNUN Landsfundir Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar gætu haft nokkur áhrif á niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var í gær.

Samkvæmt henni eykur Sjálfstæðisflokkurinn fylgi sitt verulega og mælist nú með 43,4 prósent. Vikmörk reiknast 4,4 prósentustig og því er hægt að segja með 95 prósenta vissu að fylgi flokksins sé nú á bilinu 39,0 til 47,8 prósent. Ef þetta yrðu niðurstöður kosninga fengi flokkurinn 29 þingmenn kjörna. Mest eykst fylgið meðal kvenna og á höfuðborgarsvæðinu, um tíu prósentustig, en alls eykst fylgið um 7,3 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins þegar 36,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku sagðist myndu kjósa flokkinn.

Frjálslyndi flokkurinn eykur einnig fylgi sitt milli kannana og segjast nú 5,8 prósent myndu kjósa flokkinn. Fengi flokkurinn samkvæmt því þrjá þingmenn kjörna. Í síðustu könnun blaðsins sögðust 4,4 prósent myndu kjósa flokkinn. Mest eykst fylgi flokksins á landsbygginni, um 3,8 prósentustig. Vikmörk við fylgi Frjálslynda flokksins er 2,1 prósentustig og er fylgið þá á bilinu 3,7 til 7,9 prósent.

Þriðji flokkurinn sem eykur fylgi sitt á milli kannana er Samfylkingin, sem líkt og Sjálfstæðisflokkur heldur landsfund sinn nú um helgina. Áhrif landsfundar virðast þó minni á Samfylkingu en Sjálfstæðisflokk og eykst fylgi flokksins um rúm prósentustig á milli kannana. Nú segjast 22,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa Samfylkingu og fengi flokkurinn samkvæmt því fimmtán þingmenn kjörna. Í síðustu könnun blaðsins hafði hann 21,0 prósenta fylgi. Samkvæmt þessari könnun er Samfylking aftur orðin næststærsti flokkurinn. Mest eykst fylgið á landsbyggðinni, um 4,1 prósentustig. Vikmörk við fylgi Samfylkingar eru 3,7 prósentustig og fylgið því á bilinu 18,6 til 26,0 prósent.



Hvorugt tveggja nýrra framboða myndi ná manni á þing, ef skoðanakönnunin yrði niðurstaða kosninga. Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja mælast einungis með 0,8 prósenta fylgi með vikmörk upp á 0,8 prósentustig. Allt fylgið mælist á höfuðborgarsvæðinu.

Íslandshreyfingin er nú komin niður fyrir fimm prósenta markið og fengi því engan jöfnunarmann. 2,3 prósent segjast nú myndu kjósa hreyfinguna en í síðustu könnun blaðsins sögðust 5,0 prósent myndu kjósa hana Mest missir hreyfingin fylgi meðal karlmanna, 3,8 prósentustig. Vikmörk reiknast 1,3 prósentustig.

Fylgi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs dalar verulega frá síðustu könnun blaðsins en það fer úr 23,3 prósentum í 16,7 prósent. Fylgið dregst því saman um rúman fjórðung. Samkvæmt þessu fengi flokkurinn ellefu þingmenn kjörna, í stað sextán í síðustu könnun blaðsins. Mest minnkar fylgið meðal kvenna, um tíu prósentustig. Þá dregst fylgi flokksins saman um tæp átta prósentustig á landsbyggðinni. Vikmörk fylgis Vinstri grænna eru 3,3 prósentustig og er fylgið því á bilinu 13,4 til 20,0 prósent.

Fylgi Framsóknarflokksins dalar lítillega frá síðustu könnun. Nú segjast 8,6 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en í síðustu könnun blaðsins voru það 9,4 prósent. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá fimm þingmenn kjörna. Vikmörk reiknast 2,5 prósentustig, sem þýðir að fylgið er á bilinu 6,1 til 11,1 prósent.

Þingmeirihluti núverandi stjórnar heldur því, samkvæmt þessari könnun. Samanlagt hafa stjórnarflokkarnir 52,0 prósenta fylgi og fengju 34 þingmenn kjörna. Stjórnarandstöðuflokkarnir og ný framboð fengju 48,0 prósent atkvæða og 29 þingmenn

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 14. apríl og skiptust kjósendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? 59,9 prósent aðspurðra tóku afstöðu en 31,3 prósent voru óákveðin. 6,6 prósent svöruðu ekki spurningunni og 2,3 prósent sögðust ætla að skila auðu eða ekki ætla að kjósa. svanborg@frettabladid.is

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
Söngsmiðja VG
Syngjum saman í dag sunnudag kl: 15:00
Ingibjörg Guðmundsdóttir, Karl Olgeirsson,
Sólveig Hauksdóttir, Olga Guðrún Árnadóttir
og Þorvaldur Örn Árnason ásamt frambjóðendum
taka lagið.
Allir velkomnir

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

UMHLEYPINGAR

Kortin eru nokkuð blaut nú í morgunsárið en þó gæti um eða eftir hádegi farið að létta nokkuð til fyrir austan og jafnvel einnig austast á Suðausturlandi. Vindur verður yfirleitt suðvestlægur en þó verður norðaustanátt vestan til á Norðurlandi og á Vestfjörðum í fyrstu en snýst smám saman í vestrið. Á morgun hallar hann sér svo í norðrið með kólnandi veðri.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Suðvestan 5-8 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 4-6 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



10-18 m/s allra austast og norðaustast annars mun hægari.

» þriðjudagur



5-10 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C hálfskýjað	London	24°C heiðskírt	Alicante	18°C skúrir
Billund	19°C léttskýjað	París	26°C heiðskírt	Mallorca	17°C skúrir
Osló	17°C heiðskírt	Frankfurt	26°C heiðskírt	Basel	25°C heiðskírt
Stokkhólmur	18°C hálfskýjað	Friedrichshafen	26°C heiðskírt	Eindhoven	26°C heiðskírt
Gautaborg	15°C heiðskírt	Berlín	22°C hálfskýjað	Las Palmas	20°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

N1
VIÐ SAMEINUMST UNDIR NÝJU MERKI
ESSO og Bílanaust hafa sameinast í eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins undir nýju nafni, N1. Í nýja fyrirtækinu kemur saman gríðarleg þekking og reynsla í þjónustu við bíleigendur, einstaklinga og fyrirtæki. Við bjóðum fjölbreyttari lausnir undir einum hatti, viðskiptavinum okkar til hagræðis. Nafnið N1 vísar til þess að við stefnum sífellt lengra og setjum viðskiptavininn og þarfir hans ávallt í fyrsta sæti.
N1 – Meira í leiðinni
N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR N1 VERSLANIR
N1 BÍLAÞJÓNUSTA N1 FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
WWW.N1.IS
Fíton/SÍA

KJÖRKASSINN

Vilt þú flugvöll á Hólmsheiði?

Já	34%
Nei	66%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú mark á skoðanakönnunum? VÍSIR

Segir yfirvöld hafa sýnt sitt rétta andlit með því að beita mótmælendur valdi:

Kasparov handtekinn í mótmælum

RÚSSLAND, AP Garry Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák og einn leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Rússlandi, var handtekinn í Moskvu í gær.

Hann var meðal 170 manns sem voru handteknir fyrir að taka þátt í mótmælagöngu á Pushkin-torgi í Moskvu sem yfirvöld höfðu bannað. Mótmælunum var beint að forseta Rússlands, Vladimír Pútín. Kasparov var sleppt úr haldi síðdegis í gær, eftir að hafa verið sektaður um þúsund rúblur fyrir að trufla almannafrið með mótmælunum. Upphæðin jafngildir um 2.500 krónum.

„Rússnesk yfirvöld hafa sýnt sitt rétta andlit," sagði hann á blaðamannafundi fyrir utan dómshús í Moskvu eftir að honum hafði verið sleppt. Hann sagði atburði dagsins hafa sýnt berlega hnignun ríkisstjórnar Pútíns.

Mótmælagangan jók spennu á milli þeirra sem vilja að rússneska ríkisstjórnin hætti að beita aðgerðum gegn pólitískum mótmælendum, og yfirvalda sem segjast munu koma í veg fyrir óleyfilegar samkomur.

Svipuð mótmælaganga, sem á að halda á morgun, hefur einnig verið bönnuð. - sþs

HANDTEKINN Kasparov er meðlimur í samtökunum „Hitt Rússland", regnhlífarsamtökum þeirra sem eru á móti rússneska forsetanum Vladimír Pútín.

Japanska stjórnarskráin:

Áfanga náð að uppfærslu

JAPAN, AP Neðri deild japanska þingsins samþykkti á föstudag reglur um breytingar á stjórnarskránni. Samþykktin er mikilvægur áfangi að því að Shinzo Abe forsætisráðherra verði að þeirri ósk sinni að fá japanska hernum aukið athafnasvigrúm, en það er mjög takmarkað samkvæmt hinni friðarsinnuðu stjórnarskrá sem Bandaríkjamenn stýrðu gerðinni á eftir seinni heimsstyrjöld.

Frumvarpið komst auðveldlega í gegnum atkvæðagreiðslu í neðri deildinni og það var sent áfram til efri deildarinnar. Stjórnarskráin hefur aldrei verið uppfærð frá því hún var sett árið 1947. - aa

Tökum kúrsinn

Hvað erum við að gera og hvað þurfum við að gera?

Ráðstefna um málefni innflytjenda

Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar og skrifstofa borgarstjórans í Reykjavík boða til ráðstefnu **mánudaginn 16. apríl 2007** um málefni innflytjenda í Reykjavík.

Ráðstefnan verður haldin í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og hefst kl. 13:30 og lýkur um kl. 16:00.**
Fundarstjóri er Þórhildur Líndal, mannréttindaráðgjafi Reykjavíkurborgar.

Dagskrá

Óheimilt er að mismuna vegna uppruna. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kynnt í stuttu máli
Marsibil J. Sæmundardóttir, formaður mannréttindanefndar

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi m.t.t. hlutverks sveitarfélaga
Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra

Til þess eru vítin að varast þau
Berglind Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins

Móðurhlutverk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Menntun, aðlögun og dýrmætur mannauður
Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla

Kaffihlé

Alþjóðahúsið, þjónustuhlutverk þess
Hákon Gunnarsson, stjórnarformaður Alþjóðahúss

Hvað brennur á innflytjendum?
Barbara Kristvinsson, ráðgjafi
Julio Julius E. Soares Goto, vélstjóri
Lizel Renegado Christensen, kennari
Lísa Hai Yen Ingadóttir, nemandi
Quan Dao Dong, nemandi

Lokaorð og slit ráðstefnunnar
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri

Léttar veitingar í boði borgarstjóra

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis

Á LANDSFUNDI Ingibjörg Sólrún segir mikilvæg mannréttindi að hafa leyfi til þess að segja frá launum sínum. Með því að meina fólki það sé verið að brjóta á því.

Launaleynd afnumin í þágu jafnréttis

Samfylkingin vill að launaleynd verði afnumin. Forstjóri Glitnis sagði það geta stuðlað að jafnrétti, á landsfundi Samfylkingarinnar sem lauk í gær. Þjóðarsátt um nýtt jafnvægi í efnahagsmálum, segir í stjórnmálaályktun flokksins.

STJÓRNMÁL Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, sem var meðal þátttakenda í umræðu um jafnréttismál á landsfundi Samfylkingarinnar í Egilshöll í gær, sagði það afdráttarlausa skoðun sína að afnema bæri launaleynd. Það gæti stuðlað að jafnrétti og leitt til jákvæðra breytinga í launaumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

Í stjórnmálaályktun landsfundarins lýsti flokkurinn yfir skýrum pólitískum vilja til að útrýma launamun kynjanna, afnema launaleynd, koma á fullu jafnrétti milli karla og kvenna og gera Ísland að fyrirmyndarsamfélagi á sviði jafnréttismála.

„Það skiptir verulegu máli að fólk hafi leyfi til þess að segja frá launum sínum," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Með því að meina fólki það er verið að brjóta á því. Þetta er mannréttindamál."

Hún segir sérstaklega mikilvægt fyrir konur að hafa þennan samanburð svo þær geti vitað hvað karlmenn sem starfa við hlið þeirra séu með í laun. „Það er vitað mál að konur eru almennt lægra launaðar en karlar."

Í stjórnmálaályktuninni segir einnig að Samfylkingin vilji þjóðarsátt um nýtt jafnvægi í efnahagsmálum og ný vinnubrögð til að tryggja samstillingu efnahagsaðgerða.

Málefni Reykjavíkurflugvallar voru rædd á landsfundinum. Allsherjarnefnd Samfylkingarinnar samþykkti tillögu um að drög að ályktunum um flutning flugvallarins verði vísað til samgöngunefndar flokksins til umræðu síðar á árinu.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, lagði til að umræðum um flutning framhaldsskóla til sveitarfélaga yrði frestað. Hún sagðist ekki telja flokkinn tilbúinn í alvarlegar umræður um málið og að hann ætti að gefa sér næstu fjögur ár í að ræða það betur. Málið var ekki hluti af stjórnmálaályktun flokksins.

Ársreikningar flokksins voru einnig samþykktir með rúmlega 63 milljóna króna afgangi. Rúmlega 1.400 manns voru skráðir til þátttöku á fundinum, sem lauk seinnipartinn í gær. salvar@frettabladid.is

Sjómennirnir fjórir sem gista við Grandabryggju í Reykjavíkurhöfn:

Fá greitt að fullu og flug heim

VINNUMARKAÐUR Gert verður upp á mánudaginn við pólsku sjómennina sem búa í Bjarma BA-326. Níels Ársælsson útgerðarmaður segir að aldrei hafi staðið til að svíkja mennina um greiðslu.

Níels ætlar að funda með Hólmgeiri Jónssyni, framkvæmdastjóra Sjómannasambandsins, á mánudaginn og sýna honum kvittanir, uppgjör og skattkort, sem sýni fram á að mennirnir hafi verið ráðnir samkvæmt íslenskum kjarasamningum. „Síðan verður gengið frá því skriflega hvað stendur eftir, hvað vantar upp á," segir Níels. Honum beri enda skylda til að greiða fulla kauptryggingu fyrir biðtímann. Sjómönnunum verði að auki boðið að fljúga heim og aftur hingað þegar útgerðin fái kvóta.

Laun mannanna verða því ekki greidd eftir þeim grunnlaunum sem sagt var frá í Fréttablaðinu þann 13. apríl. „Það er ekki rétt að þeir hafi verið ráðnir upp á 35.000 krónur á viku. Þeim er borgað eftir samningi sem er í gildi milli LÍÚ og Sjómannasambands Íslands," segir Níels.

„Það verður gert mjög vel við þessa menn. Það stóð aldrei til að svíkja þá og ég hef ekki svikið þessa menn, heldur voru það íslensk stjórnvöld sem sviku þá og mig. Okkur var ekki gert kleift að róa," segir Níels og vísar til þess að hann fái hvergi aðkeyptan kvóta. - kóþ

SJÓMENNIRNIR Á BJARMA Mega eiga von á að fá greitt að fullu og flugfar heim, en þeir komu hingað hinn 12. janúar. Síðan hafa þeir beðið í bátnum eftir að siglt verði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

www.toyota.is

Frumsýning

Ný tegund af bíl: þögull og ákveðinn

Þú átt eftir að hrífast með, á frumsýningu á Auris.
Opið í dag, frá kl. 13 - 16.
Boðið verður upp á léttar veitingar.

Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

TODAY **TOMORROW** TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

skoðun

greinar@frettabladid.is

Frakkar ganga að kjörborðinu eftir rétta viku.

Tvísýnar tíma-mótakosningar

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Engar forsetakosningar sem fram hafa farið í Frakklandi á síðustu áratugum hafa verið eins tvísýnar og þær sem nú fara í hönd. Samkvæmt viðhorfskönnunum eru viku fyrir fyrri umferð kosninganna tveir af hverjum fimm kjósendum óákveðnir og mjótt á munum milli þriggja efstu frambjóðenda, auk þess sem sá fjórði fær örugglega væna sneið af kökunni líka.

En hitt er víst, að sama hver frambjóðendanna verður ofan á þá mun kosning hans valda nokkrum straumhvörfum í frönskum stjórnmálum.

Stór verkefni bíða nýs forseta Frakklands eftir að tólf ára forsetatíð Jacques Chirac lýkur, en hann er á sjötugasta og fimmta aldursári og ákvað að bjóða sig ekki fram einu sinni enn.

Hver og einn frambjóðendanna þriggja sem efstir eru í skoðanakönnunum myndi innleiða mikla stefnubreytingu sem arftaki Chiracs. Mismikla þó. Þótt undarlegt kunni að virðast, þá bendir margt til þess að sá frambjóðandi sem bezt væri trúandi til að innleiða áþreifanlegar breytingar sé flokksbróðir Chiracs, fyrrverandi innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy.

Sarkozy, sem er sonur ungverskra innflytjenda og þannig allt annað en dæmigerður fulltrúi franskrar stjórnmálaelítu, hefur boðað að hann hyggist reyna það sem hann geti til að vekja landið upp af þeim væra svefni sem halda má fram að það sofi í efnahagslegu tilliti.

Ekki veitir af. Hagvöxtur er með allra minnsta móti í þessu næststærsta þjóðhagkerfi evrusvæðisins. Umsvif ríkisins soga til sín helming þjóðarframleiðslunnar. Atvinnuleysi hefur í yfir tuttugu ár haldist yfir átta prósentum; skuldir ríkissjóðs hafa fimmfaldast frá því árið 1980 til að fjármagna velferðarkerfi sem æ fleiri treysta á sér til framfærslu. Innflutningur eykst stöðugt og nærir hraðvaxandi viðskiptahalla. Fyrir aldarfjórðungi var Frakkland með sjöundu hæstu þjóðartekjur á mann, en hefur nú færzt niður í sautjánda sæti.

Sarkozy er að sjálfsögðu ekki einn frambjóðenda um að boða aðgerðir til umbóta. Royal hefur meðal annars borið lof á efnahagsstefnu Tonys Blair í Bretlandi og gagnrýnt 35 daga vinnuvikuna, sem flokkssystkin hennar komu á þegar þau voru í aðstöðu til. En að öðru leyti virðist efnahagsstefna hennar óljós og að mestu í takt við gamalkunna ríkisafskiptahugmyndafræði franskra vinstrimanna.

Miðjuframbjóðandinn Francois Bayrou, sem á tímabili virtist ætla að taka fram úr Royal í fylgiskapphlaupinu, hefur boðað að hann muni leggja ofuráherzlu á að lækka opinberar skuldir og hann hyggist fá í lið með sér hæfustu mennina frá hægri og vinstri. En fátt bendir til að hann hafi hug á að hagga við ríkisafskiptum eða rausnarlegu landbúnaðarstyrkjakerfinu.

Enginn frambjóðendanna virðist líklegur til að taka með sambærilegum hætti til hendinni í þágu markaðsvæðingar hins rígbundna efnahagskerfis og vinnumarkaðar Frakklands eins og Margaret Thatcher gerði á sínum tíma í Bretlandi. Þótt þeir jafnvel viðurkenni að án slíkra umbóta stefni allt í að Frakkland dragist enn lengra aftur úr hvað varðar samkeppnishæfni atvinnulífsins og efnahagslega velferð yfirleitt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hættur en ekki farinn

Þótt Kjartan Gunnarsson sé hættur sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins hefur hann á landsfundi spígsporað brosmildur um Laugardalshöllina líkt og kóngur í ríki sínu. Kjartan sækist eftir sæti í miðstjórn flokksins og það gera líka 24 aðrir. Þannig vill Kjartan áfram hafa áhrif á gang mála í flokknum sínum. Kosið er um ellefu sæti í 29 manna miðstjórninni og fer kjörið fram fyrir hádegi í dag. Í hópi frambjóðenda eru líka Elínbjörg Magnúsdóttir fiskverkakona, Jóhanna Hlín Ragnarsdóttir hárgreiðslumeistari og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Fundir á fundi ofan

Landsfundir Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins eru ekki einu stórfundirnir sem haldnir eru nú um helgina. Bændur funda beggja vegna Langjökuls; sauðfjárbændur í Bændahöllinni og kúabændur á KEA. Bændur með blönduð bú hafa því væntanlega staðið frammi fyrir erfiðu vali, hvað þá þeir bændur sem einnig eru í öðrum hvorum stjórnmálaflokknum sem fundar í Reykjavík!

Innlegg

Samfylkingarfólk sumt kann Jóni Baldvini Hannibalssyni, fyrrverandi formanni Alþýðuflokksins, litlar þakkir fyrir greinina sem hann skrifaði í Moggann í gær en í henni dregur hann ályktanir í þá átt að sameining vinstrimanna [Samfylkingin] hafi mistekist. Sama samfylkingarfólk er líka heldur gramt í garð ritstjórnar Moggans sem bjó til frétt úr grein Jóns og skellti á forsíðuna, undir frétt af setningarræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. En eins og þetta fór í taugarnar á samfylkingarfólkinu í Egilshöll kætti þetta sjálfstæðismennina í Laugardalshöll.

bjorn@frettabladid.is

Bættur hagur aldraðra

ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | Velferðarmál

Landsfundir stjórnmálaflokka eru að vissu leyti eins og útvíkkuð héraðsmót. Þangað streyma hundruð og aftur hundruð karla og kvenna alls staðar af landinu til að þinga um stjórnmál, bera saman bækur sínar, skeggræða og spá í spilin. Mér hefur alltaf þótt það ákveðið heilbrigðismerki á þjóðfélaginu hversu margir það eru sem taka virkan þátt í störfum stjórnmálaflokka. Hjá okkur í Sjálfstæðisflokknum eru til að mynda nokkrir tugir þúsunda skráðir flokksmenn og á landsfundinn mæta hátt á annað þúsund manns. Undanfarna mánuði hafa málefnanefndir verið að störfum og á fundinum er þekking og reynsla þessa stóra hóps fundarmanna virkjuð til að móta stefnu Sjálfstæðisflokksins. Ég leyfi mér að fullyrða að árangur Sjálfstæðisflokksins á umliðnum áratugum er ekki síst að þakka þeim lýðræðislegu vinnubrögðum sem beitt er á landsfundi, sá fjölbreytti hópur sem þar kemur að málum tryggir að stefna Sjálfstæðisflokksins er í takti við skoðanir fólksins í landinu.

Það getur nefnilega verið hættulegt að setja of mikið vald í stefnumótun í hendur þröngs hóps. Það hefur Samfylkingin fengið að reyna að undanförnu. Fram að landsfundi sínum hefur þingflokkur Samfylkingarinnar kynnt hvern málefnapakkann á fætur öðrum, fagra Ísland, unga Ísland o.s.frv. Svo sértæk hefur þessi stefnumótun verið að einstakir þingmenn hafa vart talið sig bundna henni, sveitarstjórnarmenn Samfylkingarinnar hafa ýmsir talið sér stefnuna óviðkomandi og óbreyttir flokksmenn hafa lítt verið spurðir. Enda vekur það athygli að landsfundur Samfylkingarinnar tekur bara tvo daga og fyrri dagurinn er að mestu helgaður formanni flokksins og ræðu hennar og síðan pakkað saman daginn eftir; ekki er skilinn eftir mikill tími fyrir flokksmenn til að rökræða um pólitík og stefnu.

Eftir þessa landsfundarhelgi finnst mér standa uppúr þær tillögur sem Geir Haarde lagði fyrir landsfundinn okkar sjálfstæðismanna um málefni eldri borgara. Á undanförnum misserum hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að bæta hag eldri borgara. Er þar skemmst að minnast að í desember síðastliðnum var veruleg hækkun á greiðslum úr almannatryggingum og dregið var úr tekjuskerðingum, bæði vegna eigin tekna og vegna tekna maka. Afnám eignarskatts hefur komið öldruðum mjög vel; það voru rúmlega 15 þúsund eldri borgarar sem þurftu að borga þennan vonda skatt sem fyrst var settur á þjóðina fyrir tæplega þúsund árum. Og rétt er að minnast á það að fyrir liggur áætlun ríkisstjórnarinnar um að 374 hjúkrunarými verði byggð á næstu fjórum árum, meira en helmingur þeirra hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar með verður biðlistum eftir hjúkrunarrými útrýmt. Það eru því ófugmæli að halda því fram að ekkert hafi verið gert í málefnum aldraða á kjörtímabilinu. En betur má ef duga skal.

Íslensku lífeyrissjóðirnir eru vissulega mjög öflugir og eftir rúman áratug eða svo munu þeir geta greitt eldri borgurum myndarlegan lífeyri. En nú er hópur ellilífeyrisþega sem á lítinn sem engan lífeyrissjóð og sá hópur býr við kröpp kjör. Öflugir lífeyrissjóðir framtíðarinnar hjálpa því fólki ekki nema kannski að hluta. Fyrir þann hóp er tillaga Geirs Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að ríkið tryggi lágmarks lífeyrissjóðsgreiðslu til allra þeirra sem eiga lítinn eða jafnvel engan lífeyrissjóð gríðarlega mikilvæg. Með þessari tillögu er stigið stórt skref til að hjálpa þeim sem minnst hafa í hópi eldri borgara og það er sannarlega mikilvægasta verkefnið í þessum málaflokki.

Geir lagði einnig til í ræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að þeir sem orðnir eru sjötugir og vilja og geta haldið áfram að vinna þurfi ekki að sæta skerðingum á lífeyri sínum frá Tryggingastofnun. Þetta er mikið réttlætismál fyrir stóran hóp af eldri borgurum; það má auðveldlega halda því fram að fólk sem greitt hefur skatta og gjöld af vinnuframlagi sínu fram til sjötugs hafi sannarlega goldið keisaranum það sem keisarans er og eigi ekki að þurfa að sæta skerðingum vegna þess að það getur haldið áfram að vinna. Þessi breyting hefur ekki bara jákvæð áhrif á hag aldraðra, hún er ekki síður hagstæð fyrir samfélagið allt. Okkur sem yngri erum veitir ekki af því að fá að nýta betur reynslu, þekkingu og krafta þeirra sem eldri eru.

Það er metnaðarmál fyrir samfélagið okkar að búa sem best í haginn fyrir aldraða. Sú vinna á að vera hafin yfir pólitíska flokkadrætti og dægurþras. En til að geta sinnt öldruðum vel þá verður efnahagslífið að vera kröftugt og aflmikið.

Allt kostar þetta mikla fjármuni, öll velferðarþjónustan er dýr og peningarnir verða ekki til, nema vel gangi í viðskiptalífinu. Undan því grundvallarlögmáli verður ekki vikist.

Að tyfta eigin frambjóðendur

UMRÆÐAN
Stjórnmál

EINAR K. GUÐFINNSSON

Lífið er svo margbreytilegt, af því það kemur manni sífellt á óvart. Sumt er fyrirsjáanlegt í lífinu, en stöðugt koma upp ný tilvik og það eykur fjölbreytnina.

Þetta hefur gerst núna, þegar Samfylkingin birti áherslur í efnahagsmálum, með mikilli kynningu þar sem einn reyndasti hagfræðingur okkar og efnahagsráðgjafi ótölulegra ríkisstjórna kynnti áherslur í nýju riti Samfylkingarinnar um stöðu og horfur í efnahagsmálum. Leiðarstefið er „aukið almennt aðhald í efnahagsstjórninni“.

Þetta er skýrt og þýðir í raun minni útgjöld, nema vitaskuld að ætlunin sé að hækka skatta, sem aldrei hefur þó komið fram í beinum tillögum flokksins. Raunar er sérstaklega tekið fram í umfjöllun um tillögurnar, að skattar eigi ekki að hækka. Það er því ljóst að krafan um aukið aðhald felur í sér fyrirheit um lægri útgjöld. Þetta er áhugavert.

Það sem er svo athyglisvert við þessa stefnumótun, sem flokkurinn kynnir undir merkjum sínum, er sú staðreynd að hún er algjörlega á skjön við málflutning frambjóðenda flokksins þessi dægrin. Við sjáum til dæmis í Norðvesturkjördæmi breiðsíður og opnuviðtöl við frambjóðendur þar sem þeir lofa öllu fögru í stórum málaflokkum. Það er greinilegt að hugmyndirnar um aukið almennt efnahagsaðhald hafa ekki borist þeim til eyrna. Milljarðaloforð í samgöngumálum eru borin fram með álíka áreynslu og þegar vatn er drukkið.

Félagar þeirra í öðrum landsbyggðarkjördæmum virðast litlir eftirbátar að þessu leyti, samkvæmt frásögnum fjölmiðla og blaðagreinum.

Á fundum eru kynntar áherslur í fjárfrekum málaflokkum þar sem án hiks er lagt til að stórauka útgjöld ríkisins, svo nemur milljörðum og milljarðatugum.

Í eldhúsdagsumræðunni við þinglok mætti þingmaður flokksins til leiks með langan, digran og rándýran loforðalista. Sjálfur varaformaður flokksins eru svo heppinn að á sömu dagblaðsopnu og greint er frá hinni nýju aðhaldsstefnu flokksins í efnahagsmálum, kynnir hann milljarða loforðalista í átta tölusettum liðum, sem er augljóslega gjörsamlega á skjön við hina nýju efnahagsstefnu flokksins.

Hér hefur það því gerst, sem er mikið nýmæli í stjórnmálum, að flokkur hefur sett fram stefnu, sem augljóslega er ætlað að tyfta málflutning frambjóðendanna.

Höfundur er sjávarútvegsráðherra.

120 1886 2006

LANDSBANKAHLAUPIÐ

5. MAÍ
um allt land

Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans endurvekjum við hið sögufræga Landsbankahlaup.
Hlaupið fer fram 5. maí og hefst á sama tíma um allt land, kl. 11.00.

Landsbankahlaupið er fyrir alla hressa krakka á aldrinum 10-13 ára, fædda 1994, 1995, 1996, 1997.

SKRÁNING HEFST MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL

Skráning fer fram í öllum útibúum Landsbankans og á Klassi.is
Þátttakendur þurfa að staðfesta skráningu með því að sækja rásnúmer sín í útibú Landsbankans, líka þeir sem skrá sig á netinu.

Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellinum í Reykjavík.

Á landsbyggðinni verður hlaupið við útibú Landsbankans á eftirfarandi stöðum:

1. Akranes
2. Ólafsvík (fyrir Ólafsvík og Hellissand)
3. Grundarfjörður
4. Ísafjörður
5. Skagaströnd
6. Sauðárkrókur
7. Akureyri
8. Húsavík
9. Vopnafjörður
10. Egilsstaðir (fyrir Egilsstaði og Borgarfjörð eystri)
11. Seyðisfjörður
12. Neskaupstaður
13. Reyðarfjörður (fyrir Reyðarfjörð og Eskifjörð)
14. Fáskrúðsfjörður (fyrir Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð)
15. Hornafjörður
16. Hvolsvöllur
17. Selfoss
18. Reykholt
19. Þorlákshöfn
20. Grindavík
21. Keflavík

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna
- **Allir þátttakendur fá verðlaunapening**
- **Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa**
- **Grillveisla að loknu hlaupi**

Taktu þátt!

Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Íslenska LBI 36862 04.2007 Myndskreytingar: Þórdís Claessen

FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR, FYRRVERANDI FORSETI LÝÐVELDISINS, ER 77 ÁRA Í DAG.

„Ég finn til með þeim sem finnst þeir þurfa að drepa tímann. Tíminn líður hratt þegar maður hefur nóg fyrir stafni og heldur huganum opnum.“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. APRÍL 1998

Pol Pot deyr í stofufangelsi

Á þessum degi árið 1998 lést kambódíski harðstjórinn Pol Pot, réttu nafni Saloth Sar, 73 ára að aldri. Pot stofnaði hin alræmdu skæruliðasamtök Rauðu Khmerana í frumskógum Kambódíu á sjöunda áratugnum. Takmark þeirra var að útrýma öllum vestrænum áhrifum í Kambódíu og setja á útópískt samfélag sem lifði eingöngu af akuryrkju.

Árið 1970 voru Khmerarnir þegar búnir að sölsa undir sig þriðjung lands í Kambódíu með aðstoð Norður-Víetnama og fimm árum seinna hertóku þeir höfuðborgina, Pnom Penh, steyptu stjórninni og stofnuðu Alþýðulýðveldið Kampútseu. Pol Pot beið ekki boðanna og hóf strax að rýma borgir, loka verksmiðjum og skólum og afnema einkaeign. Menntað fólk var tekið af lífi; oft var það dauðasök að ganga með gleraugu því það benti til að viðkomandi væri læs.

Nauðugu viljugu var fólki smalað úr borgunum í samyrkjubú í sveitum og frumskógum landsins. Talið er að tvær milljónir manna hafi verið teknar af lífi eða dáið í vinnubúðum eða úr hungri á árunum 1975 til 1978. Khmerarnir höfðu átt í skærum við Víetnama á landamærunum og árið 1979 réðust Víetnamar inn í Kambódíu og hertóku höfuðborgina. Pol Pot og lið hans hrökklaðist aftur í frumskóginn en hélt skæruhernaði áfram næstu árin. Pol Pot var leiðtogi hreyfingarinnar þar til samherjar hans snerust gegn honum árið 1997, boluðu honum úr embætti og dæmdu í ævilangt stofufangelsi. Margir vonuðust til að Pot yrði framseldur svo hægt yrði að dæma hann fyrir glæpi gegn mannkyni. Hann dó áður en af því varð. Í viðtali sem tekið var skömmu fyrir dauða hans lýsti Pol Pot því yfir að samviska hans væri hrein.

MERKISATBURÐIR

1785 Skálholtsskóli er lagður niður samkvæmt konungsúrskurði og ákveðið að flytja biskupssetrið frá Skálholti til Reykjavíkur.

1865 Abraham Lincoln lætur lífið af völdum skotsára sem hann hlaut kvöldið áður.

1912 Breska farþegaskipið Titanic sekkur eftir árekstur við ísjaka á Atlantshafinu.

1924 Berklavarnafélag Íslands stofnað í Reykjavík.

1989 Mótmæli hefjast á Torgi hins himneska friðar í Peking.

1997 343 látast þegar eldur kemur upp í borginni Mekka í Sádi-Arabíu þar sem mikill fjöldi er saman kominn vegna pílagrímaferðarinnar Hadj.

Kæri Krissi

Til hamingju með daginn

Ryan Giggs og félagar.

50 ára

Erla Karlsdóttir

Bakkastöðum 79, Reykjavík,

verður fimmtug mánudaginn 16. apríl nk. Hún mun taka á móti vinum og ættingjum sem vilja samgleðjast henni á heimili sínu á afmælisdaginn eftir kl 15.

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

VINSÆLT AÐ KLIFRA Kristín Martha Hákonardóttir, formaður Klifurfélags Reykjavíkur, segir veg inniklifurs fara vaxandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTÍN MARTHA: KLIFURFÉLAG REYKJAVÍKUR FAGNAR AFMÆLI

Inniklifur sífellt vinsælla

Klifurfélag Reykjavíkur blæs til margfaldra hátíðahalda í dag. Félagið fagnar fimm ára afmæli Klifurhússins, sem það rekur, og heldur um leið upp á tíu ára afmæli inniklifurs á Íslandi. Þá verður einnig keppt til úrslita í Íslandsmeistaramótaröðinni í grjótglímu. „Það eru tíu ár síðan fyrsti veggurinn, Vektor, var opnaður hér,“ útskýrði Kristín Martha Hákonardóttir, formaður Klifurfélags Reykjavíkur. Fjórum árum síðar var veggurinn ekki lengur til, en sömu aðilar og hann reistu stofnuðu Klifurfélag Reykjavíkur og Klifurhúsið ári síðar.

Kristín segir veg íþróttarinnar fara vaxandi ár frá ári. „Ég er búin að vera í þessu í svona sjö, átta ár. Ég byrjaði úti í Bretlandi, þegar ég var að læra þar, og vissi varla af því að þetta væri til hér heima. Það fór lítið fyrir því, og þetta var frekar lítill hópur þá,“ sagði Kristín. Hún segir inniklifur vera unga íþróttagrein á Norðurlöndunum, þó að útiklifur hafi tíðkast lengur. „Þetta hefur vaxið alveg ótrúlega hratt, og þá aðallega inniklifrið. Útiklifrið hér á landi vex hægar. Bæði er þetta stuttur tími sem hægt er að klifra úti, og klettarnir hérna líka lélegir miðað við það sem maður finnur annars staðar,“ sagði Kristín.

Í dag eru um 250 meðlimir í Klifurfélagi Reykjavíkur, sem stunda íþróttina sem líkamsrækt. „Svo kemur fullt af hópum til okkar – afmælishópar, vinnuhópar og skólahópar, fyrir utan þá sem eru að prófa. Samtals eru það um fimm hundruð gestir á mánuði,“ sagði Kristín. „Fólk stundar þetta bæði í staðinn fyrir að fara í ræktina og svo er minni hópur sem æfir inniklifur til að ná upp styrk fyrir útiklifur, og tekur þátt í mótum og svona,“ bætti hún við.

Klifrið virðist höfða til ansi breiðs aldurshóps. „Það koma hingað fimm ára krakkar sem fá að príla á krakkaveggnum, og upp úr tíu ára aldri geta börn svo farið að stunda þetta sem íþrótt. Svo er þetta bara upp úr öllum aldri. Í Frakklandi, þar sem er löng hefð fyrir þessu, er fólk að klifra á áttræðisaldri,“ sagði Kristín.

Í tilefni af afmælinu hefur félagið reist tvo nýja klifurveggi, sem verða opnaðir á Íslandsmeistaramótinu á sunnudag. „Það er fín viðbót við þá sjö, átta veggi sem fyrir voru,“ sagði Kristín.

sunna@frettabladid.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

Gísli Sigurður Guðjónsson

Ofanleiti 17,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 12. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Auður Fanney Jóhannesdóttir
Reynir Sigurður Gíslason
Sigríður Edda Hafberg.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

Vorhátíð á Greiðunni

Eigendur og starfsfólk hárgreiðslustofunnar Greiðunnar á Háaleitisbraut halda Vorhátíð 28. apríl næstkomandi. Þá verður eigendaskiptum á stofunni fagnað, en um áramótin festu Lilja Ragnarsdóttir og Hrafnhildur Arnardóttir kaup á stofunni. „Við ætlum að halda upp á eigendaskiptin, en Greiðan var í eigu sömu fjölskyldu í fjörutíu ár, sem er orðið fátítt á Íslandi. Það var faðir sem að byrjaði með hana, svo tók sonur hans við og að lokum dóttir hans, Oddbjörg Óskarsdóttir, sem seldi okkur,“ sagði Hrafnhildur.

Síðan að Hrafnhildur og Lilja tóku við hafa þær breytt stofunni og endurbætt hana talsvert, að sögn Hrafnhildar. Á stofunni starfar bæði hárgreiðslufólk og tveir förðunarfræðingar. Á myndinni eru Lilja Ragnarsdóttir, Elísabet Ýr Norðdahl, Hrafnhildur Arnardóttir, Alda Dröfn Guðbjörnsdóttir og Auður Bryndís Sigurðardóttir. Á myndina vantar Hrund Jóhannsdóttur.

STARFSFÓLK GREIÐUNNAR Starfsfólk og eigendur Greiðunnar fagna eigendaskiptum með Vorhátíð.

Framkvæmdum við stækkun og breytingar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar lokið:

Sjálfvirk töskuflokkun í fyrsta sinn í flugstöðinni

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var formlega tekin í notkun í gær eftir stækkun og umtalsverðar breytingar. Framkvæmdir við stækkunina hófust árið 2003 en gólfflötur flugstöðvarinnar er nú orðinn um 56.000 fermetrar, sem nemur átta knattspyrnuvöllum. Framkvæmdirnar kostuðu um sjö milljarða króna.

Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri flugstöðvarinnar, segist ánægður með breytingarnar. „Það hefur tekið á að koma þessu heim og saman enda heilmikið púsluspil að stækka og umbreyta byggingunni og halda uppi fullu þjónustustigi á meðan," segir Höskuldur og bætir því við að ýmislegt hafi breyst á framkvæmdatímanum, til dæmis hafi þurft að taka tillit til nýrra og strangari öryggisreglna.

Höskuldur segir að stækkunin eigi að duga næstu tíu til tólf árin. „Við höfum aukið afkastagetu flugstöðvarinnar mikið og þjónustusvæðin hafa stækkað. Innritunarborðum hefur verið fjölgað úr 25 í 43 svo nú verður hægt að innrita 2.500 farþega á klukkustund í stað 1.500 áður. Þá hefur einnig verið tekið í notkun sjálfvirkt töskuflokkunarkerfi sem eykur afköst verulega," segir Höskuldur.

Flugstöðin var upphaflega vígð 14. apríl 1987 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu í dag. „Það má eiginlega segja að við séum að opna flugstöðina í annað sinn, svo miklar eru breytingarnar," segir Höskuldur. - þo

STÆRRI FLUGSTÖÐ Allt þjónusturými flugstöðvarinnar er nú rýmra en áður. Hægt verður að innrita 2.500 farþega á klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

FRÁ AFHENDINGU Ellý Katrín Guðmundsdóttir tekur við viðurkenningunni úr hendi Alp Mehmet. Nicole Michelangeli, franski sendiherrann á Íslandi, er lengst til vinstri á myndinni.

Umhverfisstofnun heiðruð:

Starf sjálfboðaliða viðurkennt

Alp Mehmet, breski sendiherrann á Íslandi, afhenti Umhverfisstofnun viðurkenningu frá bresku sjálfboðaliðasamtökunum British Trust for Conservation Volunteers, nýlega. Forstjóri Umhverfisstofnunar, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, veitti viðurkenningunni viðtöku sem er fyrir sjálfboðaliðastarf í þjóðgörðum.

Ellý Katrín segir að viðurkenningin sé staðfesting á því góða og mikla starfi sem Chas Goemans, umsjónarmaður verkefnisins, og Árni Bragason, fyrrverandi forstöðumaður Náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, hefðu unnið með sínu fólki á undanförnum árum. - shá

UNDIRRITUN Vilhjálmur Wiium, umdæmisstjóri ÞSSÍ, og Heidi Beinhauer, framkvæmdastjóri CLaSH, undirituðu samninginn. MYND/ÞSSÍ

Þróunarsamvinnustofnun:

Styrkir heyrnleysingjaskóla

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur gert samstarfssamning við leikskóla í Namibíu sem er sá eini sem starfræktur er fyrir heyrnarlaus börn þar í landi. Skólinn er rekinn af samtökunum CLaSH, sem foreldrar heyrnarlausra barna stofnuðu fyrir nær tveimur áratugum í Namibíu.

Sex til átta börn eru í skólanum, en ætlunin er að fjölga þeim í tíu á næstunni. Framlag ÞSSÍ árið 2007 nemur að jafnvirði tæplega einni milljón íslenskra króna. Það nýtist bæði til reksturs leikskólans og annarra starfa CLaSH í þágu heyrnarlausra. - shá

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Í tilefni af 70 ára afmæli okkar bjóðum við 70% afslátt af öllum almennum fargjöldum fyrir börn á aldrinum 2 til og með 11 ára. Tilboðið gildir til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.
Sölutímabil er frá og með miðvikudeginum 11. apríl til og með sunnudagsins 15. apríl.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is og í Fjarsölu í síma 50 50 100.

'07 | 70ÁR Á FLUGI

Vildarpunktar
VISA
MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

Ferðatímabil er frá og með 11. apríl til og með 30. september og miðast við að barn ferðist í fylgd með fullorðnum.

Kokkurinn í Karíbahafinu

Kalla mætti **Völund Völundarson** hinn íslenska Jamie Oliver. Svolítil gusa af klisju en engu að síður nokkur sannleikskorn í líkingunni þar sem Völli hlaut í síðustu viku afar virt matarbókaverðlaun í Kína, sem sjálfur Jamie Oliver hlaut einnig fyrir nokkrum árum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti Völund og eiginkonu hans **Þóru Sigurðardóttur** í stuttu stoppi þeirra á landinu.

GIFT EN EKKI Í SAMBÚÐ Þóra bíður enn eftir því að fá dvalarleyfi á Bahamaeyjum þannig að enn sem komið er flýgur hún á milli Íslands og Bahamaeyja á nokkurra mánaða fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Síðastliðin sjö ár hefur Völundur búið á einni af fallegustu eyjum Bahamaeyja; Grand Bahamas, og rekið þar veitingastað. Hann er vel þekktur meðal eyjarskeggja, sem telja um 40.000, og sértu Íslendingur í tollinum á Bahamaeyjum hrópa tollararnir upp yfir sig: „Ah, you´re from Iceland? We have an Icelandic chef here; Volla!“ Skiljanlegt. Enda sló veitingastaðurinn Ferry House sem Völli átti og rak um nokkurra ára skeið í gegn hjá eyjarskeggjum og vöktu frumlegar auglýsingar fyrir veitingastaðinn athygli. En þar kafaði Völli með hákörlum, sökkti eldhúsi og ótal margt fleira. Þóra og Völundur giftu sig síðasta sumar og undanfarnar vikur hafa verið afar viðburðaríkar í lífi þeirra. Bæði opnaði Völli nýjan veitingastað á eyjunni og stefnir að því að opna tvo til viðbótar og svo eru þau nýkomin frá Kína þar sem Völli, ásamt Hreini Hreinssyni ljósmyndara og Hauki Ágústssyni sem skrifaði textann í bókinni, tóku á móti verðlaunum fyrir bókina Delicious Iceland.

Óvænt verðlaun úr austri

Verðlaunin, The Gourmet Cookbook Awards, eru gríðarlega virt í matar- og vínbókageiranum og því er það einstakur heiður að Völundur skuli hafa hlotið verðlaunin. Um þau keppa um 6.000 bækur í 34 flokkum og Völundur var því einn af fáum sem hlutu verðlaun, fékk sérstök heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi árangur með bók sína. En hvernig kom það til að bók hans rataði í þessa keppni? „Salka, bókaforlagið sem gefur hana út, var með hana á bókasýningu í Frankfurt síðastliðið haust og þangað kemur maður frá þessari keppni og biður sérstaklega um að fá hana í keppnina. Í byrjun janúar fáum við svo fréttir af því að verðlauna eigi bókina og það muni gerast í Kína. Kínverski matarbókamarkaðurinn fer ört vaxandi í heiminum og skipuleggjendum keppninnar fannst tilvalið að halda keppnina þar,“ segir Völundur en keppnin hefur verið haldin í tólf ár, víða um heim, til dæmis í Ástralíu og þarsíðast í Malasíu. Sem fyrr segir hefur Jamie Oliver hlotið þessi verðlaun og Völundur fékk nú og af öðrum frægum má nefna einkakokk Opruh Winfrey, enn hann vann til verðlauna í einum flokknum nú í ár.

„Þetta er viss gæðastimpill,“ útskýrir Völli. Þessa dagana er verið að þýða bókina á íslensku en hingað til hefur hún fyrst og fremst verið hugsuð fyrir túrista sem og erlendan markað. Einnig er önnur minni bók á leiðinni sem er eins konar sérútgáfa af bókinni. Uppgangurinn er mikill. Völli og Þóra eru einnig að framleiða sjónvarpsþætti sem ganga út á sömu hugmyndafræði og bókin. Með þeim í för er Hreinn Hreinsson en samstarf hans og Völla hefur í gegnum árin gefið af sér fjölda matreiðsluþátta auk bókarinnar Delicious Iceland. Þættirnir eru eingöngu hugsaðir fyrir erlendan markað og greinilegt að ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur enda engin ástæða til.

Þóra, sem flestum Íslendingum er hvað frægust fyrir að vera Birta í Stundinni okkar, var með Völla í för út til Kína og segir ferðina hafa verið mikið ævintýri. „Fyrst fannst okkur þetta bara spennandi – jú, jú, af hverju ekki að skella okkur til Kína? En svo þegar við komum út og sáum hvað þetta var stórt allt saman fékk maður í magann. Völli heldur því að vísu fram að hann muni ekki borða kínverskan mat næstu vikurnar en það var mikil lífsreynsla að snæða úti á veitingastöðum þar sem matseðlar voru oft einungis á kínversku. Þá var bara bent og þar sem Kínverjar eru mikið fyrir það að henda hráefninu í heilum pörtum í réttina fengum við til dæmis einu sinni heilan haus af hana í einum réttinum. Það verður að viðurkennast að stemningin minnkaði aðeins þá við borðið.“

Stórhuga hjón

Það er í fleiru að snúast hjá þeim hjónakornum en að taka á móti verðlaunum í Kína. Síðan Þóra hætti með Stundina okkar hefur hún meðal annars setið sveitt við skriftir og er nú með vikulega pistla á Rás 2. Hún er á fullu við að skrifa sitt eigið efni auk þess sem hún er núna að þýða bók um japanska matarmenningu og segir Völla því vera í gíslingu japanskrar matargerðar þessa dagana. Fjölskylduhagir eru þó ekki beint Gallup-spurningalistavænir því þau Völli eru gift en samt ekki alveg í sambúð. Dvalarleyfi Þóru á Bahamaeyjum er ennþá ofan í cheerios-pakkanum þannig að hún flýgur mikið á milli en hún má dvelja um níutíu daga í senn úti. Þóra er því talsvert á faraldsfæti en segir að sér leiðist það ekki, það sé frábært að komast frá glundroðanum hér heim og út og eins líka gott að koma aftur heim og endurnýja kynnin við norðangaddinn.

Lífið úti er þó eins og paradís, ekki bara skattaparadís sem gerir veitingamönnum kleift að stunda atvinnugrein sína og lifa af henni, heldur líka veðráttu- og náttúruparadís. Eyjan er ekki túristaveldi eins og Spánn. Þar er hvítur sandur og fallegar strendur. „Lífið hérna er dásamlegt. Ég er þessa dagana að ná mér í kófunarréttindi, þannig að bráðum verð ég orðin löggild innan um risaskjaldbökurnar og höfrungana. Þetta er auðvitað eins og í Finding Nemo,“ segir Þóra. „Annars erum við búin að vera á haus því við vorum að opna veitingastað úti tveimur dögum áður en við héldum til Kína. Ég hjálpaði Völla með það sem sneri að útliti staðarins og hönnun og þetta er búið að vera heilmikið verkefni.“ Og er það rétt sem heyrst hefur að þeir verði þrír? Völundur brosir. „Við erum strax farin að vinna í þeim næsta.“

TEKIÐ Á MÓTI VERÐLAUNUNUM Haukur Ágústsson, sem skrifaði texta við myndir bókarinnar ásamt Völundi og Hreini Hreinssyni, ljósmyndara bókarinnar.

Orlando Bloom í kvöldmat

Mikið af milljarðamæringum heimsækir eyjuna sem og túristar en lítið er um góða veitingastaði. Völundur sér því mikil tækifæri fram undan. Matvöruverslanir eru slakar og ekki eitt bakarí á eyjunni. Völundur hætti með fyrri veitingastað sinn þegar nýir fjárfestar komu inn í hann og Þóra segir eyjarskeggja hafa beðið með eftirvæntingu eftir því að Völli opnaði nýjan stað enda var Ferry House einn besti veitingastaður eyjarinnar. Og það eru ekki bara óbreyttir eyjaskeggjar sem sækja staðinn hans Völla því til hans kemur mikið af frægasta fólki þessa heims. Völli er mjög sýnilegur á veitingastað sínum, skemmtikraftur í eðli sínu og óhræddur við að nálgast kóng sem prest. Þóra segir til dæmis að eitt skiptið hafi Völli hringt í hana og sagt að Orlando Bloom væri á leiðinni heim til þeirra í mat. Úr varð fimm manna matarboð þar sem Þóra og Völli, Orlando Bloom, Kate Bosworth og besti vinur sátu til borðs.

Völli er vinsamlegast beðinn um að telja fleiri þekkta Íslendinga sem eru fastagestir hjá honum. „O.J. Simpson er góðkunningi minn, en hann dvelst mikið á eyjunni. Hann er orðinn nokkuð gamall og lúinn, verður að segjast, en hann er fínn kall. Gene Hackman, Jerry Bruckheimer og Geoffrey Rush hafa verið meðal fastagesta svo einhverjir séu nefndir.“ Völli segir aðallistina vera að finna gott starfsfólk á Bahamaeyjum, hann geri miklar kröfur til starfsfólks síns, sendi það um allan heim á námskeið og því hafi hann núna með sér gamla starfsfólkið á Ferry House svo hann þarf ekki að þjálfa upp nýjan mannskap, sem er mikill plús.

Staðurinn hefur fremur alþýðlegt yfirbragð en sá næsti verður háklassa veitingastaður með góðri fundaraðstöðu og einnig er bakarí eitt af því sem er á teikniborðinu. En stendur ekkert til að opna stað fyrir Íslendingana? „Þeir verða enn sem komið er bara að koma til Bahamaeyja og til mín hefur komið nokkuð af löndum mínum. En skattaumhverfið á Íslandi býður ekki upp á að mann langi í það hark að halda úti veitingastað. Engu að síður eigum við sumt hæfileikaríkasta fólk heims og kunnátta matreiðslumanna hér á landi er ótrúleg, ein sú besta í heiminum. Ég hugsa að það sé einhver ævintýraþrá eða metnaðargirni sem gerir það að verkum að Íslendingar eru á þeim stað sem þeir eru í dag. ■

> O.J. Simpson er góðkunningi minn, en hann dvelst mikið á eyjunni. Hann er orðinn nokkuð gamall og lúinn verður að segjast en hann er fínn kall. Gene Hackman, Jerry Bruckheimer og Geoffrey Rush hafa verið meðal fastagesta svo að einhverjir séu nefndir.

Hanahaus í Kína

Matreiðslubókaiðnurinn er orðinn afar stór og á hverju ári er talið að gefnar séu út um 24.000 matreiðslubækur. Það er því af nógu að taka og Völundur segir að þessi verðlaun hafi mikla þýðingu fyrir hann. „Á svona verðlaunahátíð kemst maður í samband við mikið af útgefendum og dreifingaraðilum, sem hjálpar til við að markaðssetja bókina enn frekar. Að komast með bókina inn í lönd sem mann hafði ekki dreymt um að geta selt hana í er frábært og svo er auðvitað gott að fá límmiðann um verðlaunin á bókina; það

Komdu norður!

Matur

Menning

verslanir

Afslöppun

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, Listasafnið og önnur skemmtilega söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir, Hrísey – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótel, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á ***akureyri.is*** *og* ***norðurland.is.***

GEIMSTOFAN

Börn eiga rétt á góðum foreldrum

Allar sænskar stelpur vilja vera Lína langsokkur eða Ronja ræningjadóttir og strákar vilja vera Kalli á þakinu eða Emil í Kattholti. En heimurinn er flóknari en svo. Margir foreldrar reynast börnunum ekki góðir foreldrar og börnin geta lent í vanda. **Lena Nyberg**, umboðsmaður barna í Svíþjóð, segir í viðtali við *Guðrúnu Helgu Sigurðardóttur* að samfélagsumræðan markist af sjónarmiðum fullorðinna, ekki barna. Því megi breyta.

Astrid Lindgren hefur haft gríðarleg áhrif á börn. Öll sænsk börn lesa bækurnar hennar og sjá myndirnar. Hver einasta stelpa vill vera Lína langsokkur eða Ronja ræningjadóttir og sérhver strákur vill vera Kalli á þakinu eða Emil í Kattholti. Lína stendur fyrir það sem er sterkt, jákvætt, skemmtilegt og reynir aðeins á mörkin. Lína þorir að draga fullorðna í efa og það eru ekki svo margar persónur í barnabókum sem gera það. Börn eru oft auðmjúk og undirgefin í bókum en Lína langsokkur þorir að reyna á mörkin án þess að brjóta lögin," segir Lena Nyberg, umboðsmaður barna í Svíþjóð.

Nyberg var hér á landi í vikunni til að taka þátt í ráðstefnu í Norræna húsinu í tilefni af 100 ára afmæli sænska barnabókahöfundarins Astrid Lindgren. Ráðstefnan fjallaði um rétt barna til foreldra. Nyberg segir að börn þurfi að hafa fullorðna sem fyrirmynd, annað hvort foreldra eða einhverja sem komi í staðinn. „Það er mikilvæg forsenda," segir hún.

FYRIRBYGGJA EINELTI „Mjög alvarlegt er að ríkisstjórnin ræðir ekki hvernig á að fyrirbyggja einelti í skólanum," segir Lena Nyberg, umboðsmaður barna í Svíþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Foreldrar standa sig ekki

Í Svíþjóð er stórt áhyggjuefni hversu mörg börn alast upp hjá foreldrum sem ekki standa sig í foreldrahlutverkinu. Þetta eru til dæmis foreldrar sem misnota vímuefni, eru andlega veikir, eiga við ýmsa félagslega erfiðleika og sjúkdóma að etja, hafa sjálfir kannski ekki náð fullum fullorðinsþroska og ráða því ekki almennilega við það að vera foreldrar, hafa ekki átt góða ævi sjálfir og vita ekki hvernig á að byggja upp gott samband milli forelda og barna.

„Foreldrar sem ekki sinna börnunum teljast með mestu erfiðleikum sem börn eiga við að stríða í Svíþjóð í dag," segir hún.

Annað stórt vandamál barna og unglinga í Svíþjóð er aukin tíðni geðsjúkdóma og andlegra erfiðleika. „Slíkt getur að hluta til verið vegna þess að barn hafi ekki átt nógu góða ævi eða fengið nógu gott uppeldi heima en það getur líka verið vegna þess hversu harður heimurinn er í skólanum. Það er erfitt að vera í skóla, einelti og stress," segir hún.

„Vanheilsa getur haft áhrif á sambandið milli barna og foreldra. Þau börn sem eiga við mesta erfiðleika að stríða eiga foreldra sem eru veikir fyrir. Samfélagið virkar ekki þegar foreldrarnir eru veiki punkturinn. Samfélagið bregst aðeins við ef foreldrarnir eru til staðar og berjast fyrir börnin sín. Ef foreldrarnir gera það ekki eða börnin eiga foreldra sem ráða ekki við hlutverk sitt standa þau oft ein og án stuðnings. Það er sá hópur sem verður verst úti í samfélaginu."

Lena telur að auka þurfi stuðning við foreldra sem ekki ráða við foreldrahlutverkið. Efla þurfi stuðninginn fyrir mæður og foreldra í mæðraeftirlitinu, ungbarnaeftirliti og í reglubundnu eftirliti á heilsugæslustöðvum og í skólanum þannig að snemma uppgötvist ef eitthvað amar að og strax brugðist við.

Fólk skiptir sér ekki af

„Ef börnin verða fyrir ofbeldi sést það við skoðun á heilsugæslustöðinni. Ef barninu líður illa getur starfsmaður heilsugæslustöðvarinnar tekið á því. Í skólanum á líka að vera læknir og hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi og sálfræðingar þannig að tekið sé eftir þeim vandamálum sem koma upp."

Sænskt samfélag byggir á þeirri hugsun að fullorðnir eigi rétt á að eiga börn, ekki að börnin eigi rétt á góðum foreldrum. „Fólk skiptir sér ekki af og grípur ekki inn í þróun mála í öðrum fjölskyldum. Þó að ég hafi ákveðinn skilning á þessu grundvallarsjónarmiði er samt gríðarlega mikilvægt að einhver taki í taumana og aðstoði barn ef eitthvað kemur upp á. Í Svíþjóð höfum við dæmi um Bobby, dreng sem var barinn í hel af móður sinni og stjúpföður. Marga grunaði að eitthvað væri að en enginn skipti sér af. Ég held að við sem erum fullorðin megum vera meira meðvituð um að börnum geti liðið illa og að við fullorðna fólkið berum ábyrgð á því að bregðast við til að vernda börn."

> Við myndum aldrei líða hávaða yfir leyfilegum mörkum, skítug klósett, þrönga matsali með miklum hávaða og ójafnt vinnuálag en í skólanum þykir þetta sjálfsagt og enginn skiptir sér af því.

Lena vill að fullorðnir séu meðvitaðir um að þeir eigi að axla ábyrgð á velferð barna í auknum mæli. „Í Svíþjóð er sterk trú á því að við séum laus við líkamlega refsingu og að fólk slái ekki börnin sín. Samt vitum við að fjöldi tilkynninga um ofbeldi gagnvart börnum hefur aukist. Við höldum að flestir foreldrar vilji börnum sínum svo vel að þeir slái þau ekki en raunveruleikinn sýnir hins vegar að það eru heilmargir fullorðnir sem slá börnin sín, misnota þau kynferðislega og hirða einfaldlega ekki nógu vel um þau. Við þurfum að vera meðvituð um að það skiptir máli að bregðast við og ekki bara ganga um í þeirri trú að öll börn hafi það svo gott."

Þurfa að kynnast viðhorfum barna

Lena telur að sænsk lagasetning taki ekki nægilegt tillit til sjónarmiða barna og rétti þeirra til góðrar ævi og foreldra. Hún segir að börn eigi ekki að taka ákvarðanir en þau viti sjálf hvað er gott fyrir þau og því sé mikilvægt að hlusta á þau og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Þau hafi eins og staðan sé í dag ekki nógu mikil áhrif á eigin aðstæður.

Lena nefnir nokkur dæmi um þetta úr skóla og fjölskyldulífi. Hún segir að sænskum börnum finnist til dæmis ekki tekið nógu vel á einelti, fullorðnir bregðist ekki nógu vel við í skólanum og á heimilinu. Hún telur að fullorðnir séu lélegar fyrirmyndir, þeir stundi sjálfir einelti. Þeir þurfi að vera sér meðvitaðir um þetta og vinna með það.

Vinnuumhverfi barna í skólanum er annað dæmi. Hún segir að fullorðnir myndu aldrei sætta sig við það vinnuumhverfi sem börnum sé boðið upp á. „Við myndum aldrei líða hávaða yfir leyfilegum mörkum, skítug klósett, þrönga matsali með miklum hávaða og ójafnt vinnuálag en í skólanum þykir þetta sjálfsagt og enginn skiptir sér af því," segir hún og bendir á að fullorðnir þurfi að kynnast viðhorfum barna og læra að líta málin út frá þeirra sjónarmiðum líka.

Börnin eru bæld í skólanum

Hægriríkisstjórn hefur nýlega tekið við völdum í Svíþjóð. Lena segir að margt gott sé í skólastefnu núverandi ríkisstjórnar en þar sé líka ýmislegt sem megi setja spurningamerki við út frá sjónarmiðum barna. Stefnan sé skýr í sambandi við einelti en finna þurfi aðgerðir til að bregðast við þegar einelti hafi gengið of langt, sömuleiðis þurfi að finna aðferðir til að fyrirbyggja einelti. Það sé afar áríðandi.

„Mjög alvarlegt er að ríkisstjórnin ræðir ekki hvernig á að fyrirbyggja einelti. Það er bara einblínt á það hvað eigi að gera þegar allt sé farið á versta veg og neyðarástand ríkir í skólanum. Hlutverk okkar fullorðinna er að sjá til þess að einelti komi ekki fyrir í skólanum og nemendur hafi öryggistilfinningu þegar þeir fara í skólann. Við leggjum allt of lítinn tíma og kraft í þessa umræðu," segir hún.

Lena lýsir eftir umræðu um það hvernig eigi að skapa virðingu í skólanum og þar með reglur sem nemendurnir vilja fara eftir. Hún segir að hugtök eins og agi og refsing gefi tóninn í skólaumræðunni. Foreldrar ali börn sín upp þannig að þau eigi að verða sjálfstæð, axla ábyrgð, vera gagnrýnin og dugleg við að skapa sér pláss og taka frumkvæði í samfélaginu. En í skólanum kveði við annan tón. Þar sé gerð krafa um að börnin sitji hljóð og kyrr og hlýði fyrirskipunum. Börnin séu bæld. Úr skólanum eigi þau svo að koma sem fullmótaðir einstaklingar, góðir og skapandi frumkvöðlar sem skari fram úr á öllum sviðum samfélagsins í samkeppni við fólk frá öðrum löndum Evrópu. Í þessu felist mótsögn. ■

EF OLÍULINDIR FINNAST VIÐ STRENDUR ÍSLANDS, HVERNIG VELJUM VIÐ ÞÁ SEM FÁ ÞÆR GEFINS TIL AÐ LEIGJA OKKUR HINUM FYRIR SVIMANDI HÁAR UPPHÆÐIR?

Frjálslyndi flokkurinn ætlar að afnema leiguforréttindi kvótaeigenda og færa veiðiréttinn aftur til byggðanna

Meginreglan verði sú að nýta beri aflaheimildir til veiða!

Kjóstu F!

forysta fyrir íslenska þjóð

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

NÁBÝLI DAUÐANS

Nágrannaerjur eru ekki nýjar fréttir. Deilur um landamörk, hvalreka og vinnufólk voru helstu ástæðurnar árið 1007. Þúsund árum síðar eru ástæðurnar farnar að spanna breiðara litróf og geta illvígar deilur allt eins skapast vegna þess að nágrannarnir elskast með svo miklum hávaða eða út af plastblómaskreytingunni úr Europris sem gamla konan á neðri hæðinni stillir upp á útidyratröppunum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** kynnti sér hinar margvíslegu mýflugur sem breyttust í úlfalda.

Sem betur fer eru þær aðferðir sem notaðar eru í dag til að leysa deilur mun mannúðlegri en þær voru hér á Sturlungaöld þegar menn voru höggnir í herðar niður. Núna er sjaldnast gripið í exina þótt hefndaraðgerðirnar geti oft verið grimmúðugar svo vægt sé til orða tekið. Dæmi eru um að nágrannar hafi málað fyrir stofugluggana hjá hver öðrum þannig að ekkert sást út, úldin síld sett í rafmagnstöfluna og skór faldir. Þetta hljómar auðvitað eins og dagur í lífi ólátabelgja í tíu ára bekk en þegar nágrannaerjur eru annars vegar geta fullorðnir einstaklingar hagað sér á þennan hátt.

Einn maður segist öðrum fremur bera ábyrgð á nágrannadeilum síðari ára. Það er Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins og lögfræðingur, en hann samdi lagabálk þann sem kallast fjöleignarhúsalög og var settur í byrjun árs 1995. Fyrstu lögin voru sett árið 1959 og árið 1976 öpuðum við upp lög frá frændum okkar Dönum sem voru mjög ófullkomin. Fjöleignarhúsalög þau sem Sigurður samdi þykja greinilega til fyrirmyndar því Sameinuðu þjóðirnar notuðu þau sem fyrirmynd þegar húsnæði í Austur-Evrópu var einkavætt.

Sigurður segir að húseigendafélaginu berist mörg kvörtunarmál á dag en tekur skýrt fram að félagið sé ekki bara klöguskjóða heldur 85 ára gamalt hagsmunafélag. Hjá félaginu eru fjórir starfsmenn í fullu starfi og aðstoða félagsmenn meðal annars í nágrannadeilum. „Til okkar rata mál af öllum stærðum og gerðum. Nágrannakonan hugulsama sem kemur færandi hendi með heimagerða sultu og smákökur getur angrað suma jafnt og hávaði um nætur og sóðaskapur pirrar aðra. Tillitssemi og umburðarlyndi falla fljótt í valinn og léttar orðahnippingar geta fljótt þróast í allsherjarstríð. Heimilið hættir þannig að vera griðastaður þar sem fólk á að geta hvílst og hlaðið batteríin og fólk mætir úttaugað og stressað til vinnu.“

Að mati Sigurðar eru Íslendingar mjög fljótir upp á afturlappirnar enda verður að hafa í hug að á Íslandi á nábýli og borgarlíf sér afar stutta sögu. Hann segir ófrið og þras í fjölbýli vera mun algengara hér en erlendis og telur hann þar líka eiga í hlut eðli Íslendinga, sem séu frekari en gengur og gerist. „Lítil fjölbýlishús eru oft verst þar sem jafnvel er bara maður á mann. Sama má segja um eldri fjölbýlishúsin sem upphaflega voru einbýlishús. Staðsetning, afstaða og aðkoma að sameign eru þar bévítans klúður þannig að segja má að slík hús séu í raun sérhönnuð fyrir leiðindi. Einnig er það þannig að meðan eðli sumra er mjög kærulaust og þeir láta lítið fara í taugarnar á sér eru aðrir ofurviðkvæmir þannig að oftar en ekki er það þannig að enginn er að gera rangt heldur passa nágrannarnir einfaldlega ekki saman. Hormónar og einhver dularfull efnafræði spila sjálfsagt líka oft inn í,“ segir Sigurður og bætir við að það sé oft fólkið sem lyndir við alla og komi prúðmannlega fyrir sem lendi hvað mest upp á kant við nágranna sína.

SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON Þekkir nágrannaerjur út og inn enda formaður Húseigendafélagsins til margra ára.

PRÚÐASTA FÓLKIÐ Í VERSTU DEILUNUM Fjandinn verður oft laus í fjölbýlishúsum þar sem deilurnar byrja kannski á minniháttar ósamkomulagi, svo sem uppröðun skópara heimilisfólks á stigagangi. Oftar en ekki enda nágrannadeilur fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sannar sögur

➜ Málað fyrir stofuglugga nágrannans

Mörg skrautleg og spaugileg mál hafa komið upp í íslenskri nágrannasögu. Eitt eftirlætismál Sigurðar Helga átti sér stað á Fjölnisvegi. Þar átti fín heldri kona í miklum útistöðum við nágranna sína en hún bjó fyrir ofan þá í steinhúsi þar. Hún hafði yfir ýmsu að kvarta í fari nágranna sinna. Meðal annars sakaði hún þá um að reka ólöglega heildsölu á neðri hæð hússins og kallaði oft á lögregluna til að leita að gögnum um meinta atvinnustarfsemi. Nágrannarnir áttu einnig hund og vorkenndi hún hundinum sáran að vera einn heima yfir daginn, gólin í hundinum ærðu hana og aftur var hringt í lögregluna og hún látin hlusta á væl hundsins. Endaði það þannig að hundurinn var tekinn af nágrönnunum. Heldri frúin hafði gaman af garðverkum og þar sem henni fannst sem nágrannarnir hindruðu það að hún kæmist út í garð, seig hún í kaðalstiga niður í garð og strengdi svo teppi fyrir glugga nágrannanna, því hún hafði engan áhuga á að þeir sæu hana sinna verkum sínum. Þegar hún skrapp frá garðverkunum og fékk sér kaffisopa (með því að klifra upp kaðalstigann aftur) tóku nágrannarnir teppið niður. Frúin brá þá á það ráð að ná sér í málningu og rúllaði nokkrar umferðir yfir glugga nágrannanna svo út sást ekkert. Nokkru áður var hún búin að fylla bílskúr þessara sömu nágranna með vatni.

➜ Paradísin varð að gettói

Nágrannaheift spyr ekki um stétt né stöðu. Í Efstaleiti var á sínum tíma byggt afar flott fjölbýlishús, eins konar Skuggahverfafjölbýli þess tíma, og í sambýli þar er hver silkihúfan ofan á aðra; ráðherrar, forstjórar og svo framvegis. Átti húsið að verða hið fullkomna lúxusfjölbýli, með sameiginlegum bar, sundlaug, heilsugæslustöð og hvaðeina. Í þessu ágæta fjölbýli hefur allt logað í illdeilum síðustu áratugina, þar sem gamli peningurinn ríst við nýríku deildina í húsinu. Mörg mál hafa farið fyrir héraðsdóm og að minnsta kosti tvö fyrir hæstarétt. Þannig að í staðinn fyrir að sambýlið í Efstaleitinu hafi orðið sú paradís sem það átti upphaflega að verða breyttist það í helvíti á jörðu þar sem fínir og ríkir menn sátu á útidyratröppunum hjá sér og hreyttu ókvæðisorðum hver að öðrum eins og í átta ára bekk. Og enn er víst heitt í kolunum í Efstaleiti.

➜ Asparósættið

Aspir hafa kveikt þó nokkrar þrætur síðustu árin. Þær vaxa hratt og þola íslenska veðráttu vel þannig að ekki er skrítið að þjóðin hafi tekið ástfóstri við þessari trjátegund og planti henni hægri vinstri. Gallinn á gjöf Njarðar er hins vegar sá rótarkerfi þeirra er fyrirferðarmikið og ræturnar lauma sér inn í leiðslur og steypt plön og valda oft miklu tjóni. Miklar tilfinningar geta hins vegar verið bundnar þessum trjám og jafn sárt fyrir suma að sjá þau felld niður eins og fyrir aðra að fá rótina í hausinn við rúmstokkinn. Afar erfitt dæmi kom þegar nágrannarnir vildu fá þrjár aspir nágrannans felldar og þeir þverneituðu. Þær voru nefnilega nefndar eftir þremur barnabörnum húsráðenda og hver fellir slík tré?

➜ Gervihnattadiskar í skjóli nætur

Mörg mál hafa komið upp þar sem ólíkir menningarheimar mætast. Mjög algengt er að deilur snúist í kringum gervihnattadiska en að sjálfsögðu vilja Kínverjarnir sjá fréttirnar sínar heima eins og Íslendingarnir horfa á Kastljósið. Það að ná fréttunum í Kína getur oft á tíðum þýtt að klæða þarf húsið með tíu diskum og þá fyrst byrja vandamálin. Húsið lítur út eins og geimstöð og fólkið með fagurfræðina í fyrirrúmi tryllist yfir því hvað fjölbýlishúsið er orðið ljótt. Dæmi eru um að þegar ekki fáist leyfi fyrir gervihnattadiskunum hjá húsfélaginu séu diskarnir einfaldlega skrúfaðir upp í skjóli nætur.

➜ Matarútgerð í kjallaranum

Og meira af árekstrum menningarheima. Í stóru fjölbýlishúsi í Vesturbænum hafði nýbúi nokkur keypt sér hænur og geymdi þær á svölunum hjá sér á fjórðu hæð. Hænunum leiddist óskaplega og tóku upp á því að fljúga neðan af fjórðu hæð og þó það hafi að vísu skemmt nágrönnunum var annað í kjallaranum, á vegum þessa sama manns, sem gerði það ekki. Þar í geymslu í kjallaranum var hann nefnilega búinn að setja á stofn lítið fyrirtæki sem sérhæfði sig í kjötvinnslu, með tilheyrandi blóði upp um alla veggi, slori og öðru. Hráefnið seldi hann víst svo til einhverra veitingahúsa hér í bænum og fannst þessi rekstur sinn hið minnsta tiltökumál. Þegar lögreglan batt enda á þessa atvinnustarfsemi hans tók hann sig til og rispaði bíla nágranna sinna.

➜ Lífsleiði í Þingholtunum

En það eru ekki bara nýbúar sem koma fólki á óvart með því að meðhöndla kjöt og fisk í geymslunni sinni. Í Þingholtunum kom upp mál þar sem gömlum sjómanni leiddist eitthvað lífið. Í fyrstu reyndi hann að stytta sér stundir með drykkju sem angraði fólk eitthvað, en allt keyrði um þverbak þegar hann fór að beita. Við rúmgaflinn stillti hann upp stálbala og burðaðist þangað með smokkfisk og meðan hann beitti reykti hann og horfði á sjónvarpið. Mikla ýldulykt lagði um húsið með tilheyrandi kvörtunum og deilum.

➜ Stóra stunumálið í Kópavogi

Athafnasamt ungt fólk í Kópavogi komst í fréttirnar en það olli nágrönnum sínum talsverðu angri með hávaða. Á daginn stafaði hávaðinn af endurbætum sem þau unnu á risi sínu og læti ástarlífsins tóku svo við drununum úr borvélunum. Mikil athafnasemi var til staðar hjá unga fólkinu en þrisvar á dag, þrjá klukkutíma í senn, stóðu læti elskendanna yfir. Endaði það svo að nágrannarnir fóru á fund Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra og léku fyrir hana þær undarlegu stunur sem þeim fannst koma úr íbúðinni sem líktust öllu mögulegu og ómögulegu; jarmi, góli í hundi og gráti.

Nú er vor í lofti og rétti tíminn til að huga að sumrinu...

Komdu á Vorboðann 2007 í Smáralind. Þú færð góðar hugmyndir fyrir heimilið, garðinn og bústaðinn. Tilvalið tækifæri til að skipuleggja framkvæmdir sumarsins. Upplifðu sumarið í Vetrargarðinum og nýttu þér fjölda tilboða.

FÍLELFD Á FUNDI Halldór Grönvold, Pétur Gunnarsson, Sigurbjörg Ásgeirsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson voru ánægð með að formenn skandinavísku flokkanna skyldu láta sjá sig á fundinum. „Það er greinilega mikill samhljómur með stefnu Samfylkingarinnar og sósíaldemókrata í Evrópu," sagði Þorbjörn. „Það var mikil upplifun að heyra í þeim og greinilegt að aldargömul grunngildi jafnaðarstefnunnar eiga fullt erindi í dag. Við förum héðan fílelfd."

GÓÐ ÞÁTTTAKA Guðrún Jóna Jónsdóttir, sem var önnum kafin við að hjálpa til á landsfundi Samfylkingarinnar, kvaðst vera hæstánægð með þátttökuna. „Þetta er stærsti landsfundur flokksins hingað til. Ætli það hafi ekki verið þrettán hundruð þátttakendur skráðir á föstudag, að undanskildum landsfundarfulltrúum. Sumir hafa verið hér allan tímann og það er engin þreytumerki að sjá á mannskapnum."

RÍFANDI STEMNING Ritva Jouhki frá Finnlandi hefur verið búsett á Íslandi í þrjátíu ár og hefur stutt Samfylkinguna síðan á stofnfundinum árið 2000. Hún var hæstánægð með landsfundinn og fannst sama rífandi stemningin nú og fyrir sjö árum síðan. „Það er alltaf gaman hérna og ég er jafn sátt við flokkinn og 2000. Ég held það séu góðir tímar fram undan. Herinn er farinn og nú þarf bara að losna við flugvöllinn."

ÁNÆGÐAR MEÐ FORMANNINN Frænkurnar Norma og Elín Norðdahl létu sig ekki vanta á landsfund Samfylkingarinnar, enda miklir stuðningsmenn flokksins og sér í lagi formannsins Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þær voru sammála um að hún hefði staðið sig einstaklega vel þegar hún tók til máls á fundinum á föstudag. „Það er bara óskandi að fleiri konur styddu hana, enda er þetta í fyrsta sinn sem kona gæti orðið að forsætisráðherra," sagði Elín.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN AXELSDÓTTIR

VISSIR Í SINNI SÖK Framhaldsskólanemarnir Þorsteinn Kristinsson, Jón Þór Halldórsson og Þórarinn Snorri Sigurgeirsson tóku þátt í sínum fyrsta landsfundi í Egilshöll um helgina. Þótt piltarnir séu ungir að árum vorum þeir ekki í neinum vafa um hvað þeir ætluðu að kjósa. „Við veljum jafnaðarstefnuna," sagði Þorsteinn. „Svo allir hafi jöfn tækifæri, geti búið við mannsæmandi skilyrði og réttlæti í alþjóðlegu samhengi."

Í RÉTTU LIÐI Vel fór á með bræðrunum Kolbeini Tuma og Nikulási Nóa Bjarnasonum, sem sátu á snæðingi ásamt móður sinni Önnu Láru Steindal í mötuneyti Egilshallar. Spurðir út í ástæðuna fyrir veru fjölskyldunnar í Egilshöll sagði Kolbeinn Tumi afdráttarlaust að hún væri komin til að styðja „rauða liðið".

Baráttugleði á landsfundum

Mikil stemning ríkti í herbúðum Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingar á landsfundum flokkanna sem haldnir voru um helgina. Ekkert var til sparað á fundi sjálfstæðismanna sem fór fram á Hótel Nordica og aldrei hefur landsfundur samfylkingarmanna verið jafn vel sóttur en hann var haldinn í Egilshöll.

ALLTAF JAFN GAMAN Ágúst Sigurðsson, Magnús Magnússon, Björn Friðrik Brynjólfsson, Engilbert Ingvason, Jón Stefánsson, Davíð Guðjónsson, Þórunn Pálsdóttir, Þuríður Ingimundardóttir og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra höfðu það náðugt á Grand Hótel á föstudag. „Það er alltaf gaman á landsfundi," sagði Einar. „Svo er félagsskapurinn svo skemmtilegur," bætti Ágúst við.

EIN STÓR FJÖLSKYLDA „Það er alltaf gaman að koma á landsfund enda er svo skemmtilegt fólk í Sjálfstæðisflokknum," sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, sem sat að snæðingi ásamt öðrum sjálfstæðismönnum í Norðvesturkjördæmi á Grand Hótel á föstudaginn. „Það er mikill hugur í mönnum og við finnum það mjög rækilega hversu fólk er staðráðið í að vinna vel fyrir kosningarnar," sagði Sturla en með honum á myndinni eru Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir frá Akranesi, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sem skipar 9. sæti á lista sjálfstæðismanna í kjördæminu og Hallgerður Gunnarsdóttir eiginkona Sturlu.

UNGIR SJÁLFSTÆÐISMENN Hin tveggja mánaða gamla Auður Berta Einarsdóttir er líkast til yngsta sjálfstæðiskonan sem mætti á landsfundinn. Hér situr hún í fangi móður sinnar, Helgu Kristínar Auðunsdóttur, varaformanns SUS. Við hlið Helgu sitja fleiri ungir sjálfstæðismenn. F. v. Ásta Hrund Guðmundsdóttir, Reynir Jóhannesson og Stefanía Sigurðardóttir. Helga sagði að mikill hugur væri kominn í ungliðana innan flokksins og sagðist búast við spennandi kosningabaráttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BROSANDI BÆJARFULLTRÚI Þórunn Jóna Hauksdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðismanna í Árborg, lét sig ekki vanta á landsfund og kvaðst hafa mætt á þá ófáa í gegnum tíðina. „Það er mikill hugur í fólki í Suðurkjördæmi enda vann flokkurinn góðan sigur í sveitarstjórnarkosningunum í fyrra og það er vilji til að halda þeirri sókn áfram," segir Þórunn.

GÓÐUR MATUR Geir H. Haarde forsætisráðherra og eiginkona hans, Inga Jóna Þórðardóttir, voru ánægð með veitingarnar sem boðið var upp á á landsfundinum.

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Árni Johnsen, sem skipar 2. sætið á lista sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi, Unnur Þormóðsdóttir, bæjarfulltrúi í Hveragerði, og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstóri í Hveragerði, skemmtu sér vel. „Það er alltaf ofsaleg upplifun að vera á landsfundi enda ekki hægt að komast í betri félagsskap," sagði Aldís. Árni tók í sama streng og sagði að sjálfstæðismenn væru hressir og glaðir þessa dagana. „Það er leikgleði í mönnum og menn eru tilbúnir að keyra í slaginn," sagði Árni.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Shellskálinn Reyðarfirði

Mikil gróska hefur verið í mannlífinu á Reyðarfirði að undanförnu og ljóst að íbúum bæjarins fer fjölgandi.

Við getum boðið þér/ykkur áhugavert tækifæri til sjálfstæðs atvinnureksturs með því að sjá um rekstur Shellskálans á Reyðarfirði. Ýmsir möguleikar eru til að byggja upp góðan rekstur á staðnum og taka að sér umsjón með eldsneytissölu og sölu á rekstrarvörum fyrir Skeljung.

Allar nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason rekstrarstjóri Shellstöðva og Rebekka Ingvarsdóttir starfsmannastjóri Skeljungs hf. í síma 444 3000. Umsóknarfrestur er til 23. apríl n.k. Umsóknir sendist til Skeljungs hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða á **ri@skeljungur.is.** *Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðunni www.skeljungur.is.*

Skeljungur hf.

Öryggissími

Aukin þjónusta við aldraða í heimahúsum

Reykjavíkurborg Velferðarsvið

HEILSUGÆSLAN Miðstöð heimahjúkrunar

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Starfsmaður óskast til starfa við símsvörun, æskileg menntun á heilbrigðis- og/eða félagssviði. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur yfir að ráða mikilli hæfni í mannlegum samskiptum, þolinmæði og útsjónarsemi. Starfsmaður mun hljóta viðeigandi þjálfun og fræðslu áður en starfið hefst.

Um er að ræða vaktavinnu á kvöldin og um helgar, aðra hverja viku.

Starfsemi símans hefst 1. september 2007 en ráðning verður frá 1. ágúst 2007. Ráðið verður til 6 mánaða í byrjun, með möguleika á framlengingu.

Öryggissíminn er nýtt úrræði sem styður við þá stefnu að gera öldruðum kleift að dvelja sem lengst á eigin heimili. Hér er um viðbótarúrræði að ræða fyrir aldraða einstaklinga sem búa við öryggisleysi og eru á biðlista eftir frekari þjónustu í Reykjavík.

Öryggissíminn er samvinnuverkefni milli Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Öryggismiðstöðvar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Brynhildur Barðadóttir verkefnisstjóri í síma 411 9000 eða 898 0604

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist til:

Skrifstofu Velferðarsviðs, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

eða á netfang:
brynhildur.bardadottir@reykjavik.is
fyrir 1. maí 2007.

FRAMTÍÐAR-STARF

SUMARSTÖRF Í BOÐI

Egill þjónustuverkstæði BYKO hf auglýsir laust til umsóknar starf viðgerðarmanns í heimilistækjum.

GÓÐ LAUN Í BOÐI

Helsta starfssvið:
- Viðgerðir á heimilistækjum.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Þekking/reynsla á heimilistækjaviðgerðum
- Menntun tengd starfinu æskileg
- Áhugi á viðgerðum
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

Einnig auglýsum við eftir sumarstarfsfólki til afleysinga í viðgerðarstörf og móttöku. Iðnnemar velkomnir til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Elfa í síma 5154161 og með tölvupósti, elfa@byko.is
Umsóknir berist fyrir 21. apríl til Elfu B. Hreinsdóttur, starfsþróunarstjóra BYKO hf, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti elfa@byko.is

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað

EGILL ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 9A (gul gata) • 200 Kópavogur • Sími 554 4445
Fax 554 4476 • Netfang: egill@egill.is • Veffang: www.egill.is

Starfsmaður í móttöku



Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir starfsmanni í móttöku ráðuneytisins. Um fullt starf er að ræða.

Starfssvið
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Fjölritun og skönnun fylgiskjala
- Afleysing í skjalasafni
- Umsjón með póstþjónustu og almenn fyrirgreiðsla

Leitað er að einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og gæddur þjónustulund og snyrtimennsku. Frumkvæði er góður kostur.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 20. maí. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 30. apríl nk.
Númer starfs er **6518**.

Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir og Ari Eyberg.
Netföng: inga@hagvangur.is og ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

VANTAR ÞIG RÉTTA STARFSFÓLKIÐ?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

TEITUR Hópferðabílar

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra í framtíðavinnu sem og sumar afleysingar.
Hægt er að fylla út Umsóknareyðublöð á www.teitur.is
Eins má senda umsókn á E-Mail starf@teitur.is
Upplýsingar í síma: 515-2700 Mán-Föst 09-16
Einar eða Ágúst

Afgreiðslustarf

Starfsmaður óskast til sölu- og afgreiðslustarfa í verslun með heimilistæki og innréttingar.

Reynsla af slíkum störfum æskileg,
tölvukunnátta nauðsynleg,
viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Reyklaus vinnustaður.

Umsóknir sendist til box@frett.is merkt
Afgreiðslustarf-301
fyrir 22. apríl n.k.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Aðstoðarleikskólastjóri Ægisborg

Leikskólinn Ægisborg, Ægisíðu 104, er fjögurra deilda skóli þar sem dvelja 86 börn samtímis.

Í starfi leikskólans er lögð áhersla á skapandi starf, frjálsan leik og ritmálsörvun.

Hæfniskröfur:
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is

Upplýsingar veitir Sigrún Birgirsdóttir leikskólastjóri í síma 863-1798 eða Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Fjarkönnunarsérfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til að hafa umsjón með skipulegri úrvinnslu og nýtingu fjarkönnunargagna. Um er að ræða gögn úr veðurratsjárkerfi stofnunarinnar og gögn úr gervihnöttum EUMETSAT og NOAA o.fl.. Verður áhersla lögð á að nýta þessi gögn til betri vöktunar umhverfis og ýmsa þjónustu Veðurstofunnar auk þess að nýta gögn þessi til ýmissa rannsókna. Þar sem hér er um nýtt verkefni að ræða er gert ráð fyrir að stofnunin muni styðja starfsmanninn til uppbyggingar sérþekkingar, ekki síst á erlendum vettvangi. Viðkomandi mun vinna með fjarkönnunarteymi Veðurstofunnar og jafnframt taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi um fjarkönnun.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í rafmagnsverk- eða tæknifræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði eða sambærilega menntun og/eða reynslu. Færni í forritun er nauðsynleg og viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í ensku. Áhersla er lögð á nákvæm og skipulögð vinnubrögð og góða samskiptahæfileika. Þar sem hér er um uppbyggingarstarf að ræða er áhersla lögð á að starfsmaðurinn hafi frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi.

Laun verða skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007 og skulu umsóknir berast skrifstofu veðurstofustjóra. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri veðursviðs Veðurstofunnar.

Verkefnastjóri vefmála

SPRON óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra vefmála með þekkingu á upplýsingatækni til starfa.

Starfssvið:

- Viðhald og þróun á innri og ytri vefjum SPRON heildarinnar
- Samskipti við þjónustuaðila
- Þróunarvinna í samvinnu við markaðssérfræðinga SPRON heildarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni á upplýsingatæknisviði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Reynsla af vefumsjón og þekking á vefumsjónarkerfum skilyrði
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í textagerð skilyrði
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð, rík þjónustulund og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Ægisson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs SPRON.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 23. apríl nk.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

*Spron byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.***

spron

MATÍS OHF.
Á AKUREYRI
SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST

Matís ohf. (Matvælarannsóknir Íslands) óskar eftir að ráða drífandi og duglegan sérfræðing til starfa hjá fyrirtækinu á Akureyri.

STARFSSVIÐ:

Til leigu 4 herb. íbúð í Furugrund. Uppl. í s. 554 0514 & 660 3025.

Mjög rúmgóð og snyrtileg 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. um fjölskylduhagi sendist á netfang cgtms@hotmail.com.

Til leigu tvær nýjar íbúðir í póstnr. 110. 3ja herb. 100 fm íbúð m/stæði í bílgeymslu. Verð 160þ. pr. mán. 2ja herb. 90 fm íbúð, verð 130þ. pr. mán. Hússj. og hiti innif. Íbúðirnar eru lausar strax. Áhugasamir sendi póst á avj@simnet.is

Keflavík Til leigu einstaklingsíbúð 30 fm verð 45 þ. með rafm., hita og aðgang að þvottavél. Reglusemi og skilvísar greiðslur skilyrði. Uppl. í síma 421 6221 & 695 6221.

Húsnæði óskast

Einstaklingsíbúð til leigu 30 fm. Við Barónstíg beint á móti Iðnskólan. Lítur út sem ný. Uppl. í s. 860 8066.

Reglusamt par óskar eftir íbúð á höfuðborgasvæðinu, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 697 6641.

Traustur aðili óskar eftir herb. til leigu, með aðg. að wc og helst sturtu í 3-12 mán. S. 844 1012.

Kona á miðjum aldri með smáhund óskar eftir 2.herb íbúð á sanngjörnu verði. Skilvísar greiðslur og er reyklaus. Uppl. í s. 846 7356.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði eða bílskúr!!!
Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði eða bílskúr til leigu. Ýmislegt kemur til greina og staðsetning ekki til fyrirstöðu.
Áræðanlegar og skilvísar greiðslur.
Áhugasamir hafið samband í s. 892 5106

Bílskúr

Til leigu 2 samliggjandi bílskúr á svæði 108. Gott geymsluhúsnæði. Hiti/rafmagn. Uppl. í s. 863 4121.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Evrópu
-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði.
AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978
email avm@avm.is

KFC

Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.
KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í dagvinnu. www.keiluhollin.is
Upplýsingar í síma 864 6112.

Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

American Style
Vantar þig góða vinnu í fullu starfi og í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American Style á Bíldshöfða málið. Vantar þig aukavinnu með skólanum? Pláss fyrir frábært fólk á Bíldshöfða og í Hafnarfirði á grilli . 19 ára aldurstakmark. (ath. ekki sumarvinna). Einnig laus störf í hlutastörf í sal í Hafnarfirði. 17 ára aldurstakmark. Sæktu um á american-style.is.
Upplýsingar gefur Herwig í síma 568 6836.

Great Wall Kínverskur Veitingastaður
Óskar eftir starfsmönnum í veitingasal, 18 ára og eldri. Reynsla æskileg í þjónustustörfum. Lausar stöður í fullu starfi og hlutastarfi.
Vinsamlegast hafið samband í síma 693 2010.

Húsasmiðjan
Óskar eftir afgreiðslumanni á kassa í verslun Húsasmiðjunar í Grafarholti.
Upplýsingar í síma 664 3624.

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir helgarstarfsmönnum í hreinlætistækjadeild og gólfefnadeild.

Reynsla kostur.
Upplýsingar í síma 660 3193.

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir starfsfólki til að vinna um helgar og í sumar.
Upplýsingar í síma 660 3193.

Húsasmiðjan Grafarholti
óskar eftir helgarstarfsfólki í málningardeild.
Upplýsingar í síma 660 3193.

Ert þú snyrtifræðingur eða fótaaðgerðafræðingur með reynslu?
Sem dreymir um að vinna á líflegri og skemmtilegri snyrtistofu? Þá er snyrtistofan Mist sú rétta fyrir þig. Fullt starf eða hlutastarf í boði.
Nánari upplýsingar í síma 577 1577 & 893 1577.

Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði óskast.
Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði óskast í 30% starf í Læknastöðinna í Glæsibæ frá 1.maí .
Upplýsingar gefur Fríður í síma 535 6865.

Blikksmiði ehf.
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn við blikksmíði.
Upplýsingar gefur Jón í s. 564 4111 & 893 4640.

Blikksmiði ehf.
Óskum eftir að ráða blikksmiði sem geta unnið sjálfstætt og stjórnað verkum.
Upplýsingar gefur Jón í s. 565 4111 & 893 4640.

HEIMABAKARÍIÐ

Færeyjar - framleiðslustjóri/meistarasveinn. Vegna mikilla umsvifa óskar íslenskt bakarí í Færeyjum eftir framleiðslustjóra / meistarasveini til starfa sem fyrst. Mikil verkefni framundan. Upplagt starf fyrir fjölskyldumann. Færeyjar eru sérlega barnvænn staður og náttúrufegurð mikil. Útvegum gott húsnæði. Nánari upplýsingar fást hjá Jóahnnesi E. Guðjónssyni Síma 00298596162.

TIL SÖLU

Fyrirtæki til sölu.
Sérhæft fyrir sjávarútveg.
Krefst 3-4 manna vinnuframlags.
Nánari upplýsingar í síma 892 7088.

Helgarvinna
Starfsfólk óskast í helgarstarf hjá Korninu Borgartúni og Hrísateig.
Uppl. í s. 864 1593.

Thorvaldsen
Thorvaldsen bar leitar eftir hressu, duglegu og flottu fólki, Til að koma og vinna á skemmtilegasta stað Íslands. Barþjónar, fólk í sal og uppvask. Þeir sem hafa áhuga hafið samband við Samúel í síma 697 9004 eða á sammi@thorvaldsen.is

Hlutastörf á Pizza Hut
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í hlutastörf í veitingasal og í eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandur 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.

Sumarafleysing í mötuneyti Aðfanga
Starfsmann vantar í sumarafleysingu í mötuneyti Aðfanga frá miðjum júní - loka ágúst. Starfið fellst í eldun og afgreiðslu á almennum heimilismat fyrir allt að 70 starfsmenn alla virka daga vikunnar frá 7-15. Vinnuaðstaða er mjög góð og er aðstoðarmanneskja í mötuneytinu hálfan daginn. Áhugasamir hafið samband við Svölu í síma 530 5600.

Atvinnuhúsnæði óskast
50-60 fm rými á götuhæð á stór Rvk. svæðinu óskast sem fyrst fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Leiga/kaup. Upplýsingar í s. 693 2267.

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

Skemmtileg vinna í vetur!!
Okkur vantar fólk í vinnu. Um er að ræða vaktavinnu, bjóðum uppá breytilegar vaktir og sveiganlegan vinnutíma. Vaktir sem hægt er að sníða að þínum þörfum! Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um. Hægt er að sækja um á stöðunum og á netinu-subway.is. Nánari upplýsingar í síma 530 7004.

Loftorka Reykjavík.
Óskar eftir vönum verkstæðismanni með réttindi á verkstæði okkar Miðhrauni 10 Garðabæ. Góð vinnu aðstaða. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0876.

JC Mokstur
Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.

Óska eftir starfsmanni í eldhús, fullt starf. Uppl. í s. 864 6112

Au pair Englandi. Íslensk læknahjón óska eftir barngóðri stúlku, 19 eða eldri, til að gæta 18 mán drengs. Uppl í s. 00441922746723 eða DrMatthildur@msn.com.

Við leitum að áhugasömum starfsmönnum til að aðstoða fólk með fötlun sem býr sjálfstæðri búsetu. Um er að ræða dag- og kvöldvinnu. Nánari uppl. veitir Sighvatur Blöndahl í s. 561 3141 & 896 5907. Umsóknum skal skilað á sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is

Europris, verslanir óska eftir starfsfólki, 533 3360, Europris.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir að ráða bifreiðastjóra til aksturs hópferðabifreiða. Reynsla af akstri stórra bifreiða æskileg. Uppl. í s. 894 4606 & 894 1910.

Vanan stýrimann og háseta vantar á 90 tonna yfirbyggðan línubát sem rær frá Dalvík. Uppl. í s. 868 7789.

Múrarar, byggingaverkamenn
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Næturáfylling
Verktaki óskast í næturáfyllingu í matvörubúð á höfuðborgarsv. Uppl. á umsjon.is/afylling

Hársnyrtir
Hársnyrtistofan Laugavegi 178 óskar eftir svein/nema. Uppl. gefur Elmar í s. 897 4191.

Hellulagnir
Vanir hellulagningarmenn óskast. Uppl. í s. 892 5590. Óskar.

Skipstjóra vantar á MB Surprise HU19 Uppl. 821 6664 / 893 5590.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 822 5229.

Saumastofa óskar eftir saumakonu á laugardögum. Uppl. í s. 565 6612 eftir kl.20.

Skrifstofudama óskast í 50-70% starf. Upplýsingar í síma 860 5418, Umhverfisprýði.

Rútubifreiðastjóri óskast í sumar í hringferðir. Uppl. í s. 567 2288, Víkingaslóðir.

Verkfag ehf.
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855

Bakarí-Bístró Ármúla
Óskum eftir starfskrafti í almennt veitinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

A retired lady from Germany is looking for a job. She was a teacher. She speaks little English. Very reliable worker. She needs a room in addition to it, if possible. Please contact 844 7420.

Matsveinn óskar eftir starfi helst á sjó, er vanur. Er laus 1 mai. Uppl. í s. 822 9562

Bakari óskar eftir vinnu. Fagl. bakari á stór Rvk. óskar eftir vinnu. Uppl. í. 692 4034.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Uppskriftir
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Einkamál

18plús.is
XXX samfélag
íslendinga á netinu
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

dating.is
Ertu að leita að ástinni í lífi þínu eða bara að félaga til að spjalla við? www.dating.is

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

MÁLÞING - FRÆÐSLUFUNDUR

Málþing – fræðslufundur

Húmar að kveldi
lifðu lífinu lifandi

Höndin alhliða mannræktarsamtök halda málþing í Áskirkju þriðjudagskvöldið 17. apríl , klukkan 20.30.

Framsögumenn:
Guðrún Jónsdóttir, hjá félagsstarfi aldraðra í Gerðubergi,
Guðrún Nielsen íþróttakennari.

Pistill og gamanmál:
Helgi Seljan.

Hugleiðing:
Sigurður Jónsson, sóknarprestur í Áskirkju.

Fundarstjóri verður Þórir Guðbergsson og Vinabandið mun flytja tónlist í upphafi fundar.

Umræður og kaffi.
Fjölmennið og takið með ykkur gesti

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

ATVINNA

Vélavörður!
Vélavörður óskast á togbát, gerður út frá Reykjavík. Uppl. í s. 843 4255.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

DANSGLEÐIN Í FYRIRRÚMI Nemendur í Dansstúdíói World Class sýna hæfileika sína í Borgarleikhúsinu á mánudaginn.

Afstæð dansfegurð

Árleg nemendasýning Dansstúdíó World Class-DWC í Laugum fer fram næstkomandi mánudaginn í Borgarleikhúsinu. Herlegheitin hefjast stundvíslega kl. 18 og ber sýningin í ár heitið „Afstæð fegurð“ sem vísar í fjölbreytileika fegurðarinnar í dansinum.

„Dansinn er alþjóðlegt tungumál þar sem ekki er gerður greinarmunur milli einstaklinga, litarafts, aldurs, kyns né annarra þátta. Dansinn er án fordóma og veitir þeim, sem stundar hann óumdeilda gleði, útrásar, byggir upp sjálfstraust, fær fólk til að gleyma stund og stað, hann ræktar bæði sál og líkama og er því fegurð hans afstæð,“ segir í fréttatilkynningu um sýninguna.

Nemendur dansstúdíósins hafa æft af miklum krafti fyrir sýninguna í allan vetur undir yfirumsjón Nönnu Óskar Jónsdóttur, deildarstjóra DWC, og kennara skólans. Nemendur í dansstúdíóinu eru á öllum aldri og er skipt í hópa eftir aldri og verður dansgleðin án efa í fyrirrúmi á morgun.

Nemendasýningar DWC hafa verið afar glæsilegar og fjölmennar í gegnum árin en nemendurnir munu sýna alls konar dansa. Á vegum Dansstúdíó World Class eru til dæmis kenndir barnadansar, salsa, freestyle, jazzfunk og hiphop dansar.

Miðasala á sýninguna fer fram á www.borgarleikhus.is. Hægt er að fá nánari upplýsingar um miðasölu með því að senda tölvupóst á netfangið: midasala@borgarleikhus.is eða í síma 568 8000.

120 1886 2006

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 37133 04/07

SÖGUSÝNING

Landsbankinn
120 ára

Dagskráin í dag

Misstu ekki af tækifærinu til að upplifa þessa einstöku sýningu – henni lýkur á næstu vikum

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Í dag, sunnudag, kl. 15:00
Leiksýningin *Brot úr sögu banka*, leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans í tónum og tali.

Sveinbjörn Guðbjarnarson verður á staðnum, leiðbeinir gestum og svarar spurningum.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opið virka daga kl. 11:00–17:00
og um helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

INVESTOR'S BUSINESS DAILY

NÁÐU BETRI ÁRANGRI Í FJÁRFESTINGUM

Investor's Business Daily heldur sitt fyrsta námskeið utan Bandaríkjanna í samstarfi við Glitni

Á þessu námskeiði, sem tekur einn dag, lærir þú m.a. eftirfarandi þætti sem aðstoða við að ná betri árangri í fjárfestingum:

- **Fjárfestingatækni sem notuð er af helstu sérfræðingum á sviði safnastýringar**
- **Val á bestu fyrirtækjunum og notkun tæknigreiningarkorta við kaup og sölu**
- **Hvernig koma skal auga á hættumerki og selja í tíma**

NÁMSKEIÐIÐ VERÐUR HALDIÐ **5. MAÍ Á HÓTEL NORDICA,** FRÁ KL. 8:30-17:00.
VERÐ: $1195. ATH! TAKMARKAÐUR FJÖLDI. SKRÁÐU ÞIG STRAX.
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM EFNI NÁMSKEIÐSINS OG SKRÁNINGU ER AÐ FINNA Á **WWW.GLITNIR.IS/IBD**

IBD er leiðandi á sviði fræðslu og upplýsinga til fjárfesta í Bandaríkjunum. Í því skyni gefur IBD út dagblað fyrir fjárfesta, rekur vefsvæði og heldur margvísleg námskeið.

Námskeiðunum er skipt upp í 4 stig (Level) og er þetta námskeið *Level 2: Intermediate Strategies for Successful Investing*

GLITNIR

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

PIPAR • SÍA • 60594

Markaðsnefnd um íslenska hestinn

Styrkumsókn

Markaðsnefnd um íslenska hestinn auglýsir eftir umsóknum um styrki til markaðstengdra verkefna erlendis. Nefndin starfar á vegum landbúnaðarráðuneytisins en Útflutningsráð Íslands fer með daglega umsýslu nefndarinnar.

Markmið með starfi nefndarinnar eru:

- *að auka útflutningsverðmæti hrossa.*
- *að auka verðmæti framleiðsluvara sem tengjast íslenska hestinum.*
- *að auka hlutfall ferðamanna sem nýta sér hestatengda ferðaþjónustu.*

Til að ná þessum markmiðum hefur nefndin til ráðstöfunar fjármagn til styrkja. Meginhersla er lögð á styrkveitingar til útgáfu- og kynningarmála, markaðssetningar og annarra verkefna sem styðja við hrossaræktendur, framleiðendur og ferðaaðila sem heildstæða atvinnugrein. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og samtök. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutunarreglur nefndarinnar og umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Útflutningsráðs Íslands **www.utflutningsrad.is**.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

LÉTT BYLGJAN 967

KYNNINGARFUNDUR UM FJARNÁM Í TÖLVUNARFRÆÐI

í Háskólanum í Reykjavík 17. apríl kl. 17:00

Í Háskólanum í Reykjavík er hægt að stunda fjarnám og nám með vinnu í tölvunarfræði. Frábær leið fyrir fólk sem ekki hefur tök á að stunda nám í dagskóla vegna vinnu eða búsetu.

Almennur kynningarfundur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík, Kringlunni 1, þriðjudaginn 17. apríl kl. 17:00.

Umsóknarfrestur um nám í tölvunarfræði er til 31. maí.

Nánari upplýsingar:
www.hr.is eða hjá
Ásrúnu Matthíasdóttur
asrun@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKA 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Heimur bestnandi fer

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER HAMINGJUSAMUR SMÁBORGARI

Hrikalega leiðist mér hið sígilda tuð um að heimurinn sé að versna. Kynferðisglæpir hafi aldrei verið fleiri, ofbeldi sé að aukast, börnum líði verr og þar fram eftir götunum. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta allt að skána og ef fer sem horfir þá náum við fljótlega því göfuga markmiði að sameinast og búa til betri heim.

Tökum sem dæmi yfirlýsinguna um að kynferðislegt ofbeldi sé að aukast og að klámgláp sé skaðvaldurinn. Hvernig dettur nokkrum manni í hug að lýsa slíku yfir? Kynferðisofbeldi var daglegt brauð í torfkofunum. Ég veit ekki betur en að árið 1627 hafi hingað komið fullt skip af mönnum sem nauðguðu allri vestmannesku kvenþjóðinni á einu bretti, og varla voru þeir að horfa á klám í káetunum á leiðinni til landsins?

Ég veit heldur ekki betur en að einelti og almennt ofbeldi gegn börnum hafi nánast verið látið afskiptalaust hér áður. Kennarar börðu á börnum ef svo bar undir og ekkert fundið athugavert við það. Börn voru barin af öðrum börnum og fullorðnum, bæði heima hjá sér og í skólanum, og þetta var kallað „ögun“ eða „stríðni“.

Hér áður fyrr áttu konur líka í vandræðum með að skilja við karlana sína ef þeir voru leiðinlegir. Það gat leitt til þess að þær þurftu að láta frá sér börnin eða gerast ráðskonur. Í dag þarf engin kona að sitja uppi með súran karl heldur geta þær pantað skilnað og plummað sig fínt, sem er hreinlega frábært. Einstæð móðir er sjálfstæð móðir. Og alkarnir? Þeir hafa SÁÁ og 12 sporin og geta sannarlega fengið hjálp til að venja sig af vitleysunni.

Í dag njótum við þess að velta okkur upp úr Mars eða Venus, spelti eða hveiti, Epal eða IKEA og allt saman er þetta undursamlegur lúxus og afleiðing þess að heimur bestnandi fer.

Auðvitað getum við þó alltaf á okkur blómum bætt. Það má satt best að segja bæta úr öllu svo lengi sem það er ekki fullkomið og hvað er fullkomið annað en draumalönd og útópíur? Er því ekki bara mál að brosa? Þetta fer síbestnandi.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

Stórir og mjúkir sófar frá HOME FEELING

Austria tungusófi
Stærð: 333cmX200cmXtungubr:112cm
Verð: 188.000,-
Fáanlegur í tweed og microfiber áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa

Ný húsgögn - stílhrein hönnun

Quant skápur
stærð: 100cmX40cmX105cm
Einnig fáanlegur í háglans svörtu
Verð: 77.000,-

Pink Dream tungusófi
Stærð: 360cmX150cmXtungubr:152cm
Verð 188.000,-
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa

Mikið úrval af
háglans húsgögnum

Romeo leðurtungusófi
Stærð: 320x165
Verð: 222.000,-

Veggskápur
Br:160cmxD:32cmxH:35cm
Verð: 59.000,-

Borðstofuskenkir
Tvær stærðir
Br:180cmxD:50cmxH:85cm
Br:240cmxD:50cmxH:85cm
Verð frá: 124.000,-

Glerskápur
Br:120cmxD:50cmxH:200cm
Verð: 138.000,-

Háglans sjónvarpsskenkur
Fáanlegur í stærðum:
240cmX50cmX45cm
180cmX50cmX45cm
120cmX50cmX45cm
Verð frá: 77.000,-
Einnig fáanlegir í hvítu háglans

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

Kiljur skella á markaðnum

Ýmis merki eru uppi um að bókaútgefendur hyggist sækja á markaðinn nú í aðdraganda viku bókarinnar sem hefst á þriðjudag: skammt er síðan Ari sendi frá sér tvo sænska krimma eftir glæpadrottningar þarlendra. Ormstunga sendi frá sér deiluritið *Bréf til Maríu* eftir Einar Má Jónsson en fyrir voru á bekk deilurit þeirra Harðar Bergmann og Eiríks Bergmann Einarssonar. Grámann er búinn að gefa út aðra þýðingu á verkum franska glæpasagnameistarans Fred Vargas, *Varúlfinn*, og toppinn eiga þeir hjá JPV: þar koma út sex bækur á næstu vikum, sumar komnar.

Allt eru þetta frumútgáfur en áður hefur kiljuútgáfa nánast eingöngu verið bundin við áður útgefnar innbundnar bækur. Þeir hjá JPV segja að reynslan sýni að grundvöllur sé fyrir kiljuútgáfu að vori, samanber frábærar undirtektir lesenda árið 2002 þegar JPV gaf út sex bækur samtímis að vori sem höfðu komið út í bandi jólin á undan. Nú er því ætlunin að láta á það reyna hvort hljómgrunnur sé fyrir nýjum bókum í kilju á almennum markaði, segja þeir á Bræðraborgarstígnum.

Rökin fyrir vorútgáfu eru kunn: oft heyrast kvartanir um að útgáfa nýrra bóka einskorðist um of við jólin og því sé ekki hægt að fjalla nægilega vel um alla titla. Þannig gefst lesendum kostur á að fá ný og fjölbreytt verk á meira en helmingi lægra verði en innbundnar bækur utan hinnar hefðbundnu jólabókavertíðar. Frumútgáfa í kilju er dýrari en að gefa út í kilju áður útkomna bók auk þess sem kiljur eru seldar á umtalsvert lægra verði en innbundnar bækur og því er ekki hægt að leggja sama kostnað í auglýsingar og algengt er á jólamarkaði.

Bækurnar sem nú koma út eru allar þýddar en ef þessi tilraun gefur góða raun kemur vel til greina að frumútgefa í kilju bækur eftir íslenska höfunda og skapa þannig tækifæri fyrir fleiri höfunda og auka fjölbreytnina á bókamarkaði, segja þeir hjá JPV. Meðal nýju bókanna sem koma á markað á næstu dögum og vikum hjá JPV eru *Tíburarnir*, eftir hollenska höfundinn Tessu de Loo, og *Saffraneldhúsið* sem er fyrsta skáldsaga hinnar íranskættuðu Yasmin Crowther. Báðar þessar bækur hafa hlotið afar góðar móttökur og lofsamlega dóma. *Skíðaferðin* er mögnuð saga eftir Emmanuel Carrère, höfund Óvinarins sem kom út fyrir nokkrum árum. Margir telja þetta besta verk þessa merka höfundar. *Hvítt á svörtu* er eftir rússneska höfundinn Ruben Gallego. Hann fæddist með heilalömun en afi hans skammaðist sín svo fyrir drenginn að hann sendi hann burt aðeins ársgamlan og taldi móður hans trú um að hann væri dáinn. Sagan hlaut rússnesku Booker-verðlaunin árið 2003 og hefur komið út á fjölda tungumála. Loks má nefna tvær vandaðar spennusögur, *Fimmta riddarann* eftir James Patterson og *Síðasta musterisriddarann* eftir Raymond Khoury, en báðir þessir titlar hafa tröllriðið metsölulistum um allan heim.

- pbb

KILJUR Á MARKAÐI Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi segir að nýútkomnar kiljur með þýddum frumútgáfum eigi framtíð sína undir því að almenningur taki þeim fagnandi - annars verði jólabókaflóðið eina árstíð bókarinnar hér á landi í sölu, til gjafa og í lestri.

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
20. apr fös. 9 sýning **kl. 20**
21. apr lau. 10 sýning **kl. 20**
26. apr fim. 11 sýning **kl. 20**
27 apr fös. 12 sýning **kl. 20**
28 apr lau. 13 sýning **kl. 20**
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámsseturs í apríl
su 15. apríl kl. 16 Mr Skallagrímsson **uppselt**
su 15. apríl kl. 20:30 JASS TÓNLEIKAR
mið 18. apríl kl.20 Mr.Skallagrímsson **uppselt**
fi 19. apríl kl. 20 Mýramaðurinn **Laus sæti**
fö 20. apríl kl. 20 Mr Skallagrímsson **uppselt**
lau 21. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
su 22. apríl kl. 16 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
má 23. apríl kl. 20 Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
fö 27. apríl kl. 20 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
lau.28.apríl kl 16 **aukasýning** Mr.Skallagrímsson **uppselt**
lau. 28. apríl kl. 20 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su. 29 aprríl kl. 16 **aukasýning** Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su 29. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsíngar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

12 13 14 **15** 16 17 18

Sunnudagur

LEIKLIST

☐ 20.00 Leikfélagið **Hugleikur** sýnir verkið **Bingó** eftir **Hrefnu Friðriksdóttur** í **Hjáleigunni**, Félagsheimili Kópavogs. Leikstjóri er **Ágústa Skúladóttir**.

☐ 21.00 Nemendur á öðru ári í **Fræði og framkvæmd** í **Listaháskóla Íslands** setja upp leiksýninguna **Tímabil** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Sýningin gerist öll í og í kringum jarðhúsin og er samin með sögu staðarins í huga. Sýningunni lýkur í dag.

☐ 13.00 **Borghildur Óskarsdóttir** sýnir verkið **OPNUR - sögur frá liðnum tíma í ljósi mynda** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Uppistaðan í sýninginni er ættar- og fjölskyldusaga sem tengist hinum ýmsu stöðum á sunnanverðu landinu, náttúrunni þar og húsunum.

☐ 13.00 í **SAFNI** við **Laugaveg** stendur yfir sýning franska myndlistarmannsins **Mathieu Copeland Exhibitions' ruins / Emotional Landscapes**. Sýningin byggir á leifum eða rústum eldri sýninga. Sýningin stendur til 13. maí.

☐ 14.00 í **Listasafni Íslands** stendur yfir yfirlitssýning á verkum **Jóns Engilberts** og **Jóhanns Briem**. Í dag verður leiðsögn um sýningu hins fyrrnefnda í fylgd **Erlendar Sveinssonar** kvikmyndagerðarmanns. Aðgangur er ókeypis.

SÝNINGAR

☐ 10.00 **Bjarni Sigurbjörnsson** sýnir á vegum **Anima gallerís í Iðuhúsinu** við Lækjargötu. Á sýningunni Iður er málverkainnsetning.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

DIANA Á YFIRGEFNUM LEIKVELLI Í YFIRGEFNUM BÆ Kvikmyndagerðarkonan Tone Grøttjord kynntist síðustu íbúum í smábænum Prirechnyy í Rússlandi.
MYND/MOTLYS - THORSTEIN NODLAND

Góðar myndir í boði í dag

Annað eins framboð á fínum heimildarmyndum þekkist vart utan hátíða. Það er dagur heimildarmyndarinnar í dag.

Í Háskólabíói verður frumsýnd myndin Tímamót eftir þá félaga Guðmund Erlingsson og Herbert Sveinbjörnsson. Hefst sýningin kl. 17. Hefur verið fjallað nokkuð um myndina hér í blaðinu og víðar en hún er merkilegt tillegg í umræðu um jafnréttismál hér á landi. Aðalpersónur hennar eru þrír elskulegir menn sem standa á ákveðnum tímamótum en þeir eru í fyrsta sinn að eignast sitt eigið heimili.

Á sama tíma verður sýnd frábær mynd eftir ungan norskan leikstjóra um yfirgefinn námabæ í norðurhluta Rússlands á vegum Reykjavik Documentary Workshop. Myndin er sýnd í Tjarnarbíói í samstarfi við kvikmyndaklúbbinn Fjalaköttinn. Myndin er frá 2006 og er 52 mín. að lengd. Hún fjallar um íbúa rússneska bæjarins Prirechnyy, sem hafa fengið bréf frá stjórnvöldum Murmansksýslu um að bærinn þeirra sé ekki lengur til. Þrátt fyrir það neita um sjötíu eldri borgarar að yfirgefa þennan fyrrverandi námubæ. Við kynnumst fjórum þeirra í skrítinni og smárri veröld þeirra í Norður-Rússlandi. Eru það einkum konurnar sem eru þungamiðjan og eru örlög þeirra ógleymanleg í nærfærinni túlkun leikstjórans, sem vann verkið strax eftir nám. Tone Grøttjord nam kvikmyndafræði við National Film and Television School í Bretlandi. Grøttjord hefur unnið fyrir framleiðslufyrirtækið Motlys síðan 2003. Prirechnyy er fyrsta mynd hennar í fullri lengd.

Fimmtudaginn síðasta var Kvikmyndaklúbbi Akureyrar hleypt af stokkunum með sýningu ítölsku myndarinnar Non ti muovere í Nýja bíó. Þeir halda áfram fyrir norðan: á morgun, 18. og 20. apríl verða sýndar þrjár myndir frá kínverska menningarsvæðinu í Borgarbíói. Sýningar hefjast kl. 18.00 og er aðgangur ókeypis. Gestum er boðið að skrá sig í KvikYndi, Kvikmyndaklúbb Akureyrar.

Hér sunnan heiða heldur áfram glæsilegri dagskrá Fjalakattarins í Tjarnarbíó. Utan Prirechnyy eru hefur klúbburinn sýningar á myndum franska kvikmyndagerðarmannsins Raymond Depardon. Næstu þrjár helgar sýnir klúbburinn átta myndir eftir hann í samstarfi við Franskt vor á Íslandi. Herlegheitin hefjast með þrjúbíói í dag þar sem fyrsti hluti þríleiksins „Bændurnir“, tíu ára kvikmyndaverkefnis Depardon þar sem hann skrásetur breytingar í landbúnaði, verður sýnd.

Á morgun verða síðan sýndir tveir hlutar af þremur úr verkefninu „Blaðamenn“ þar sem Depardon fylgir eftir frambjóðanda í kosningaham og kynnir sér líf paparazzi-ljósmyndara.

Í kvöld endursýnir Fjalakötturinn enn fremur kínversku kvikmyndirnar Kyrrmynd og Dong en þær verða sýndar á Akureyri um næstu helgi. **- pbb/khh**

Slær ekki slöku við

Uppselt hefur verið á þrenna afmælistónleika söngkonunar geðþekku Helenu Eyjólfsdóttur og því verður efnt til þeirra fjórðu í Salnum í Kópavogi í kvöld.

Helena Eyjólfsdóttir fagnar 50 ára söngafmæli um þessar mundir og syngur ásamt úrvali íslenskra tónlistarmanna. Sérstakir gestasöngvarar á tónleikunum eru Þorvaldur Halldórsson og Raggi Bjarna. Þau flytja dægurlög liðinna ára ásamt lögum Helenu sem þekkt eru, djasslög og lög úr smiðju hljómsveitar Ingimars Eydal sem framkalla hina einu sönnu Sjallastemningu.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.

SÍGILD Söngkonan Helena Eyjólfsdóttir heldur uppi fjörinu.

„EKKI MISSA AF EDDU BJÖRGVINS EINS OG HÚN GERIST BEST!“

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í LEIKSTJÓRN ÞÓRHILDAR ÞORLEIFSDÓTTUR

ÞAÐ ER ENGIN LEIÐ AÐ HÆTTA!
AUKASÝNINGAR 17. APRÍL, 2. MAÍ OG 5. MAÍ

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Reykvíkingar!

xS

Kosningamiðstöð Samfylkingarinnar í Reykjavík opnar í dag, sunnudaginn 15. apríl, í gamla Landsímahúsinu við Austurvöll. Í tilefni þess bjóðum við ykkur í kaffi og góðgæti og börnunum upp á pylsur og hoppikastala frá kl. 15:00 - 17:00.

Sjáumst í dag!

Samfylkingin

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PERFECT STRANGER	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
PERFECT STRANGER SÝND Í LÚXUS	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
SUNSHINE	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 1, 3, 5, 7, 9 og 11
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 2 og 4
TMNT	kl. 2, 4, 6, og 8 B.I. 7 ÁRA
SCHOOL FOR SCOUNDRELS	kl. 10

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SUNSHINE	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
THE SCIENCE OF SLEEP	kl. 3, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 3 og 6
TMNT	kl. 3 og 6 B.I. 7 ÁRA
SCHOOL FOR SCOUNDRELS	kl. 3, 5.45, 8 og 10.15
THE ILLUSIONIST	kl. 8 og 10.15

Borgarbíó SÍMI 462 3500

PERFECT STRANGER	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
HOT FUZZ	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
SCHOOL FOR SCOUNDRELS	kl. 8
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 4 og 6
TMNT	kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is
MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnbogann merktar með rauðu.
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu.
midi.is
BÍÓ.IS – allt á einum stað

Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

Fiskbollur með gulrótum og hvítlauk

(fyrir 4)

500 g	ýsuhakk
4 msk.	heilhveiti
1 tsk.	salt
1/2 tsk.	pipar
1	egg
1 1/2 dl	súrmjólk eða mjólk
2	gulrætur, rifnar
1	hvítlauksrif, marið
1	laukur, lítill, saxaður
2 msk.	steinselja, söxuð fínt
1 1/2 msk.	matarolía

Hrærið saman hakki, hveiti, salti, pipar, eggi og súrmjólk.
Bætið gulrótum, hvítlauk, lauk og steinselju út í. Gott að setja í kæli í 30-60 mínútur.
Mótið bollur og steikið í olíu á pönnu í 7-8 mínútur á hvorri hlið.

Sinnepssósa:

2 dl	súrmjólk
1 tsk.	sinnep
1 msk.	graslaukur
1/4 tsk.	salt
1/2 tsk.	pipar

Hrærið saman súrmjólk og sinnepi og kryddið með graslauk, salti og pipar.

Berið fram með soðnum kartöflum, tómatsalati (tómatar, blaðlaukur og ólífur saxað saman) og sinnepssósu.

Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is

LÝÐHEILSUSTÖÐ
LANDSSAMBAND smábátaeigenda

KRYDDÞÍAN Halliwell vonast til þess að bækur hennar hvetji börn til að lesa meira.

Geri skrifar barnabók

Söngkonan Geri Halliwell hyggst venda kvæði sín í kross og hefur skrifað undir útgáfusamning við bókaforlagið Macmillan. Ekki ætlar Geri þó að svipta hulunni af skrautlegum árum með Spice Girls heldur er ætlunin að gefa út barnabók um ævintýri Ugeniu Lavender. „Mér líður loks eins og ég hafi fundið mína réttu hillu þegar ég skrifa," sagði Halliwell við blaðamenn. „Ég hef skrifað frá því ég man eftir mér og ég elskaði að búa til ævintýraheim."

Knightley og Lohan elskast

Hún er ekki öll vitleysan eins sem kemur frá glanstímaritum vestan hafs. Og það nýjasta er að leikkonurnar Keira Knightley og Lindsay Lohan muni leika í erótískri ástarsenu ásamt leikaranum Matthew Rhys í mynd um ljóðskáldið Dylan Thomas.

Sá sem ef til vill gleðst hvað mest yfir þessum tíðindum er jú leikarinn Rhys. „Það verður hugsanlega heit ástarsena í myndinni með okkur þremur og vonandi fæ ég að taka þátt," lét Rhys hafa eftir sér.

LOHAN Þær sögur berast að hún muni leika í erótískri ástarsenu með Keiru Knightley og Matthew Rhys.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

BYRJAÐU DAGINN Á BÍÓFERÐ > SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

ANNAR ÞESSARA TVEGGJA HEFUR HEILA.... ...Á STÆRÐ VIÐ HNETU !

GLITNIR

ROWAN ATKINSON MR. BEAN'S HOLIDAY

OG ÞÚ SEM HÉLST AÐ ÞÍN FJÖLSKYLDA VÆRI SKRÍTIN...

★★★ SV MBL

GLITNIR

Börn sjá meira en fullorðnir gera sér grein fyrir!

STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM

THE MESSENGERS

Háspenna, lífshætta frá Pang Bræðrum.

25 SAMBÍÓIN

MATT DAMON ANGELINA JOLIE ROBERT DE NIRO

ALEC BALDWIN BILLY CRUDUP MICHAEL GAMBON WILLIAM HURT JOSEPH FIENNES

VIP

Úrvalslið leikara í magnaðri kvikmynd undir tryggri leikstjórn Robert DeNiro

THE GOOD SHEPHERD

Ósögð saga öflugustu leyniþjónustu fyrr og síðar, CIA.





Háskólabíó

Háskólabíó					
THE GOOD SHEPERD	kl. 3 - 6 - 9 - 10:30	B.i.12	WILD HOGS	kl. 8:15 - 10:30	b.i.7
BECAUSE I SAID SO	kl. 3:30 - 6 - 8:15 - 10:30	Leyfð	300.	kl. 3 - 5:30 -8-10:30	B.i.16
MRS POTTER	kl. 3 - 8	Leyfð	THE GOOD...	kl. 3 - 5:30	B.i.16

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

THE GOOD SHEPERD	kl. 8 - 11	B.i.12	ROBINSON F... ÍSL TAL	kl. 1 - 1:30 - 3 - 3:40 - 5:50	Leyfð
GOOD SHEPERD VIP	kl. 2 - 5 - 8 - 11		WILD HOGS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	b.i.7
THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:20	B.i.16	300.	kl. 5:30	B.i.16
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	Leyfð	MUSIC & LYRICS	kl. 3:40	Leyfð
HOT FUZZ	kl. 8 - 10:30	B.i.16	BRIDGE TO TEREBITHIA	kl. 1:30	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:30	B.i.16	
ROBINSON... M/- ÍSL TAL	kl.1:50 - 4 - 6:10	Leyfð	DIGITAL-3D
MEET THE.. M/- ENSKU Tali	kl. 8:10 ólextuð	Leyfð	DIGITAL-3D
BECAUSE I SAID SO	kl. 1:40 - 3:40 - 5:50-8-10:20	Leyfð	
300.	kl. 10	B.i.16	DIGITAL
NORBIT	kl. 1:50 - 3:50	Leyfð	DIGITAL

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 4 - 6 - 8 - 10	Leyfð-
MEET THE ROBINSONS	kl. 2	Leyfð
HAPPILY NEVER AFTER	kl. 2 - 4	Leyfð
MEET THE ROBINSONS	kl. 6	Leyfð
CHAOS	kl. 8	B.i. 16
SMOKING ACES	kl. 10:10	B.i. 16

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
THE MESSENGERS	kl. 8 - 10	B.i. 16
MEET THE... M/- ÍSL TAL	kl . 2 - 4	Leyfð
BRIDGE TO TEREBITHIA	kl. 6	Leyfð
WILD HOGS	kl. 8 - 10	B.i.7

www.SAMbio.is (575 8900 www.SAMbio.is

Fallvölt frægð Idol-stjörnu

Flestir þátttakendur í American Idol ganga með frægð og frama í maganum í landi drauma og tækifæra. Fyrir Oliviu Mojic hefur sá draumur nú breyst í hálfgerða martröð.

Bandarískir fjölmiðlar eiga vart orð yfir því kynlífsmyndbandi sem virðist hafa lekið á netið. Það er sagt djarfara en nokkuð annað og þegar hefur klámmyndafyrirtækið Vivid eignað sér réttinn yfir því og stofnað heimasíðu því til heiðurs sem ber hið mjög svo tvíræða heiti hardcoreidol.com. Mojic hefur ekkert viljað tjá sig um málið og virðist vera farin í felur

OLIVIA MOJIC Kynlífsmyndband með Idol-keppandanum hefur verið selt hæstbjóðanda en það þykir með eindæmum gróft.

en ekki er ljóst hvenær myndbandið var tekið upp og með hverjum það var.

Olivia tók þátt í annarri þáttaröðinni af Idolinu, þá aðeins átján ára gömul. Hún vakti athygli fyrir fríða snoppu en var svo ólánssöm að lenda í hóp með Clay Aiken og Ruben Studdard sem síðar börðust um sigurinn í lokaþættinum árið 2003. Mojic ákvað að láta reyna á frægðina en hafði ekki erindi sem erfiði. Og hefur að undanförnu unnið við að syngja á börum með hinni lítt þekktu hljómsveit The Watchdogs.

Fjölmiðlar þar vestra eru þó farnir að setja ákveðna varnagla við þessa „leka“ á kynlífsmyndböndum smástjarnanna enda virðast þau vekja mikla athygli á því fólki sem þar stundar kynlífsleiki fyrir framan myndavél. Nægir þar að nefna Kim Kardashian en klámiðnaðurinn í Bandaríkjunum barðist um að fá myndbandið og voru það síðar Vivid-pictures sem hrepptu það. Breska

PARIS HILTON Myndbandið One Night in Paris seldist í bílförmum og vakti enn meiri athygli á fyrirsætunni og hótelerfingjanum.

undirfatafyrirsætan Keeley Hazell lék lítið hlutverk Cashback en vakti ekki síður mikla athygli fyrir kynlífsmyndband sem lak út.

Þetta vandamál stjarnanna við „óheiðarleika“ starfsmanna þeirra hefur komið mörgum þeirra á forsíðu götublaðanna og er þar skemmst að minnast myndbanda með Paris Hilton og Britney Spears.

KVIKMYNDAKLÚBBURINN FJALA KÖTTURINN

SUNNUDAGUR 15. APRÍL TJARNARBÍÓI

FILMFEST.IS SKRÁNING STENDUR YFIR

KLUKKAN 15.00
SVIPMYNDIR ÚR SVEITINNI
AÐKOMAN
(*Profils paysans: L'Approche*), (FRA), Raymond Depardon, 2001.

KLUKKAN 17.00
REYKJAVÍK DOCUMENTARY WORKSHOP:
PRIRECHNYY
(NOR), Tone Grøttjord, 2006.

KLUKKAN 19.00
KYRRMYND
(*Still Life*)
(CHI), Jia Zhang-ke, 2006.

KLUKKAN 21.15
DONG
(CHI), Jia Zhang-ke, 2006.

4 dagar eftir!

AF RÝMINGAR-SÖLUNNI

30-70% AFSLÁTTUR!

www.ondvegi.is, ondvegi@ondvegi.is

OPIÐ Í DAG

SUNNUDAG KL. 13-17.

Öndvegi HÚSGAGNAVERSLUN

ÖNDVEGI HÚSGAGNAVERSLUN, SÍÐUMÚLA 20,
SÍMI 568 8799 - OPIÐ Í DAG, SUNNUDAG 13-17.

Grafíska smiðjan ehf. 04-07

> Frábær árangur á NM

Gerpla varð Norðurlandameistari í hópfimleikum í gær og lið Ármanns/Gróttu vann til silfurverðlauna í keppni blandaðra liða á Norðurlandamótinu í hópfimleikum í gær en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland sendir lið í þessa grein. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland eignast Norðurlandameistara í hópfimleikum. Þetta var því mjög stór dagur fyrir íslenska fimleikasögu.

sport

sport@frettabladid.is

EINVÍGIÐ

Garðar Bergmann Gunnlaugsson

1. Hann var ekki íslenskur, ég veit það en ég man ekki hvað hann heitir. (0)
2. Ég veit að hann er 184 cm. (0)
3. Þrjá. (1)
4. Ég segi bara Valur. (0)
5. Það veit ég ekki. Giska á Grindavík og Keflavík í karla og KR og Keflavík í kvennaflokki. (0)
6. Ég bara man það ekki. (0)
7. Það veit ég ekki, ég bý í Svíþjóð. (0)
8. Ég veit að Eiki Hauks er að syngja það en man ekki hvað það heitir. (0)

Samtals: **1 stig.**
Stefán hafði nauman sigur á Garðari og getur þakkað fyrir þekkingu sinni á kvennakörfubolta. Þeir leika báðir með Norrköping í sænsku 1. deildinni sem hefst í dag.

1. Hver vann X-Factor?
2. Hvað er Garðar/Stefán hávaxinn miðað við heimasíðu Norrköping?
3. Hvað hefur ÍA unnið marga Íslandsmeistaratitla undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar?
4. Hvaða lið er Íslandsmeistari kvenna í handbolta?
5. Hvaða lið eigast við í úrslitarimmum karla og kvenna í Íslandsmótinu í körfubolta?
6. Hvaða kylfingur vann Masters-mótið nýlega í Bandaríkjunum?
7. Hvað heitir nýr stjórnmálaflokkur sem Ómar Ragnarsson er í forsvari fyrir?
8. Hvað heitir framlag Íslands í Evróvisjon þetta árið?

Stefán Þór Þórðarson

1. Ekki hugmynd. (0)
2. 184 cm. (0)
3. Þrír. (1)
4. Haukar. (0)
5. Keflavík-Njarðvík í karla, Keflavík og Haukar hjá konunum. (0,5)
6. Ég bara man það ekki en ég veit að hann er 31 árs. (0)
7. Hlýtur að vera eitthvað í líkingu við Græni flokkurinn. (0)
8. Ég hlustaði á það í gær, veit að Eiríkur Hauksson syngur en veit ekki hvað það heitir. (0)

AÐALFUNDUR
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

17. apríl 2007 á Hótel Nordica

OPIN DAGSKRÁ

14:00 „ÍSLAND 2050 – TVEIR Á MÓTI EINUM"
Framtíðarleiftur
Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ræða Geirs H. Haarde, forsætisráðherra

15:00 Kaffiveitingar – framtíðarmyndir

15:30 Hvert stefnum við?
Niðurstöður könnunar Capacent Gallup á framtíðarviðhorfum Íslendinga
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent Gallup

Umræður:
Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. rektor HR
Karl Wernersson, Milestone
Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá
Þóra Helgadóttir, hagfræðingur í greiningardeild Kaupþings
Þórður Friðjónsson, forstjóri Nordic Exchange á Íslandi
Stjórnandi: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

16:30 Fundarlok
Fundarstjóri: Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums

Fundarmenn fá ritið:
Ísland 2050 - Hvert stefnum við?
English translation

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Skráning á vef SA – **www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

FIMMFALDIR MEISTARAR Haukar unnu Íslandsmótið, bikarinn, deildina, fyrirtækjabikarinn og meistarakeppnina í vetur. Stelpurnar fögnuðu líka táknrænt í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimmti titillinn í Fjörðinn

Haukakonur eru Íslandsmeistarar í körfubolta annað árið í röð eftir 77-88 sigur í Keflavík í gær. Helena Sverrisdóttir var valinn besti leikmaður úrslitanna.

KÖRFUBOLTI Haukar eru Íslandsmeistarar í Iceland Express-deild kvenna annað árið í röð eftir 3-1 sigur í úrslitaeinvíginu á móti Keflavík. Haukar tryggðu sér titilinn með ellefu stiga sigri í Keflavík í gær, 77-88.

Haukaliðið byrjaði leikinn af miklum krafti en heimastúlkur gáfust aldrei upp og voru yfir í hálfleik, 44-42, eftir að hafa skorað 15 stig í röð í lok annars leikhluta. Keflavíkurliðið náði aftur að minnka muninn í þriðja leikhluta eftir að Haukarnir höfðu komist 12 stigum yfir en í lokaleikhlutanum voru Haukastúlkurnar sterkari og lönduðu 11 stiga sigri.

Haukar unnu þar með alla fimm titlana sem voru í boði í vetur og töpuðu aðeins fjórum leikjum á tímabilinu. Ifeoma Okonkwo átti frábæran fyrri hálfleik og var í aðalhlutverki ásamt Helenu Sverrisdóttur sem skoraði allar stærstu körfurnar á lokasprettinum.

Ágúst Björgvinsson, þjálfari Haukaliðsins, gat verið ánægður í lokin enda búinn að byggja upp frábært lið. „Þetta var magnaður leikur. Við komumst nokkrum sinnum tíu stigum yfir en þær náðu alltaf að jafna aftur. Það var ótrúleg barátta í öllu liðinu í mínu og þær ætluðu allar að vinna þennan leik," sagði Ágúst í leikslok.

„Það var rosalega erfitt að sjá á eftir sigrinum í síðasta leik og ég held að það séu fáir sem gera sér grein fyrir því hvað við erum með ungt lið. Við erum yngsta liðið í deildinni og það var erfitt að ná þeim upp eftir tap þegar við vorum komin með titilinn. Þetta hefur þýtt margar andvökunætur hjá mér en stelpurnar voru staðráðnar í að klára þetta í dag," sagði Ágúst og bætir við. „Það er ótrúlegur dugnaður og mikil metnaður hjá þessum stelpum sem vilja leggja mikið á sig. Við erum með stóran hóp og það er mikið af efnilegum stelpum í Haukum," sagði Ágúst stoltur.

Ágúst hefur unnið mikið með Helenu Sverrisdóttir og á mikinn þátt í bestu körfuboltakonu landsins. „Hún var mögnuð í þessari úrslitakeppni og ekki bara í kvöld," sagði Ágúst um Helenu sem var að spila sinn síðasta leik með Haukum áður en hún fer í skóla til Bandaríkjanna. Hún endaði á enn einum stórleiknum og var í lok hans valin besti leikmaður úrslitanna. Helena var líka kát í leikslok.

„Það var skemmtilegt að vinna svona leik. Við reyndum að gleyma því sem gerðist á fimmtudaginn og ætluðum að vinna hér í dag. Það líka miklu skemmtilegra að vinna í beinni í sjónvarpinu og í Keflavík," sagði Helena í léttum tón.

„Við vorum að spila mjög góða vörn og vorum miklu ákveðnari í dag. Á þriðjudaginn vorum við með unninn leik en síðan gerðist eitthvað í hausnum á okkur. Við lögðuðum það fyrir þennan leik, héldum haus allan tímann og spiluðum mjög vel. Við sýndum að við erum með besta liðið. Það var mjög svekkjandi að tapa bikarnum í fyrra og við stefndum að því allan tímann að vinna all fimm titlana sem voru í boði," sagði Helena og hún kveður sátt. „Það er ekki leiðinlegt að fara frá liðinu þegar við höfðum unnið alla titlana," sagði Helena að lokum.

BIKAR Á LOFT Pálína Gunnlaugsdóttir og Helena Sverrisdóttir, fyrirliðar Haukaliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stig Keflavíkur: María Ben Erlingsdóttir 17, Kesha Watson 17, Rannveig Randversdóttir 13, Birna Valgarðsdóttir 9, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 8, Svava Ósk Stefánsdóttir 6, Margrét Kara Sturludóttir 4, Bryndís Guðmundsdóttir 3.
Stig Hauka: Ifeoma Okonkwo 32, Helena Sverrisdóttir 29, Kristrún Sigurjónsdóttir 10, Pálína Gunnlaugsdóttir 9, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 6, Unnur Tara Jónsdóttir 2. **ooj@frettabladid.is**

ÞJÁLFARINN Ágúst Björgvinsson hefur gert frábæra hluti með Haukaliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Coca-Cola
zero KYNNIR
Sailesh
ÓRITSKOÐAÐUR
VARÚÐ!
BANNAÐ INNAN 18 ÁRA
27. APRÍL Á BROADWAY
FYNDNASTI GRÍNDÁVALDUR HEIMS OG UPPÁHALDS SKEMMTIKRAFTUR ÍSLENDINGA SNÝR LOKSINS AFTUR OG NÚ MEÐ SÉRSTAKA COKE ZERO SÝNINGU.
MIÐASALA ER HAFIN, AÐGANGSEYRIR ER 2500 KR. OG AÐEINS 800 MIÐAR Í BOÐI.
ÞÚ FÆRÐ 25% AFSLÁTT GEGN FRAMVÍSUN 3JA COKE ZERO TAPPA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT.
ALLT UM SAILESH Á WWW.BRAVO.IS
BRAVÓ!

Stórleikur Tysons og annar frábær endasprettur Sola

KR-ingar enduðu 29 leikja sigurgöngu Njarðvíkur í Ljónagryfjunni með 92-96 sigri og geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í DHL-Höllinni á morgun.

KÖRFUBOLTI KR-ingar eru komnir í lykilstöðu eftir 92-96 sigri á Njarðvík í Ljónagryfjunni. Þetta var annar sigur KR í röð í einvíginu og liðið getur nú tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn í sjö ár með sigri á heimavelli í fjórða leiknum í DHL-Höllinni á mánudagskvöldið.

Njarðvíkingar voru sjö stigum yfir, 86-79, þegar fimm mínútur voru eftir en þá rann upp tími Jeremiah Sola alveg eins og í leik tvö. Sola, sem hafði aðeins skorað 6 stig fyrstu 35 mínútur leiksins, skoraði 7 stig á þriggja mínútna kafla og kom loks KR yfir, 86-88, í fyrsta sinn í seinni hálfleik þegar tæpar tvær mínútur voru eftir. KR-ingar héldu síðan frumkvæðinu út leikinn.

„Það hefur verið gegnumgangandi hjá okkur að vera aðeins fyrir aftan og taka þetta síðan á breiddinni í lokin," sagði Benedikt Guðmundsson, kampakátur þjálfari KR, í leikslok.

„Ég sagði við Sola áðan að leikurinn byrjaði klukkan átta á mánudaginn en hann þyrfti að vera kominn í hús ekki seinna en korter yfir níu," sagði Benedikt í léttum tón en bætti síðan við: „Hann er búinn að bulla þvílíkt í fyrstu þremur leikhlutum en svo skilar hann sér í restina," segir Benedikt, sem var í skýjunum með Tyson.

„Þetta var hans allra besti leikur í KR-búningi í vetur. Ég var búinn að lofa honum fimm mínútna hvíld í fyrri hálfleik en ég bara tímdi ekki að taka hann út af. Hann var magnaður í þessum leik." Benedikt skilur ekkert í umræðunni. „Við erum ekki að mæta hingað til þess að vera með því við ætlum að taka þetta og þurfum bara einn sigur í viðbót. Nú er lag að fá titilinn í Vesturbæinn," sagði Benedikt að lokum.

„Það eru mikil vonbrigði að fá á okkur 96 stig á heimavelli. Við erum búnir að fá á okkur einu sinni 80 stig í úrslitakeppninni og við föllum á því í dag," sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leikinn.

MAGNAÐUR Tyson Patterson átti frábæran leik í Njarðvík í gær. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

„Við skorum 92 stig og fáum tíu stig eða meira frá sex leikmönnum. Það er hrikalega sárt að tapa svoleiðis leik. Þetta þýðir að í staðinn fyrir að fara upp eftir og tryggja okkur Íslandsmeistaratitil þá förum við bara þangað til þess að ná okkur í oddaleik. Ég hef fulla trú á mínum mönnum, við vitum að við getum spilað betur en í síðustu tveimur leikjum og þurfum bara að klára 40 góðar mínútur," sagði Einar.

„Ég fann taktinn í þessum leik og strákarnir í liðinu voru duglegir að hjálpa mér," sagði Tyson Patterson sem var með 31 stig, 13 stoðsendingar og 9 fráköst í leiknum. „Lykillinn að þessum sigri var að við héldum alltaf áfram að keyra upp hraðann og sækja á körfuna. Við sóttum á körfuna hverja einustu mínútu í leiknum," sagði Tyson eftir leik.

„Þetta er stór sigur fyrir alla í liðinu og alla í félaginu. Mér leið vel í dag en ég er ánægðastur með að við unnum leikinn og gerðum þetta saman sem eitt lið," sagði Tyson að lokum.

Stig Njarðvíkur: Jeb Ivey 21 (7 stoðs.), Brenton Birmingham 19 (16 í fyrri, 6 frák., 6 stoðs.), Igor Beljanski 14, Jóhann Árni Ólafsson 13, Friðrik Stefánsson 11 (9 frák.), Egill Jónasson 10, Guðmundur Jónsson 4.

Stig KR: Tyson Patterson 31 (13 stoðs., 9 fráköst, 9 fiskaðar villur), Fannar Ólafsson 14, Edmond Azemi 13, Jeremiah Sola 13, Brynjar Björnsson 9, Darri Hilmarsson 8, Baldur Ólafsson 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3.

ooj@frettabladid.is

Næstsíðasta umferð DHL-deildar karla fer fram í dag:

Valur getur orðið meistari í dag

HANDBOLTI Næstsíðasta umferð DHL-deildar karla í handbolta fer fram í dag og það er mikil spenna á bæði toppi og botni deildarinnar.

Úrslitin geta ráðist á báðum vígstöðvum; Valsmenn geta tryggt sér titilinn og Haukamenn geta bjargað sér frá falli. Liðin verða í sviðsljósinu í stórleikjum dagsins í Digranesi og á Seltjarnarnesi. Þar fá báðir Íslandsmeistarakandídatarnir lið í bullandi fallhættu í heimsókn. Valur og HK eru jöfn á toppnum en Valsmenn eru ofar á betri árangri í innbyrðisviðureignum.

Valsmenn spila tvo síðustu heimaleiki sína á Seltjarnarnesinu og þangað koma ÍR-ingar í heimsókn í dag. ÍR-ingar verða að vinna og treysta á að Haukar og Fylkir tapi sínum leikjum því annars eru ÍR-ingar fallnir. Valsmenn unnu tíu marka sigur í fyrsta leik á Nesinu, hafa unnið tvo leiki við ÍR með 9 mörkum að meðaltali í vetur og vita það manna best að ef þeir vinna síðustu tvo leiki sína verða þeir Íslandsmeistarar í fyrsta sinn í níu ár.

HK tekur á móti Haukum í Digranesinu. HK-menn hafa unnið átta af níu útileikjum sínum á þessu tímabili en í allan vetur hefur liðinu gengið illa að klára heimaleikina enda hafa aðeins 44% stiga liðsins unnist í Digranesi.

Haukar unnu sannfærandi og langþráðan sigur á Stjörnunni í síðasta leik. Þetta var fyrsti sigur liðsins á árinu en Hafanarfjarðarliðið var búið að leika sjö leiki í röð án þess að ná sigri.

VEL TEKIÐ Á ÞVÍ Valsmenn geta orðið Íslandsmeistarar í dag. Hér sést Fannar Þór Friðgeirsson brjótast í gegnum Framvörnina í síðasta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Viggó Sigurðsson er greinilega búinn að kveikja upp í sjálfstraustinu í sínum strákum og liðið bjargar sér frá falli með einum sigri til viðbótar. Síðustu tveir leikirnir eru á móti toppliðunum tveimur og geta Haukamenn því haft mikil áhrif á hver verður Íslandsmeistari í ár.

HK-menn hafa hins vegar fyrir löngu sannað sig sem meira en spútniklið vetrarins og tveir sjö marka sigrar í síðustu tveimur leikjum hafa gefið sterk skilaboð um að þeir ætli að tryggja félaginu fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í handbolta.

Fylkismenn sækja Framara heim og verða að vinna því annars eru þeir fallnir. Fram hefur farið illa með Fylkismenn í vetur, vann þá meðal annars með 9 marka mun í síðasta leik liðanna og því er ljóst að verkefni Árbæjarliðsins er ekki af auðveldari gerðinni.

Lokaleikur umferðarinnar er uppgjör liðanna sem sigla lygnan sjó um miðja deild þegar Stjarnan tekur á móti Akureyri í Ásgarði. Allir leikirnir hefjast klukkan 16.00.

- óój

I music Sony Ericsson

Sony Ericsson W300i
Flottur Walkman® samlokusími
– og þú nýtur tónlistarinnar hvar sem er
Innbyggt 20 MB minni • 256 MB minniskort fylgir með
Stereo handfrjáls búnaður fylgir
Bluetooth • Flugstilling
Verð 19.900 kr.
Verð áður 24.900 kr.

MDS-60 hátalarastandur
Verð 6.980 kr.
Verð áður 8.980 kr.

Þú færð símann í vefversluninni á siminn.is
eða á næsta sölustað Símans.

Síminn

Tilboðin gilda til 15. apríl

BT

15,4"

Takmarkað VERÐA

- Core 2 Duo
- ATI Radeon X1400
- 160GB harður diskur
- 1 GB Minni
- Vista Premium

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-110103-001
FSC AMILO PI CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust skjákort
Microsoft Windows Vista Premium

119.999

40.000kr VERÐLÆKKUN

Alvöru Leikjaskjákort!

BT LÁN™

11.998*	6.621**	4.779***
12 mánaða	24 mánaða	36 mánaða

VIDEO FLAKKARI

ÓDÝRAST Í BT

Flakkari

PX1268E-1G40
TOSHIBA 400GB USB2.0

Einfalt að taka afrit!

14.899*

*Ef keypt með tölvu
Venjulegt verð 19.999

DRAUMASKJÁRINN 22"

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26361-K1155-V170
22"FSC SCALEOVIEW 5MS
22" Widescreen LCD skjár
DVI og D-Sub (VGA) tengi
1680 x 1050 upplausn
Innbyggðir hátalarar
16.7 milljón litir
Birta 300 cd/m2
Skerpa 700:1
5ms svartími

37.999

BT LÁN™

3.902*	2.199**
12 mánaða	24 mánaða

FLAKKARA VEISLA

LACIE

300728EK 250GB LaCie Porsche	12.999
300968E 320GB LaCie Porsche	15.999
301103E 500GB LaCie Porsche	19.999

TOSHIBA

PSL33E-02T026N5
TOSHIBA SATELLITE L30-106
Intel® Dual Core T2060
15,4" WXGA skjár
- 1.280 x 800 upplausn
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
60GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

15,4"

Takmarkað VERÐA

69.999

89.999

BT LÁN™

7.061*	3.924**	2.851***
12 mánaða	24 mánaða	36 mánaða

MEDION

6363IS
MEDION V10 M2 VISTA
Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)
nVidia GeForce 7300 SE - 256
160 GB 8MB 7200 rpm SATA
512 MB DDR2-RAM PC4300
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Windows Vista Basic
2 ára ábyrgð

Takmarkað VERÐA

49.999

69.999

BT LÁN™

6.087*	2.846**	2.079***
12 mánaða	24 mánaða	36 mánaða

* meðalgreiðsla sem miðast við 12 mánaða raðgreiðslusamning
** meðalgreiðsla sem miðast við 24 mánaða raðgreiðslusamning
*** meðalgreiðsla sem miðast við 36 mánaða raðgreiðslusamning

ÚRSLITIN Í GÆR

Enski bikarinn undanúrslit

WATFORD-MAN. UTD 1-4
0-1 Wayne Rooney (7.), 1-1 Hameur Bouazza (26.), 1-2 Cristiano Ronaldo (28.), 1-3 Rooney (66.), 1-4 Kieran Richardsson (82.).

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL-BOLTON 2-1
0-1 Nicolas Anelka (10.), 1-1 Tomáš Rosický (31.), 2-1 Cesc Fábregas (46.).

MAN. CITY-LIVERPOOL 0-0

MIDDLESBROUG-ASTON VILLA 1-3
1-0 Fabio Rochemback (13.), 1-1 Craig Gardner (45.), 1-2 Luke Moore (70.), 1-3 Stilian Petrov (77.).

PORTSMOUTH-NEWCASTLE 2-1
1-0 Benjamin Mwaruwari (7.), 2-0 Matthew Taylor (59.), 2-1 Emre Belözoglu (69.).

READING-FULHAM 1-0
1-0 Stephen Hunt (15.).

SHEFF. UTD-WEST HAM 30
1-0 Michael Tonge (39.), 2-0 Phil Jagielka (68.), 3-0 Jonathan Stead (78.)

STAÐAN

MAN. UTD	**32**	**25**	**3**	**4**	**75-23**	**78**
CHELSEA	32	23	6	3	56-19	75
LIVERPOOL	**33**	**18**	**7**	**8**	**50-22**	**61**
ARSENAL	33	17	8	8	54-30	59
BOLTON	**34**	**16**	**6**	**12**	**41-42**	**54**
EVERTON	33	13	12	8	44-29	51
PORTSM.	**34**	**13**	**10**	**11**	**43-38**	**49**
READING	34	14	6	14	45-41	48
TOTTENHAM	**32**	**14**	**6**	**12**	**44-45**	**48**
ASTON VLLA	34	9	15	10	36-39	42
NEWCASTLE	**34**	**11**	**8**	**15**	**37-43**	**41**
MAN. CITY	33	11	8	14	26-35	41
BLACKBURN	**32**	**12**	**4**	**16**	**38-47**	**40**
MIDDLESB.	33	10	9	14	37-42	39
FULHAM	**34**	**7**	**14**	**13**	**34-53**	**35**
WIGAN	33	9	7	17	32-49	34
SHEFF. UTD	**33**	**9**	**7**	**17**	**29-47**	**34**
CHARLTON	33	8	8	17	29-49	32
WEST HAM	**33**	**8**	**5**	**20**	**26-54**	**29**
WATFORD	33	4	11	18	24-53	23

DHL-deild kvenna

STJARNAN - FRAM 29-17
VALUR - AKUREYRI 33-23
GRÓTTA - HAUKAR 27-21

STAÐAN

STJARNAN	**23**	**20**	**1**	**2**	**724-466**	**41**
GRÓTTA	23	15	3	5	583-507	33
VALUR	**23**	**14**	**2**	**7**	**609-552**	**30**
HAUKAR	24	14	1	9	660-607	29
HK	**22**	**11**	**1**	**10**	**605-649**	**23**
FRAM	23	10	3	10	542-573	23
ÍBV	**23**	**8**	**2**	**13**	**566-613**	**18**
FH	22	2	2	18	492-641	6
AKUREYRI	**23**	**1**	**1**	**21**	**465-638**	**3**

Lengjubikar karla

ÍBV-KR 0-2
0-1 Óskar Örn Hauksson (45.), 0-2 Björgólfur Takefusa, víti (52.)

Frábær vika varð enn betri

Manchester United vann 4-1 sigur á Watford í enska bikarnum í gær og mætir annaðhvort Chelsea eða Blackburn sem spila í dag. Wayne Rooney átti stórleik.

FÓTBOLTI Enska knattspyrnuliðið Manchester United bætti enn einni skrautfjöðurinni í hatt sinn í vikunni með 4-1 sigri á Watford í undanúrslitum enska bikarsins í gær.

Fyrst vann liðið 7-1 stórsigur á Roma og komst áfram í undanúrslit Meistaradeildarinnar, þá samdi besti knattspyrnumaður heims, Cristiano Ronaldo, við félagið til ársins 2012 og loks er liðið komið á Wembley og á því enn möguleika á að endurtaka leikinn frá 1999 og vinna þrefalt.

Wayne Rooney skoraði tvívegis og þeir Cristiano Ronaldo og Kieran Richardson skoruðu eitt mark hvor en Watford-liðið náði að jafna leikinn í 1-1. Þetta verður 18. úrslitaleikur Manchesterliðsins í enska bikarnum en nú fer hann fram á hinum nýja Wembley-leikvangi, sem hefur verið í byggingu síðan 2000. United mætir þar annað hvort Chelsea eða Blackburn, en þau spila seinni undanúrslitaleikinn á Old Trafford í dag.

„Þetta var frábær leikur hjá liðinu og alveg í sama flokki og sigurleikurinn gegn Roma á þriðjudaginn. Ég er rosalega stoltur af mínu liði," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn en liðið er komið í áttunda bikarúrslitaleikinn undir hans stjórn.

TAKTAR Wayne Rooney skoraði tvö mörk gegn Watford og átti stórleik. NORDIC PHOTOS/GETTY

Wayne Rooney átti stórleik; skoraði tvö, lagði upp eitt og komst afar nálægt því að innsigla þrennuna og verða fyrsti maðurinn síðan 1958 til þess að skora þrennu í undanúrslitaleik ensku bikarkeppninnar.

„Wayne Rooney spilaði sinn besta leik á tímabilinu og var frábær," sagði Ferguson eftir leikinn og hann var einnig sáttur við Ronaldo. „Hann skoraði sitt 21. mark á tímabilinu og ef marka má formið sem hann er í á hann auðveldlega að geta skorað 25 mörk á tímabilinu," sagði kátur stjóri Manchester United.

Einu vonbrigðin við leikinn voru nárameiðsli Rio Ferdinand, sem gætu kostað hann einhverja leiki. Ferguson var þó bjartsýnn um að miðvörður hans yrði ekki lengi frá og gæti spilað alla stóru leikina sem bíða liðsins á næstunni.

ooj@frettabladid.is

STÓRKOSTLEGUR Nicola Karabatic skoraði 13 mörk í eins marks sigri Kiel í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýska bikarkeppnin:

Heimamenn óvænt úr leik

HANDBOLTI Það verða Kiel og Kronau/Östringen sem leika til úrslita í þýska bikarnum í handbolta í dag en í gær fóru fram undanúrslitaleikirnir.

Kronau/Östringen vann nokkuð óvæntan sigur á heimamönnum í Hamburg, 29-28 og Kiel vann nauman sigur á Flensburg, 34-33. Úrslitaleikurinn fer fram í hádeginu og verður sýndur beint á Sýn.

Tékkinn Mariusz Jurasik var hetja Kronau í dag þegar hann skoraði níu mörk og þar á meðal sigurmarkið gegn Hamburg. Kóreska stórskyttan Yoon skoraði sex mörk fyrir Hamburg, líkt og Torsten Jansen. Nicola Karabatic var besti maður vallarins þegar Kiel lagði Flensburg og skoraði alls þrettán mörk. - ójj

Sheff. Utd komst upp úr fallsæti eftir leiki gærdagsins í ensku úrvalsdeildinni:

West Ham aftur í vondum málum

FÓTBOLTI Sheffield United stöðvaði sigurgöngu West Ham með 3-0 sigri í leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni í gær.

Þetta var stærsti sigur Sheffield á tímabilinu og með honum komst liðið upp úr fallsæti en sendi Charlton niður í hóp þeirra þriggja neðstu.

West Ham var búið að vinna þrjá leiki í röð en tapið í gær þýðir að liðið er komið fimm stigum á eftir Sheffield sem situr í síðasta örugga sætinu. Liðið á eftir leiki á móti Chelsea, Everton, Bolton og Manchester United og sigur í gær var því nánast lífsnauðsynlegur.

Arsenal vann gríðarlega mikilvægan sigur á Bolton en lærisveinar Sam Allardyce voru farnir að nálgast Lundúnaliðið í baráttunni um fjórða sætið og þar með sæti í Meistaradeildinni. Nicolas Anelka kom Bolton yfir, Tomas Rosicky jafnaði og Cesc Fabregas skoraði sigurmarkið mikilvæga. Þetta var fyrsti sigur Arsenal í fimm leikjum.

„Þetta er stór sigur fyrir okkur því við hefðum verið í slæmri stöðu ef að við hefðum tapað þessum leik. Ég er ánægður með frammistöðu míns liðs og við sýndum styrkleika með því að koma til baka eftir að hafa lent undir," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leik. - ójj

DAUFUR Eggert Magnússon gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok. NORDIC PHOTOS/GETTY



EKKI MEÐ Kobe Bryant og félagar í LA Lakers hafa tapað sex af síðustu sjö leikjum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin í körfubolta:

Þrjú sæti laus

KÖRFUBOLTI Það eru aðeins þrjú sæti enn laus í úrslitakeppni NBA-deildarinnar sem hefst um næstu helgi. New Jersey Nets varð sjöunda liðið á austurströndinni til þess að tryggja sig inn og það er langlíklegast að Orlando næli í síðasta sætið.

Í vesturdeildinni stefnir í harða baráttu milli Kaliforníuliðanna þriggja, LA Lakers, LA Clippers og Golden State Warriors. Tvö sæti eru laus þannig að eitt þessara liða mun sitja eftir með sárt ennið. - ójj

Ragna Ingólfsdóttir, Íslandsmeistari í badminton:

Hélt að ég hefði slitið krossböndin

BADMINTON Íslandsmeistarinn í badminton, Ragna Ingólfsdóttir, varð að hætta keppni á opna hollenska meistaramótinu í Wateringen á föstudagskvöldið eftir að hún meiddist snemma í fyrstu lotu gegn Kristinu Ludikovu frá Tékklandi. Ragna hafði unnið frönsku stúlkuna Elisu Chanteur í 32 manna úrslitum.

„Það var svo sleipt gólfið þar sem við vorum að spila, ég steig vitlaust til hliðar og rann. Hnéð á mér fór út til hliðar og liðböndin losnuðu," segir Ragna um atvikið og bætir við: „Ég fór strax upp á spítala og hélt fyrst að ég hefði slitið krossböndin. Þetta var mjög mikið sjokk og mjög vont. Það er samt allt í lagi með krossböndin," segir Ragna fegin. Hún þarf samt að eyða miklum tíma hjá sjúkraþjálfara næstu daga og segir áfallið við að meiðast hafa verið mikið.

„Ég vona að þetta sé ekki alvarlegt. Það er ekkert slitið og ég er ekki mikið bólgin. Ég get alveg labbað. Ég verð bara að hvíla og þarf að sleppa næsta móti en vonandi kemst ég á mótið eftir það," sagði Ragna en hún átti að fara til Portúgals á miðvikudaginn til að keppa þar. Mótið sem hún stefnir á að ná er í Ísrael eftir tvær vikur.

Í 46. SÆTI Ragna Ingólfsdóttir er komin í 46. sæti á heimslistanum en meiðslin gætu spillt fyrir stöðu hennar á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ragna er komin upp í 46. sæti á heimslistanum en það er ljóst að séu þessi meiðsli alvarleg gætu þau stefnt Ólympíusætinu í hættu. Ragna er samt bjartsýn og ætlar sér að fara að keppa aftur sem fyrst.

- ójj

984 kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Norðlenska kryddaður lambahryggur

517 kr/kg. áður 739 kr/kg.
Goða lifrapylsa soðin

235 kr/kg. áður 336 kr/kg.
Goða blóðmör soðin

499 kr/pk.
Coke og Coke light - 2 ltr 4 í pakka

299 kr/pk.
Nettó borgarar m/ brauði 4 stk

994 kr/kg. áður 1.657kr/kg.
Goða grísaofnsteik m/tómat og basil

728 kr/kg. áður 1.214 kr/kg.
Borgarnes léttreyktur hunangsgrís

99 kr/kg.
Krakkaepli - 1 kg poki

139 kr/stk.
Provamel soyamjólk - Blá og rauð

149 kr/pk.
Doritos - Cool American og Nacho Cheese

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. apríl til 15. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

> MAX VON SYDOW

Líklegast einn besti og þekktasti kvikmyndaleikari Norðurlandanna. Max fæddist í Lundi í Svíþjóð árið 1929 og sló fyrst í gegn í myndum Ingmars Bergman, Smultronstället og ekki síst í Sjöunda innsiglinu sem er með betri myndum sem gerðar hafa verið á norrænu tungumáli. En Max á heldur betur fleiri slíkar myndir á takteinunum. Má þar til dæmis nefna Pelle sigursæla, Nybyggarna og Hamsun. Max hefur einnig leikið í fjöldamörgum stórmyndum úr Hollywood, svo sem Minority Report, Woody Allen myndinni Hannah and Her Sisters, The Exorcist, Conan the Barbarian, The Greatest Story Ever Told og svo má auðvitað ekki gleyma hinni agalegu Judge Dredd. Max von Sydow leikur í þýsku myndinni Niflungahringurinn í Sjónvarpinu í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL FÁ ENDALOK Á FRAMHALDSÞÆTTI

Sagan endalausa

Af hverju geta þættir ekki bara endað?

Þar sem ég sat við skjáinn í vikunni og fylgdist spennt með „lokaþætti" Prison Break á Stöð 2 áttaði ég mig á því að þetta væru ekki endalokin sem ég vonaðist eftir, eftir einhverja mánuði yrði ég að endurnýja kynni mín af Scofield og félögum í stað þess að leyfa þeim að lifa í minningunni.

Auðvitað tókst þeim Scofield-bræðrum, Michael og Lincoln, að koma sér í vandræði þegar allt ætlaði að ganga þeim í haginn. Þarna voru bræðurnir búnir að sigrast á vonda lögreglumanninum, komnir með fínan spíttbát sem þeir ætluðu að flýja á upp eitthvert fljót í Panama með fullan poka af peningum. Meira að segja búnir að endurheimta hina íðilfögru Söru Tancredi sem á undraverðan máta hafði uppi á ástmegi sínum eftir æsileg réttarhöld í Bandaríkjunum þar sem hún var sýknuð af öllum sakargiftum.

En óheppnin virðist elta Scofield-nafnið því auðvitað þurfti þrjóturinn Kim að mæta á svæðið með það að markmiði að skjóta annan hvorn bróðurinn. Að sjálfsögðu lauk þeirri rimmu með miklu drama þar sem ungrú Tancredi bjargaði ástmanni sínum með því að skjóta Kim í þann mund sem hin óbilgjarna lögregla Panama mætti á staðinn og handtók Michael, sem af riddaramennsku sinni játaði á sig morðið.

Allt endaði þetta á því að honum var varpað í ótrúlega ógeðfellt panamskt fangelsi þar sem engin sýnileg regla virðist ríkja heldur ráfa þar illa útleiknir og vöðvastæltir fangar um slímuga og dimma ganga og berja mann og annan.

Hvað gerist næst? Jú, auðvitað mun Scofield reyna að sleppa, enda heitir þátturinn „Prison Break".

EKKI MISSA AF

▶**14.50 Blackburn-Chealsea SÝN**

▶**20.10 Niflungahringurinn RÚV**

▶**20.40 Psych SKJÁREINN**

▶**21.30 24 STÖÐ 2**

▶**22.00 Someone Like You SIRKUS**

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar
08.01 Matti morgunn (9:26)
08.13 Hopp og hí Sessamí (48:52)
08.37 Friðþjófur forvitni (6:30)
09.00 Disneystundin
09.01 Alvöru dreki (5:19)
09.23 Suðandi stuð (10:21)
09.45 Tobbi tvisvar (50:52)
10.08 Allt um dýrin (21:25)
10.33 Jón Ólafs
11.10 Formúla 1
13.40 Spaugstofan
14.05 Maó (4:4)
15.05 Tónlist er lífið (7:9)
15.35 Hvað veistu? (Viden om)
16.05 Íslandsmótið í handbolta
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (28:30)
18.30 Hænsnakofinn (4:4)
18.38 Óli Alexander fílibomm bomm bomm (5:7)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Niflungahringurinn** (1:2) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
21.40 Helgarsportið
21.55 Skíðamót Íslands
22.20 Ljós í fjarska (Lichter)
00.05 Kastljós
00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 I Heart Huckabees
08.00 Radio (Útvarp)
10.00 Two Family House (Fjölskylduhúsið)
12.00 Cheaper By The Dozen 2 (Fullt hús af börnum 2)
14.00 Radio (Útvarp)
16.00 Two Family House
18.00 Cheaper By The Dozen 2
20.00 I Heart Huckabees (Ég hjarta Huckabees)
22.00 Timeline (Tímalína)
00.00 Edge of Madness (Brjálæði)
02.00 Cause of Death (Dánarorsök)
04.00 Timeline

STÖÐ 2

07.00 Myrkfælnu draugarnir
07.15 Addi Panda
07.20 Barney
07.45 Stubbarnir (Teletubbies)
08.10 Doddi litli og Eyrnastór
08.20 Kalli og Lóla
08.35 Könnuðurinn Dóra
09.00 Pocoyo
09.10 Grallararnir (Tiny Toons)
09.30 Ofurhundurinn
10.20 Stóri draumurinn
10.45 Ævintýri Jonna Quests
11.10 Sabrina - Unglingsnornin
11.35 W.I.T.C.H. (Galdrastelpurnar)
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils
14.00 Nágrannar
14.20 Nágrannar
14.40 Nágrannar
15.00 Nágrannar
15.25 Meistarinn
16.20 Freddie (8:22)
16.55 Unga kóngafólkið
17.40 Oprah
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.15 Kompás.
19.50 Sjálfstætt fólk (Helgi Tómasson)
20.45 Cold Case (13:24) (Óupplýst mál) Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum til þess.
▶**21.30 Twenty Four** (24) (13:24) Jack er enn í haldi rússneska ræðismannsins en má engan tíma missa því hryðjuverkamennirnir svífast einskis og eru tilbúnir að sprengja þriðja kjarnorkusprengjuna. Stranglega bönnuð börnum.
22.20 Numbers (Tölur) (23:24) Fuglaflensan finnst í Bandaríkjunum þegar lík asíska kvenna finnast í fjörunni.
23.05 60 mínútur (60 Minutes)
23.50 X-factor - leiðin að sigri
00.35 One Fine Day
02.20 The Five Senses
04.00 Megido: The Omega Code 2
05.45 Fréttir
06.30 Tónlistarmyndb. frá Popp TíVí

SIRKUS TV

16.50 Dirty Dancing
17.45 Trading Spouses (e) Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur.
18.30 Fréttir Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
19.00 KF Nörd (13.15) Þá er komið að því að sjá hvort líkamlegt ásigkomulag Nördanna hafi lagast við allar æfingarnar. Þeir verða mældir aftur frá hvirfli til ilja og spurning hvort uppskeran verði eins og til var sáð. Auk þess keppa Nördarnir við 3. flokk kvenna hjá Val og úr verður spennandi viðureign.
19.45 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e) Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
20.15 The Nine (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi þessa fólks svona mikið?
21.05 Dr. Vegas (e)
▶**22.00 Someone Like You** Rómantísk gamanmynd. Jane Goodale er ekki ánægð þegar kærastinn segir henni upp. En í stað þess að leggjast í þunglyndi ákveður Jane að kynna sér ítarlega hið rétta eðli karlmanna. „Rannsóknir" hennar taka hins vegar óvænta stefnu og brátt er hún álitin vera sérfræðingur í samskiptum kynjanna! Aðalhlutverk: Ashley Judd, Greg Kinnear, Hugh Jackman, Marisa Tomei.
23.35 Sirkus Rvk (e)
00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

10.30 Vörutorg
11.30 According to Jim (e)
12.00 Ungfrú Reykjavík (e)
13.30 Snocross (e)
14.00 High School Reunion (e)
15.00 Skólahreysti (e)
16.00 Britain's Next Top Model (e)
17.00 Innlit / útlit (e)
18.00 The O.C. (e)
18.55 Hack (e)
19.45 Top Gear (9:23) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.
▶**20.40 Psych** (10:15) Aðalsöguhetjan er ungur maður með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að upplýsa morðmál en neyðist til að ljúga því að hann sé skyggn svo lögreglan haldi ekki að hann sé viðriðinn málið. Í kjölfarið ákveður hann að opna einkaspæjarastofu ásamt félaga sínum og notar „náðargáfu" sína til að leysa hin flóknustu mál.
21.30 Boston Legal (15:22) Denny er handtekinn, Clarence fær sitt fyrsta mál í réttarsal og einn úr fyrirtækinu hættir.
22.30 Dexter (9:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Dexter fær óvæntar fréttir af andláti blóðföður síns, sem hann hélt að hefði dáið fyrir 30 árum.
23.20 C.S.I. (e)
00.10 Heroes (e)
01.10 Jericho (e)
02.00 Vörutorg

SKJÁR SPORT

11.45 Að leikslokum (e)
12.45 Liðið mitt (e)
13.50 Everton - Charlton (beint) Bein útsendingu frá leik Wigan og Tottenham á SkjáSporti 2 klukkan 12.30.
16.10 Wigan - Tottenham (frá í dag)
18.20 Inter - Palermo (beint)
20.30 Portsmouth - Newcastle (frá 14. apríl)
22.30 Inter - Palermo (frá í dag)

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.15

Kompás

Í Kompási í kvöld er fjallað um réttarstöðu innflytjenda á Íslandi og þá sérstaklega þegar kemur að landvistarleyfi fyrir þá. Sögð verður saga Tinnu og Yandi. Hún er íslensk og hann frá Kúbu. Þau kynntist á Kúbu, þar sem ástin tók völdin. En svo virðist hinsvegar sem íslenskar reglugerður geri ekki ráð fyrir ástinni. Að því hefur þetta unga ástfangna par komist eftir að þau fluttu nýverið til Íslands. Hann fékk fljótt vinnu og vinnur hörðum höndum tíu tíma vinnudag. En nú hefur hann misst atvinnuleyfið og veit ekki hvort hann fær það endurnýjað. Fái hann synjun á hann yfir höfði sér að vera vísað úr landi og þar með eru íslensk yfirvöld í raun að stía parinu í sundur. Kompás hefur um nokkurra mánaða skeið fylgst með þessari landamæralausu ástarsögu. Parið var heimsótt síðastliðið sumar til Kúbu og kynnin við þau eru endurnýjuð nú eftir að þau fluttu til Íslands. Þau segja farir sínar ekki alls ekki sléttar.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Top Gear

Skjár einn 19.45

Þátturinn í kvöld verður sérdeilis áhugaverður því stórt atriði í þættinum var tekið upp á Íslandi, nánar tiltekið á Jökulsárlóni. Þar tók einn þáttastjórnenda þátt í áhugaverðri keppni svo ekki sé meira sagt. Hann keyrir meðfram lóninu á sérsmíðuðum íslenskum jeppa og etur þar kappi við mótordrifinn kajak, ekki amalegt það.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.00 Fréttir
09.03 Tónlist Sólkonungsins
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bókmenntir eftirstríðsára
11.00 Guðsþjónusta í Lindasókn í Kópavogi
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Karlagæslan
13.50 Sunnudagskonsert
14.10 Söngvamál
15.00 Ljóðið, fegurðin og fleira
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Heim í hérað – og aftur til baka
17.00 Síðdegi skógarpúkanna
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Afsprengi
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Laufskálinn
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

06.50 Veitt með vinum (Minnivallalækur)
07.20 Spænski boltinn (Racing - Real Madrid)
09.00 FA Cup 2006 (Watford-Man. Utd)
10.40 Hnefaleikar (Nikolay Valuev - Ruslan Chagaev)
12.10 Þýski handboltinn Bein útsending frá úrslitaleik þýsku bikarkeppninnar í handknattleik sem fram fer í Hamborg en undanúrslitaleikirnir voru leiknir daginn áður.
13.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
14.20 FA Cup - Preview Show 2007
▶**14.50 FA Cup 2006** Bein útsending frá undanúrslitaleik Blackburn Rovers og Chelsea í ensku bikarkeppninni FA Cup.
16.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Barcelona og Mallorca.
18.50 Spænski boltinn (Valencia-Sevilla)
20.50 PGA Tour 2007 Bein útsending (Verizon Heritage)
23.50 Þýski handboltinn (e)
01.05 FA Cup 2006 (Blackburn-Chelsea)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.05 Fandango **6.30** Lille Nørd **7.00** SportsNørd **7.30** Øreflip **8.00** Danni **8.30** Hannah Montana **8.55** Bernard **9.00** Mission integration **9.30** Arbejdsliv - find et job! **10.00** TV Avisen **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SKUM TV **10.45** Flemmings Helte **11.00** SPAM **11.10** Gudstjeneste i DR Kirken **11.55** HåndboldSøndag: Slagelse DT - Györi ETO KC (k) **13.45** Hold masken **14.15** Gasolin Teaterkoncert **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Søren Ryge **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.10** Landsbyhospitalet **18.00** Forestillinger **19.00** 21 Søndag **19.40** SøndagsSporten **20.05** Cyklus - til døden jer skiller **20.35** Zatoichi - den blinde samurai **22.25** OBS **22.30** Møde med **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Anton - min hemmelige ven **6.00** Postmand Per

NRK 1

6.00 Kalle og Molo **6.25** Bravo Bibbi! **6.40** Disneytimen **7.35** Familien Pling **8.00** Månáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Dunder **8.45** Dykking på Galapagos **9.15** Ut i naturen: Magasin **9.45** Broene i Madison County **11.55** Troens røtter **12.25** Der fartøy flyte kan **12.55** Musikk på søndag **15.30** Åpen himmel **16.00** Pippi Langstrømpe **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.00** Helleristerne **18.55** Erin Brockovich **21.05** Kveldsnytt **21.25** Dok1: En ny virtuell virkelighet **22.15** Nytt på nytt **22.45** Ingen grunn til begeistring

SVT 1

6.00 BoliBompa **6.01** JoJos cirkus **6.25** Pingu **6.35** The boy **7.00** Manáid-tv **7.15** Disneydags **8.10** Evas funkarprogram **8.25** Grand Prix **10.15** Dragon X **10.45** Hos Jihde **11.25** Stina! **12.25** Kobra **12.55** Keith on the road **13.25** Wer küsst schon einen Leguan? **13.55** Världen **14.55** När gräsrötterna tar över **15.25** Skolfront **15.55** Anslagstavlan **16.00** Pippi Långstrump **16.30** Wild Kids **17.30** Rapport **18.00** Playa del Sol **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** Nya drömjobbet **20.40** Vetenskap - forskare mot alla odds **21.10** Rapport **21.20** Höök **22.20** Brottskod: Försvunnen **4.00** Gomorron Sverige

LÆRDÓMUR VIKUNNAR

„Lærdómur vikunnar var sá að tveir dauðadrukknir einstaklingar eyðilögðu 27 bíla í miðbænum í á fimmtudagsnóttina en voru gómaðir skömmu síðar af laganna vörðum. Kennir það manni ekki að allt er gott í hófi og maður skyldi ekki eyðileggja eigur annarra í ölæði?“

Álfrún Örnólfsdóttir, leikkona

HIN HLIÐIN EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR LEIKKONA

Launaseðillinn mestu vonbrigðin

Hvað er að frétta?
Allt það besta. Frumsýning á Hálsfesti Helenu í gær tókst svona glimrandi vel.
Augnlitur:
Grænn.
Starf:
Leikkona.
Fjölskylduhagir:
Þeir eru mjög góðir, bara.
Hvaðan ertu?
Úr Holtunum í Reykjavík.
Ertu hjátrúarfull?
Nei.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:
Krónikan, hún er nú hætt að vísu. Alias var líka minn þáttur, en annars horfi ég eiginlega aldrei á sjónvarp.
Uppáhaldsmatur:
Lamb.
Fallegasti staður:
Stykkishólmur og Snæfellsjökull.
iPod eða geislaspilari:
Alveg sama.
Hvað er skemmtilegast?
Maðurinn minn og börnin mín, stórfjölskyldan og vinirnir.
Hvað er leiðinlegast?
Þegar einhverjum af þeim líður illa.
Helsti veikleiki:
Ég held þeim leyndum fyrir lesendum. Þeir sem þekkja mig þekkja mína veikleika.
Helsti kostur:
Það er sama svar.
Helsta afrek:
Það er að hafa komið fjórum börnum í heiminn, og langleiðina til manns.
Mestu vonbrigðin:
Launaseðillinn um hver mánaðamót. 262 þúsund á mánuði fyrir skatt, eftir sautján ára starf og háskólamenntun eru vonbrigði.
Hver er draumurinn?
Að leiklistin verði betri og betri og að fólk geti lifað af launanum.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Ég er umkringd svo mörgu fyndnu fólki, ég get ekki gert upp á milli.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Ég sjálf þegar ég er pirruð.
Hvað er mikilvægast?
Að reyna að njóta lífsins frá degi til dags.

SIGGI EGGERTSSON: OPNAR FYRSTU EINKASÝNINGU SÍNA Í BARCELONA

Eiður Smári eitt myndefna

Hönnuðurinn og listamaðurinn Siggi Eggertsson opnar fyrstu einkasýningu sína í galleríinu Vallery Gallery í Barcelona í næstu viku. Myndefnin eru þrettán uppáhaldsíþróttamenn Sigga í gegnum tíðina og á Eiður Smári Guðjohnsen sér sess í þeim hópi.

„Ég veit ekki alveg hvers konar samband ég á við íþróttir, það er mjög undarlegt. Ég er ekki mikill íþróttamaður sjálfur en finnst íþróttir samt frábærar,“ sagði Siggi. Hann útskrifaðist úr grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands vorið 2006, en hluti af lokaverkefni hans var bútasaumsteppi með andliti körfuknattleiksmannsins víðfræga Michael Jordan. „Útskriftarverkefnið mitt var meira byggt á æskuminningum, sem verkin á sýningunni tengjast reyndar líka. Þetta eru uppáhaldsíþróttamennirnir mínir frá byrjun: sumir voru í uppáhaldi þegar ég var níu ára en aðrir eru í uppáhaldi í dag,“ sagði Siggi.

Eiður Smári er í góðum félagsskap nokkurra frægustu íþróttamanna seinni tíma. Á sýningunni má finna nöfn á borð við Michael Jordan, Staffan Olsson, David Beckham, Rudi Völler og Michael Schumacher. „Ég held ég hafi mjög grunnhygginn smekk á íþróttum, ég held alltaf með þeim besta.

ÍÞRÓTTASINNAÐUR Siggi Eggertsson segist hafa afar grunnhygginn smekk á íþróttum, en á einkasýningu hans eru myndir af uppáhaldsíþróttamönnum hans í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MYNDEFNI BOÐIÐ Á meðal verkanna er þessi andlitsmynd af Eiði Smára, og vonast Siggi til þess að fótboltamaðurinn verði viðstaddur opnunina í Barcelona. MYND/SIGGI EGGERTSSON

Ég hef bara aldrei náð hugmyndinni um að halda með þeim næstbesta, af hverju að halda með Liverpool þegar þú getur haldið með Manchester?“ sagði Siggi. „Ég komst líka að því þegar ég fór að vinna að þessari sýningu að ég held varla með liðum, ég fylgi frekar leikmönnum. Ef hann færir sig um lið geri ég það líka. Ég er einspilari,“ bætti hann við. Aðdáun sína á Eiði Smára segist Siggi ekki geta útskýrt til hlítar. „Mér finnst hann bara alveg ótrúlegur. Ætli það sé ekki eitthvað klisjukennt þjóðarstolt,“ sagði hann. Siggi vonast til þess að Eiður Smári verði viðstaddur opnunina á fimmtudaginn, enda er íþróttamaðurinn ekki langt undan. „Ég er búinn að reyna að hafa samband við hann og bjóða honum, og ég held að hann komi. Það væri mjög gaman, þar sem hann er nú partur af þessu,“ sagði Siggi.

Siggi flutti til London fyrr á árinu og vinnur nú frílansverkefni fyrir fyrirtæki um víðan völl. „Ég var að klára boli fyrir bandaríska fyrirtækið Stüssy og er að hanna allt fyrir Sequences-myndlistarhátíðina sem verður á Íslandi í október. Svo er ég að fara að hanna kanadískt tímarit, gera stuttermaboli fyrir franskt fyrirtæki og hef gert nokkur veggspjöld fyrir Coke í Bandaríkjunum,“ útskýrði Siggi.

Að fyrsta einkasýning hans sé í Barcelona segir Siggi einfaldlega vera vegna þess að aðstandendur Vallery hafi boðið honum að sýna. Flutningurinn sé hins vegar til kominn sökum leiða á Íslandi. „Ég er einhvern veginn alltaf að flýja, grasið er alltaf grænna hinum megin,“ sagði hann með þunga.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Páll Benediktsson, einn elsti og reyndasti fréttamaðurinn af fréttastofu Sjónvarpsins, liggur undir feldi þessa dagana og hugsar sinn gang en hugurinn virðist leita út fyrir Efstaleiti. Páll hefur þó lofað því að undirbúa kosningasjónvarp RÚV og stjórna því af alkunnri snilld en ætlar síðan að taka ákvörðun um framhaldið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Páll með þó nokkur járn í eldinum en gefur ekkert upp fyrr en feita konan syngur.

Katrín Rut Bessadóttir skrifta á Stöð tvö mun brátt birtast á skjánum að því er heimildir herma. Katrínu hefur verið boðið starf í þættinum Íslandi í dag sem er eins og kunnugt er undir stjórn **Steingríms Sævarrs Ólafssonar**. Katrín Rut er unnusta **Helga Seljan** sem fór fyrir ekki svo löngu frá Stöð tvö til Ríkissjónvarpsins og er nú einn liðsmanna Kastljóssins. Þau hjónaleysin munu því keppa um hylli landsmanna áður en langt um líður.

Og meira úr Efstaleitinu því **Bogi Ágústsson**, fyrrum forstöðumaður fréttasviðs RÚV, hefur ákveðið að endurnýja kynnin við sínar gömlu fréttir. En hann mun ætla að taka slaginn í erlendum fréttum undir stjórn hins röggsama og nýlitaða **Ingólfs Bjarna Sigfússonar**. Bogi hóf einmitt störf hjá fréttastofu Sjónvarpsins á sínum tíma í erlendu deildinni en hann mun síðan fá sinn eigin þátt þegar hausta tekur þar sem fréttum af heimsmálum verða gerð skil í sérstökum fréttaskýringaþætti. - sbt/fgg

American Preacher Trainer in Iceland for a Limited Time and Willing to teach Family Bible Studies in your home for free!

Jeffrey L. Shelton, a director of two Bible Colleges in Ukraine, founder of Cebu Bible College in Philippines, teacher in a Bible College in Belarus and Guatemala is coming to Iceland to help families make a guided do it yourself study through the scriptures. It is five lessons and when you are finished you will understand what's the point of the Bible; What is God´s overall message to man; What does God ask of man and why.
A Rare Opportunity!
To make an appointment please call 695-6851 or 534-6851



VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

Clapton í lax á Íslandi í sumar

Tónlistarmaðurinn Eric Clapton kemur til Íslands í sumar til veiða í Laxá á Ásum. Það er Árni Baldursson hjá Lax-á ehf. sem sér um komu Claptons eins og oft áður. „Jú, þetta er rétt. Eric Clapton kemur hingað í sumar og fer í sína venjulegu á,“ segir Árni í samtali við Fréttablaðið. „Hann verður í viku í ánni og ætlar að slaka á og hafa það huggulegt,“ segir Árni, sem vill ekki gefa upp hvenær í sumar Clapton er væntanlegur.

Eric Clapton hefur vanið komur sínar í Laxá á Ásum frá því um aldamótin. Að sögn Árna er hann glúrinn veiðimaður og hefur það fyrir reglu að sleppa flestum þeim löxum sem hann veiðir. „Hann sleppir svona 95 prósent. En hann tekur alltaf einn eða tvo í matinn og lætur grilla þá í húsinu. Hann borðar jú lax,“ segir Árni og hlær við.

Clapton er einn af þekktari tónlistarmönnum veraldar og auðugur eftir því. Þess vegna getur hann leyft sér munað sem fæstir veiðimenn í íslenskum ám þekkja, að hvíla ána í nokkra daga áður en hann byrjar veiðar. „Jú, það er rétt. Hann pantaði nokkra aukadaga í ánni til að hvíla hana. Hann vill hafa þetta ferskt og koma að ánni í góðu standi,“ segir Árni. - hdm

SÉR UM CLAPTON Árni Baldursson hjá Lax-á ehf. sér um komu Eric Clapton til landsins.

VEIÐIR Á ÍSLANDI Tónlistarmaðurinn Eric Clapton mætir í Laxá á Ásum í sumar.


DYNAMO REYKJAVÍK
Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Vetrargarðurinn Smáralind
Síðasti dagurinn í dag

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Meira pönk!

Ef ég segðist ekki endilega vilja hafa svefnherbergið mitt hvítt þætti mér óeðlilegt að fá viðbrögðin: „Heldurðu að dökkappelsínugult sé skárra, lúðinn þinn?“ Samt væru þau í stíl við pólitíska umræðu unglingsára minna. Ég er nefnilega kominn á fimmtugsaldur og ólst upp við að þjóðin væri klofin í afstöðunni til hersins. Ég var herstöðvarandstæðingur. Viðbrögðin við mínum málflutningi voru býsna gjarna: „Heldurðu að það væri betra að hafa Rússana hérna?“ Rétt eins og í leikriti alheimsstjórnmálanna væru aðeins tvö hlutverk, Rússadindilsins og Kanamellunnar, og Íslendingar þyrftu að hafa vit á að velja það illskárra, þetta með nælonsokkana og litasjónvarpið. Það væri enginn þriðji kostur.

SVO kom pönkið. Ég var afar ginkeyptur fyrir hugmyndafræði pönksins: „Fuck the system“. Eiginlega gekk hún bara út á að rústa kerfinu án þess að hafa einhverjar háleitar hugmyndir um hvað átti að koma í staðinn. Það eina sem pönkið boðaði var í raun rjúkandi rústir ríkjandi ástands. Það þýddi ekkert að segja við pönkara: „Heldurðu að eitthvað annað stýstem væri skárra?“ Þá væri hið nýja stýstem nefnilega strax orðið hið ríkjandi stýstem og þarafleiðandi kerfið sem pönkið vildi fokka.

ÉG hef leyft mér að gagnrýna kerfi. Ég hef bent á að hvert það stjórnkerfi sem neyði þegnana til örbirgðar, hvaða nafni sem það nefnist, sé brotlegt við mannréttindi, réttinn til mannlegrar reisnar og boðlegs lífs. Það gildir einu hvort maður býr við lýðræði, einræði, auðræði, guðræði, harðræði eða jafnvel gerræði ef maður fæðist til lamandi fátæktar sem engin leið er út úr. Ég hef nefnt borðleggjandi dæmi um að kapítalísk samfélög séu sums staðar sliguð af efnahagslegu og félagslegu óréttlæti. Þetta hafa sumir skilið sem svo að það sé mín skoðun að ríkisstyrktur landbúnaður, kommúnísk hagstjórn og gott ef ekki einokunarverslun líka sé það eina sem tryggt geti hagsæld alþýðunnar. Þetta finnst mér í stíl við að halda að þar sem mér finnst hvítt ljótt hljóti ég að vera að spá í dökkappelsínugult.

HVAÐ vil ég þá í staðinn? Ég er ekki viss, en rjúkandi rústir ríkjandi ástands yrðu strax framför.

www.icelandexpress.is

Veturinn er kominn!

Sala fargjalda fyrir næsta vetur hefst á morgun!

» Vetraráætlun Iceland Express liggur nú fyrir og hefst sala á fargjöldum fyrir næsta vetur **á morgun kl. 12:00**. Eðli málsins samkvæmt eru ódýrustu sætin seld fyrst og er því um að gera að smella sér inn á www.icelandexpress.is, um leið og sala hefst. Tryggðu þér lægsta fargjald til Alicante, Berlínar, Billund, Friedrichshafen, Kaupmannahafnar og London næsta vetur.

Fyrstir bóka, fyrstir fá! Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.** Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: **50%** Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Fíton/SÍA

Iceland Express

Í SÝNINGARSAL HTH Í DAG FRÁ KL. 13–17
(2. hæð Lágmúla 8)

Eigir þú þér draum um nýtt eldhús ættir þú að líta inn í sýningarsal HTH í Lágmúla 8 og hefja þann draum í nýjar hæðir. Til okkar má sækja endalausan innblástur – nútímalegt útlit í bland við sígildan HTH-stílinn og fjöldann allan af fallegum hlutum sem eiga heima í draumaeldhúsinu þínu.
Úrval okkar er í stöðugri endurnýjun svo þú kemst alltaf í snertingu við nýjustu strauma í eldhúshönnun með því að heimsækja okkur. Kíktu inn!

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is